


Valsblaðið



55. árgangur 2003



Oft þarf bara
einn hlut til að
gera lífið auðveldara

Sportklúbbur Landsbankans fyrir alla hressa krakka

Það er skynsamlegt að passa vel upp á peningana sína. Í Sportklúbbi Landsbankans er það líka skemmtilegt. Þegar þú gengur í klúbbinn færðu flott hraðbankakort, ýmis góð tilboð og afslætti auk gjafa þegar þú leggur inn á reikninginn. Þannig verður mjög gaman að spara fyrir því sem þig langar í, t.d. tölvu, hjóli eða línuskautum. Og þannig verður lífið auðveldara.

Landsbankinn styður
unglingastarf Vals



Landsbankinn



Hópbílar hf. - Steindóra Bergþórsdóttir



HÓPBÍLAR

www.hopbilar.is sími 599 6000

Það er ekki flóknara en það

Jólahugvekja sóknarprests



Sr. Tómas Sveinsson.

Hann er falletgur Valsbúningurinn. Það er mjög skiljanlegt, að hver sem klæðist búningnum fyrsta sinni fyllist stolti og finni til sín, komin(n) í hóp vaskra drengja og stúlkna, um leið og hægt er að samsama sig hetjunni sinni eða þeim sem maður vill taka sér til fyrirmyndar. Enn eykst stoltið þegar út í keppni er komið, og verja skal heiður liðs og félags, þá þarf að standa sig, leggja allt af mörkum til að halda uppi orðstír félagsins. Liðið þarf að vinna sem ein heild, hver styður annan, verði einhverjum á mistök, hjálpast allir við að bæta þau upp og reyna að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Þetta eru heilbrigð viðhorf.

Hvítur litur búningsins getur merkt hreinleika og rauður eldinn, kraftinn. Það þarf mikinn kraft jafnvel sprengikraft til þess að sigra í keppni, undanfari þess eru þrotlausar, líkamlegar og andlegar æfingar og þjálfun sem stunduð hefur verið af kappi og samvirkusemi með það markmið jafnan fyrir augum að vinna sigur þegar út í leik er komið. Hreinleikinn minnr okkur hins vegar á heiðarleika, að kunna, og fara eftir reglum leiksins, virða samherja og andstæðinga og koma fram við þá eins og þú vilt að þeir komi fram við þig. Kapp er best með forsjá. Fegurð leiks finnst mér felast í vel útfærðum og skipulögðum leik, þar sem tækni og hæfni, þjálfun og úthald, gefa einstaklingnum tækifæri til að njóta sín og sýna frumkvæði, sem best nýtist, þegar hjörtun slá í takt, og allir þekkja sitt hlutverk inni á vellinum til hlítar og

eru ákveðnir í að gera sitt besta.

Þegar illa gengur finnst mér lítil huggun í því að heyra þessi orð „það gengur bara betur næst.“ Það er svo margt undanskilið, það gengur ekki betur nema gífurleg vinna verði lögð í að greina hvað fór úrskeiðis, hvað þarf að bæta og á hverju var verið að klikka. Þá er hægt að gera áætlun um þjálfun, æfingu og samhæfingu, þ.e.a.s. vinna úr málunum.

Stærsti þáttur lífs okkar eru mannleg samskipti hvort sem um er að ræða í leik, starfi eða fjölskyldu. Ég held að auðna okkar í lífinu sé komin undir því, hvernig okkur reiðir af í þeim samskiptum. Þetta atriði vegur þyngra á hamingjuvöginni en öll velgengni og sigrar, hvers eðlis svo sem þeir eru. Hamingja er ekki að mínu viti sama og stöðug vellíðan, áhyggjuleysi, fullnæging eigin þarfa og frami. Hamingja finnst mér vera að eiga góða að í gleði og sorg, í meðlæti og mótlæti, vegna þess að hvort tveggja mætir okkur í lífinu. Mikilvægasti auður lífsins er vinátta og kærleikur, sem birtist í umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Vinátta og kærleikur eru heilög svið, inn á þau svið má maður ekki ganga á skítugum skónum, það er stundum ekki vinnandi vegur að bæta þau tengsl milli fólks, sem rofnað hafa vegna ósæmilegrar eða vondrar framkomu og því er mikilvægt að varðveita bönd kærleika og vináttu og hafa í heiðri gullnu regluna: *Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður það skuluð þér og þeim gjöra.* Mér finnst þetta orðalag

drottins okkar Jesú Krists svo mikilvægt, vegna þess að hann gerir ráð fyrir að við gerum eitthvað í málunum, látum ekki skeika að sköpuðu. Verum fús að fyrirgefa, en fyrirgefning er mikil og djúptæk vinna. Þegar við fyrirgefum einhverjum af heilum hug, þá þýðir það að allt verður eins og áður var, sambandið jafn sterkt og hið sama.

Það líður að jólum, þessari miklu hátíð kristinna manna, fæðingarhátíð frelsarans. Margir leggja mikið á sig til þess að mynda sem fegurstan ramma utan um þessa hátíð. Fegurð og hátíð eiga vel saman, því að fegurðin undirstrikar helgina og er eins og rammi utan um hana. Við sköpum ekki helgi, en við getum búið okkur undir komu hennar, hún kemur til okkar jafnvel óvænt og á þeim stöðum og stundum, sem við búumst ekki við henni. Margir eiga sér þá dýrmætu minningu, að jólahelgin gangi í garð klukkan sex á aðfangadag eða á öðrum tíma eftir aðstæðum. Njótum þessara stunda saman, umgöngumst hvert annað og umhverfi okkar af virðingu og nærgætni svo að helgin megi búa í hjörtum okkar öll jólin, já og um langa framtíð.

Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsælt komandi ár.

*Áfram Valur.
Tómas Sveinsson,
sóknarprestur í Háteigsprestakalli*

www.valur.is

Valsmenn, léttir í lund

*Valsmenn, léttir í lund
leikum á sérhverri stund.
Kætin kringum oss er
hvergi er fjörugra en hér.
Lífið er okkur svo kunnugt og kært,
kringum oss gleði nú hlær.
Látum nú hljóma í söngvanna sal
sveinar og meyar í Val.*

*Já, Valmenn, við sýnum og sönnum
söguna gömlu þá,
að við séum menn með mönnum
sem markinu skulu ná.*

Valmenn, léttir í lund....(lagið endurtekið)

Vængjum þöndum

*Lag: Stefán Hilmarsson
& Friðrik Sturluson
Texti: Stefán Hilmarsson*

*Í gegnum tíðina traustir menn
á tímamótum við stöndum enn
með viljann að vopni lið
viðhalda fornum sið*

*Sem Gunnar forðum við höfum hér
að Hlíðarenda vort höfuðver
við eflumst við hverja þraut
við sérhvern keppinaut*

*Valur nú vængjum þöndum
við gefum engin gríð
Valur nú styrkir stöndum
og stefnum uppá við*

*Sýnum nú megin og okkar mátt
og markið setjum að venju hátt
já tryggjum nú sigurinn
til móts titilinn*

*Valur nú vængjum þöndum
við gefum engin gríð
Valur nú styrkir stöndum
og stefnum áfram*

*Valur nú vængjum þöndum
við gefum engin gríð
Valur nú styrkir stöndum
og stefnum uppá við*



Meðal efnis:

- 4 Hugvekja sóknarprests
- 13 Ólafur Stefánsson
Íþróttamaður ársins 2002
sýnir á sér nýjar hliðar og ræðir
andlega þætti í íþróttajálfun.
- 25 www.valur.is
Árni Gunnar Ragnarsson
vefstjóri Vals greinir frá þróun
heimasíðunnar og helstu
nýjungum.
- 33 Nýr íþróttafulltrúi Vals
Þórður Jensson segir frá
starfi sínu sem íþróttafulltrúi.
- 36 Hver er Valsmaðurinn?
Ólafur Már Sigurðsson
vill enga meðalmennsku hjá Val
og vill sjá uppbyggingu yngri
flokka.
- 66 Ný íþróttanámskrá Vals
Sveinn Stefánsson framkvæmda-
stjóri greinir frá því sem er
efst á baugi hjá félaginu.
- 49 Valsfjölskyldan
Svanur M. Gestsson og synir
eru ákafir stuðningsmenn Vals.
- 59 Kvennakktsþyrna
Íris Andrésdóttir fyrirliði
meistaraflokks Vals segir liðið
til alls líklegt á næstu árum.
- 44 Vallarsaga Vals
Fyrsti hluti vallarsögu Vals.
- 69 Heima á Hlíðarenda
Freyr Brynjarsson handbolta-
kappi býr á Hlíðarenda og
stefnir hátt í vetur með félaginu.

Valsblaðið • 55. árgangur 2003

Útgefandi: Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við Laufásveg, sími 551 2187 og 551 1134, fax 562 37 34, www.valur.is

Ritstjóri: Guðni Olgeirsson

Ritnefnd: Þorgrímur Þráinsson, Guðni Olgeirsson, Grímur Sæmundsen og Sveinn Stefánsson.

Auglýsingar: Sveinn Stefánsson

Ljósmyndir: Finnur Kári Guðnason, Guðni Olgeirsson, Sveinn Stefánsson, Sigurjón Ragnar o.fl.

Umbrot, prentun og bókkband: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Spennandi uppbyggingartímar

Ársskýrsla aðalstjórnar 2002



Grímur Sæmundsen formaður Knattspyrnufélagsins Vals flytur ávarp 11. maí 2003 við brjóstmyndina af séra Friðriki Fiðrikssyni.

Starfsár stjórnar 2002 – 2003 var óvenju stutt þar sem aðalfundur félagsins árið 2002 frestaðist fram í lok október vegna samningaviðræðna Vals og Reykjavíkurborgar fyrir á árinu.

Á þeim fundi gekk m.a. Reynir Vignir, formaður félagsins sl. 8 ár, úr stjórninni og voru honum þökkuð frábær störf fyrir Val. Reynir var kvaddur með viðhöfn á gamlársgang og er þeim viðburði gerð betri skil á öðrum stað í Valsblaðinu.

Aðalfundur ársins 2003 var síðan haldinn þann 29. apríl sl. Ingólfur Friðjónsson, ritari gekk þá úr stjórn og voru honum þökkuð heilladrjúg störf og stuðningur við Val í langan tíma. Árni Magnússon, fv. skólastjóri Hlíðaskóla, tók sæti í stjórninni í hans stað. Vænta

menn mikils af reynslu Árna til stuðnings og leiðbeiningar við útbreiðslustarf félagsins. Annars var stjórnin þannig skipuð:

Grímur Sæmundsen, *formaður*
Hörður Gunnarsson, *varaformaður*
Svali Björgvinsson, *ritari*
Hans Herbertsson, *gjaldkeri*
Árni Magnússon, *meðstjórnandi*
Karl Axelsson, *meðstjórnandi*
Jón S. Helgason, *formaður knattspyrnudeildar*
Haraldur Daði Ragnarsson, *formaður handknattleiksdeildar*
Guðmundur Guðjónsson, *formaður körfuknattleiksdeildar*

Um síðustu áramót hætti Baldur Þ. Bjarnason, húsvörður störfum vegna aldurs eftir 14 ára starf að Hlíðarenda. Voru honum þökkuð vel unnin störf með veglegum hætti í tengslum við undanúrslitaleik karlaliðs félagsins við Aftureldingu í bikarkeppni HSÍ þann 12. febrúar síðastliðinn.

Svanur Gestsson, sem er mörgum Valsmönnum að góðu kunnur, hefur verið ráðinn til húsvörslu og umsjónarstarfa að Hlíðarenda og er hann boðinn velkominn til starfa. Vinnur hann þar við hlið Elínar Elísabetar Baldursdóttur, sem hefur áunnið sér traust og vinsældir Valsmanna fyrir ljúfa framkomu og dugnað, og Sverris Traustasonar, sem enn leggur gjörva hönd að verki á Hlíðarenda í

hlutastarfi þrátt fyrir háan aldur. Brynja Hilmarsdóttir hefur sinnt skrifstofustjórn sem fyrr og Sveinn Stefánsson stendur í brúnni sem framkvæmdastjóri eins og áður.

Nýr íþróttafulltrúi

Stjórn Vals hefur lengi staðið í viðræðum við Íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkurborgar um stuðning ÍTR við ráðningu íþróttafulltrúa til félagsins. Hvorki hefur gengið né rekið m.a. vegna þess að vant að hefur íþróttanámskrá fyrir Val. Stjórnin tók ákvörðun um að bíða ekki lengur eftir því að úr málum rættist og réð þann 1. ágúst sl. Þórð Jenson, íþróttakennara, til starfa sem íþróttafulltrúa félagsins. Þórður er einnig með menntun í markaðsmálum.

Íþróttafulltrúinn á að skipuleggja og hafa umsjón með útbreiðslustarfi Vals á starfssvæði félagsins og sérstaklega að efla samstarf félagsins við skóla á starfssvæðinu, þ.e. Háteigsskóla, Ísaksskóla, Hlíðaskóla og Austurbæjarskóla, en þeir tveir síðasttöldu eru með stærstu skólum í Reykjavík.

Þá á íþróttafulltrúinn að styðja og efla barna- og unglíngastarf í félaginu með nánú samstarfi við þjálfara og barna- og unglíngaráð hverrar greinar.

Síðast en ekki síst á íþróttafulltrúinn að sjá til þess að íþróttanámskrá verði lokið og að félagið verði gjaldgengt til styrkja frá ÍTR eins og önnur íþróttafélög í Reykjavík. Væntir stjórnin mikils af störfum Þórðar.

Vert er að geta þess að stjórn Valsmanna hf tók ákvörðun um að styðja Val



Mynd af Sigurði Ólafssyni heiðursfélaga í Val afhjúpuð 11. maí 2003 með aðstoð Antons Rúnarssonar, fulltrúa yngri kynslóðarinnar í Val.

með því að standa straum af hluta launa- greiðslna vegna íþróttafulltrúa á þessu ári. Er þetta ekki í fyrsta skipti sem Valsmenn hf styðja félagið fjárhagslega og er skemmst að minnast sannings félagsins og Valsmanna hf vegna auglýsingaskiltis við Bústaðaveg, sem er félaginu mikil búþót. Markmið stofnenda Valsmanna hf að gera félagið að öflugum bakhjarli Knattspyrnufélagsins Vals hefur vissulega gengið eftir.

Valsmenn heiðraðir

Stjórn Vals ákvað að heiðra Guðna Bergsson eftir heimkomu hans eftir farsælan atvinnuknattspyrnumannsférl í Englandi, en Guðni hefur verið duglegur við að halda merki Vals á lofti við öll tækifæri og sýnt félaginu ræktarsemi

sanns Valsmanns. Var haldin samkoma í hátíðarsal félagsins þann 29. ágúst sl. Þar var Guðni sæmdur gullmerki Vals og gerður að sendiherra félagsins í kynningar- og útbreiðslustarfi samkvæmt sérstöku embættisbréfi. Var þessi skemmtilega nýbreytni endurtekin á herrakvöldi Vals þann 7. nóvember sl. en þá var Geir Sveinsson einnig skipaður sendiherra Vals.

Þeir félagar hafa að sjálfsögðu tekið hið nýja embætti alvarlega og hafa mætt í skólana nú í haust með Þórði íþróttafulltrúa til að dreifa nýjum bæklingi þar sem barna- og unglíngastarf Vals var kynnt fyrir krökkunum.

Stjórn Vals ákvað í upphafi þessa árs með hvatningu og fjárhagslegum stuðningi frá fyrrverandi formönnum og varaformönnum Vals að heiðra Sigurð Ólafsson með því að láta gera málverk af honum til varðveislu í hátíðarsal félagsins. Sigurði fannst af sinni alkunnu hógværd og lítillæti þetta vera óþarfa umstang en lét þó til leiðast að samþykkja þetta. Var málverkið afhjúpað með viðhöfn á afmælisdegi Vals þann 11. maí sl.

Samstarf og viðræður við Reykjavíkurborg

Mjög mikill tími hefur farið í áframhaldandi viðræður við Reykjavíkurborg á þessu ári. Eins og menn muna var gerður rammasamningur við Reykjavíkurborg um uppbyggingu á Hlíðarenda þann 11. maí 2002. Í þeim samningi var kveðið á um að gerður yrði sérstakur framkvæmdasamningur (viðauki), sem kvæði á um nánari útfærslu (útlit og stærð



Sigurður Ólafsson við myndina af sér. Einnig sést mynd af Albert Guðmundssyni.

ÍÞRÓTTIRNAR ERU Á SÝN

ENSKI BOLTINN

SPÆNSKI BOLTINN

BOLTINN MEÐ GUÐNA BERGS

LANDSBANKAEILDIN

MEISTARAEILD EVRÓPU

EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA

MEISTARAEILDIN Í HANDBOLTA

HEIMSBIKARMÓTIÐ Á SKÍÐUM

NFL

INTERSPORT DEILDIN

NBA

BOX

US OPEN

US PGA

US MASTERS

PRESIDENT'S CUP

TOYOTA MÓTARÖÐIN

OLÍSSPORT



– *besta sætið*

Fáðu þér áskrift: 515 6100 · Skífan · syn.is



Arnór í besta sætinu sínu



Baldur Þ. Bjarnason húsvörður hætti störfum í árslok 2002 en hann hafði árum saman sinnt störfum sínum af alíð og samviskusemi.

bygginga), tímasetningar og fjármögnun framkvæmda. Var kveðið á um að gerð þessa viðauka yrði lokið fyrir síðustu áramót.

Stjórn Vals skipaði í nóvember 2002 ráðgjafanefnd sérfróðra aðila um tæknilega útfærslu uppbyggingar á Hlíðarenda. Í nefndinni sátu verkfræðingar, arkitektar, tæknifræðingur og íþróttakennari. Var Sigurður Lárus Hólm skipaður formaður, en í nefndina með honum völdust Torfi Magnússon, Hrólfur Jónsson, Guðmundur Þorbjörnsson, Úlfar Másson og Kristján Ásgeirsson.

Fyrsta verk þessarar nefndar var að gera þarfagreiningu og forsögn að þeim mannvirkjum sem reisa ætti að Hlíðarenda og samþættingu þeirra við núverandi mannvirki. Vann nefndin frábært verk í þessu efni, sem skilað var í skýrslu í byrjun febrúar sl. og hefur hún verið notuð af samningsaðilum sem viðmiðun um hvernig staðið yrði að uppbyggingu á Hlíðarenda. Þá gerði þarfagreiningarnefndin, eins og hún er jafnan kölluð, framkvæmdaáætlun, sem byggði á fyrrgreindri skýrslu, sem tók mið af því að raska sem minnst daglegu starfi á Hlíðarenda á framkvæmdatíma og tryggja öryggi iðkenda. Þessi framkvæmdaáætlun hefur einnig nýst viðraðunefnd Vals vel í áframhaldandi samningum við Reykjavíkurborg.

Því miður hefur vinna við frágang fyrrgreinds viðaukasamnings tafist af ýmsum orsökum, m.a. vegna þess að deiliskipulag fyrir Hlíðarendareit, sem var forsenda fyrir frekari útfærslu ramma-samningsins



Elín Elísabet Baldursdóttir og Sverrir Traustason standa vaktina í Valsheimilinu.

frá maí 2002, var ekki endanlega samþykkt fyrir en 15. júlí sl.

Hefur viðraðunefndin, sem í sátu sem fyrr, Grímur Sæmundsen, Hörður Gunnarsson og Reynir Vignir átt fjölda funda með embættismannanefnd borgarinnar til að þoka málum áleiðis. Einnig hefur verið fundað með nýjum borgarstjóra, Þórólfi Árnasyni.

Þá hefur verið fundað með skólamála-yfirvöldum, þ.m.t. menntamálaráðherra o.fl. til að kanna möguleika á rekstrarlegu samstarfi m.t.t. nýtingar hinna nýju mannvirkja.

Síðast en ekki síst hefur verið fundað með öllum helstu verktökum landsins, fasteignasölum o.fl. sem hafa sýnt nýjum uppbyggingarreit fyrir atvinnu- og íbúðarhúsnæði í eigu félagsins mikinn áhuga.

Tillaga að viðaukasamningi Vals og

Reykjavíkurborgar var kynnt í borgarráði þann 4. nóvember sl. og standa vonir til þess að samningsaðilar skrifi undir viðaukann fyrir áramót.

Hefðbundið starf


Haldið hefur verið áfram starfi fyrri stjórnar um festu í rekstri félagsins. Á yfirstandandi ári hefur félagið verið rekið í samræmi við nákvæma rekstraráætlun og gerð hafa verið rekstraruppgjör í lok hvers mánaðar og þau borin saman við rekstraráætlun líkt og þekktist í fyrirtækjarekstri. Hafa rekstrarmarkmið um að félagið sé rekið réttu megin við strikið, eins og kallað er, gengið eftir. Þá er fjárreiðunefnd starfandi sem fyrr, en engar heimildir eru til að skuldbinda félagið nema með samþykki þeirrar nefndar.



Aðalstjórn Vals 2003 – 2004 á fundi að Hlíðarenda. Efri röð frá vinstri: Hans Herbertsson og Grímur Sæmundsen formaður. Fremri röð frá vinstri: Karl Axelsson, Árni Magnússon, Guðmundur Guðjónsson, Hörður Gunnarsson og Haraldur Daði Ragnarsson. Á myndina vantar Börk Edvardsson og Svala Björgvinsson.



Valsmenn!



Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár

Þökkum samstarfið á árinu

Við erum BANKINN í hverfinu YKKAR!



BÚNAÐARBANKINN

Austurbæjarútibú v/Hlemm

Laugavegi 120 - 155 Reykjavík - s.525 6400 - www.bi.is



Að venju var íþróttamaður Vals valinn á gamlársdag. Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði m.fl. í knattspyrnu fékk heiðurs-títillinn íþróttamaður Vals árið 2002.

Þorablotið var illa sótt að venju. Hefur stjórn félagsins ákveðið að gera eina tilraun enn til að halda þorablot, sem yrði þá veglegt og hefur Óttar Felix Hauksson, athafnamaður, verið skipaður formaður þorablotsnefndar. Ef Óttar getur ekki búið til gott stuð þá getur það enginn.

Sumarbúðir í borg gengu mjög vel að þessu sinni. Valsmenn voru fyrstir íþróttafélaga í Reykjavík til að bjóða borgarbúum þessa hjónustu og hafa ávallt haldið sínum sess. Var góð rekstrarafkoma af sumarbúðunum í ár auk þess sem þær eru sterkur liður í útbreiðslustarfi félagsins. Það hafa margir góðir Valsmenn tekið sín fyrstu skref á Hlíðarenda í sumarbúðunum.

Herrakvöld Vals

Herrakvöld Vals var á sínum stað fyrsta föstudag í nóvember. Guðni Bergsson var veislustjóri og Þórólfur Árnason, borgarstjóri var heiðursgestur og ræðumaður kvöldsins. Þátttaka var vel á þriðja hundrað manns. Mjög vel tókst til rekstrarlega og var afrakstur af kvöldinu meiri en nokkru sinni fyrr.

Ómar Sigurðsson hefur haft umsjón með herrakvöldinu mörg undanfarin ár en hefur nú dregið sig í hlé tímabundið (!) og voru honum þökkud fráber störf við upphaf dagskrár kvöldsins.

Valsblaðið

Valsblaðið er væntanlegt um jólin samkvæmt hefð en nú undir stjórn nýs ritstjóra Guðna Olgeirssonar. Þorgrímur Þráinsson hefur verið ritstjóri blaðsins mörg undanfarin ár, en gat ekki sinnt því að þessu sinni vegna anna, en Þorgrímur er þó áfram formaður ritnefndar. Þorgrímur hefur unnið ómetanlegt starf við að halda utan um þá mögnuðu heimildaskrá sem Valsblaðið er um líf og starf í Val að Hlíðarenda. Allir Valsmenn þakka Þorgrími þessi fráberu störf. Guðni er ekki öfundsverður af því að fara í (takka)skóna hans Þorgríms í ritstjórastarfinu, en Guðna fylgja að sjálfsögðu góðar óskir. Valsblaðið er eitt af fjöreggjum Vals, sem leggja verður kapp á að varðveita sem best.



Gerður Guðnadóttir við hlið upplýsingaskiltisins að Hlíðarenda en þar má finna ýmsan fróðleik um félagið.

Lokaorð

Í upphafi árs var skipuð nefnd til að koma fram með tillögur um stefnumótun Vals til næstu ára: Knattspyrnufélagið Valur á aldarafmæli félagsins árið 2011. Voru valdir nokkrir valinkunnir athafnamenn í nefndina. Því miður hefur starfi nefndarinnar seinkað vegna anna nefndarmanna.

Að mati stjórnar félagsins er þetta gríðarlega mikilvægt starf, sem vanda þarf til og er við hæfi að verði tekið föstum tókum nú, þegar félagið horfir til nýrrar framtíðar skuldlaust með uppbyggingu glæsilegrar starfsaðstöðu framundan. Verður þráðurinn nú tekinn upp í ljósi þess að framkvæmdasamningur við Reykjavíkurborg er að komast í höfn. Það er mjög mikilvægt að skilgreina hlutverk Vals í samfélaginu, setja félaginu markmið í öllu starfi sínu og ákveða stefnu til að ná þessum markmiðum.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu er ótrúlega mikill fjöldi hæfra einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að vera Valsmenn. Þessir einstaklingar eru margir hverjir að leggja á sig mikið og óeiginlegt starf fyrir félagið og það skal þakkað. En við Valsmenn vitum að við verðum að leggja enn meira á okkur til að verða aftur bestir – árangurslega og félagslega.

Knattspyrnufélagið Valur á mikla hefð sem eitt mesta afreksfélag Íslands í knattgreinum. Þessa hefð verður að rækta.

Allir Valsmenn eru hvattir til að leggja félaginu áfram allt það lið sem þeir mega.

Bestu óskir um gleðileg jól með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Grímur Sæmundsen formaður



Valsmáðurinn Guðni Bergsson var gerður að sérstökum sendiherra Vals í hófi sem aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals hélt honum til heiðurs síðla sumars, eftir glæsilegan atvinnuferil með Bolton og Tottenham. Grímur Sæmundsen formaður Vals (t.h.) afhenti Guðna viðurkenningsarkjalið auk þess sem árituð Bolton treyja var afhent félaginu við sama tækifæri. Elín Konráðsdóttir, eiginkona Guðna, og Bergur sonur þeirra eru enn fremur á myndinni.

Reynir Vignir farsæll formaður aðalstjórnar lætur af störfum



Reynir Vignir tekur á móti viðurkenningu frá Val fyrir vel unnin störf. Hörður Gunnarsson, varaformaður Vals og samstarfsmaður Reynis í aðalstjórn mörg undanfarin ár afhenti viðurkenninguna sem er málverk af Hlíðarenda og núverandi mannvirkjum og meira að segja glittir í vinnustað Reynis hjá PWC á myndinni. Á myndinni er einnig Grímur Sæmundsen formaður Vals sem flutti ávarp.

Á gamlársdag 2002 fékk Reynir Vignir viðurkenningu fyrir vel unnin störf að félagsmálum hjá Val, en hann var samfelld formaður aðalstjórnar Vals í 8 ár og samtals 10 ár í forystusveit félagsins. Grímur Sæmundsen formaður Vals sagði m.a. við það tækifæri.

Ágætu Valsmenn, góðir gestir

Eins og ykkur öllum er kunnugt lét Reynir Vignir af störfum sem formaður Vals á aðalfundi félagsins í október sl. Hafði hann þá verið formaður aðalstjórnar Vals í 8 ár. Er það lengsti tími

sem forystumaður í félaginu hefur gegnt þessu embætti frá stofnun þess. Reynir hafði einnig setið í aðalstjórninni í 2 næstu ár þar á undan. Hafði hann því verið í forystusveit félagsins í 10 ár samfleytt.

Reynir stýrði Val lengstum í mótbyr mikillar skuldabyrði, er hafði lamandi áhrif á allt starf í félaginu. Þetta þýddi að standa þurfti á bremsunni og taka óvinsælar ákvarðanir, sem hvorki nutu skilnings né stuðnings margra félagsmanna. Margir stungu höfði í sandinn og virtust ekki átta sig á hve fjárhagsstaða Vals var gríðarlega erfið. Reynir hafði forystu um

að endurskipuleggja lánamál félagsins og halda sjó fjárhagslega. Þar nýtti Reynir reynslu sína og þekkingu sem löggiltur endurskoðandi. Það er gæfa Vals að hafa notið starfskrafta Reynis á þessum erfiðleikatímum í sögu félagsins. En menn reyndu einnig að leita varanlegra lausna á fjárhagsvanda Vals. Ljóst var að til þess þurfti nýjar hugmyndir.

Reynir sýndi mikið þor þegar hann hafði forystu um að kannaðir voru möguleikar þess að Valur sameinaðist Fjölni í Grafarvogi með stuðningi Reykjavíkurborgar og félagið flytti meginþunga starfsemi sinnar af Hlíðarenda. Ekki reyndist pólitískur vilji fyrir þessari lausn, en þessi vinna varð til þess, að traust skapaðist milli forráðamanna borgarinnar og félagsins, sem leiddi síðan til samnings þessara aðila, er skrifað var undir á 91 árs afmæli Vals þann 11. maí 2002. Í þessum samningi felst lausn á fjármálum Vals, bæði til greiðslu skulda og til nýrrar uppbyggingar á Hlíðarenda. Reynir skilar því félaginu með bjarta framtíð til nýrrar stjórnar. Reyni Vigni eru þökkúð farsæll forystustörf fyrir Knattspyrnufélagið Val.

En það er við hæfi að ljúka þessum orðum með því að þakka eiginkonu Reynis, Sjöfn Guðmundsdóttur og fjölskyldu þeirra fyrir þeirra þátt í að gera húsbóndanum kleift að eyða öllum þeim mikla tíma, sem farið hefur í að sinna störfum fyrir Val. Það gleymist alltof oft að minnast þess að menn eru að taka tíma frá fjölskyldum sínum til að geta sinnt félagsstörfum. Sjöfn, við Valsmenn þökkum kærlega fyrir lánið á Reyni, og við biðjum þig einnig að koma hér upp og taka við örliðum þakkletisvotti frá félaginu. Þetta er handunninn kertastjaki. Við vitum að Sjöfn mun hugsa hlýlega til félagsins þegar hún tendar ljós á stjakanum.

Ólafur Stefánsson íþróttamaður ársins 2002

Mikilvægt að halda í hreinleikann!



„Við ættum að hjálpa einstaklingum að vera með góða siðvitund, hafa heildarsýn á lífið, efla sköpunargáfuna, vera kærleiksríkir, bera virðingu fyrir félaganum og vera sterkir í mót-læti,“ segir Valsmaðurinn og íþróttamaður ársins 2002, Ólafur Stefánsson í viðtali við Valsblaðið.

„Ég gerði mér aldrei sérstaka grein fyrir því að ég ætti möguleika á að verða handknattleiksmaður í heimsklassa og trúir því varla enn. Ég held að það sé oft þannig að fólk, sem nær árangri í leik eða starfi, er ekki sérstaklega meðvitað um að það sé að skara fram úr. Það er miklu frekar að afreksmenn finni fyrir því í umhverfinu, hjá fjölmiðlum, fólkinu sem stendur þeim næst. Ég hef reyndar aldrei upplifað mig sem heimsklassa leikmann enda annarra að dæma um það.“

Þetta segir Valsmaðurinn Ólafur Stefánsson, íþróttamaður ársins árið 2002,

aðspurður í viðtali við Valsblaðið hvenær hann hafi gert sér grein fyrir því að hann hefði alla burði til að verða heimsklassa leikmaður. Íþróttiferill Ólafs hefur verið samfelld sigurganga frá því hann óx upp úr hægra horninu í stórskyttu og tæknitröll. Hann og jafnaldrar hans í Val urðu Íslandsmeistarar ár eftir ár, bæði í yngri flokkunum og meistaraflokki og var ekki við öðru að búast en að Ólafur myndi reyna fyrir sér í meira krefjandi umhverfi. Hann gerðist leikmaður Wuppertal í Þýskalandi fyrir 7 árum en gerði svo garðinn heldur betur frægan með Magdeburg, undir stjórn Alfreðs Gíslasonar. Hann varð ekki bara Þýskalandsmeistari og Evrópumeistari félagsliða heldur ennfremur valinn besti leikmaður þýsku deildarinnar tvö ár í röð — sem segir allt sem segja þarf um afreksmanninn Ólaf Stefánsson. Valsmaðurinn hefur verið valinn í heimsliðið sem og orðið markahæstur á Evrópumeistaramóti landsliða. Samt virðist hann alltaf einbeita sér að því að láta leikmenn í kringum sig blómstra, eigingirni er ekki fyrir að fara hjá honum.

Um þessar mundir er Ólafur á sínu fyrsta ári með spænska stórlíðinu Ciudad Real og þegar þetta er skrifað hefur liðið ekki tapað leik í deildinni. Draumur hans er án efa sá að verða Spánarmeistari og skáka þar með hinu stórlíðinu, Barcelona. Þrátt fyrir mikla baráttu á Spáni eru krefjandi verkefni framundan með landsliðinu, heimsmeistaramótið í janúar og Ólympíuleikarnir í Grikklandi á miðju sumri.

Að margra mati er Ólafur sér á báti hvað varðar andlegan styrk og huglægán undirbúning fyrir leiki. Flestir þjálfarar gera sér grein fyrir því að fyrr en síðar kemur að ákveðnum endapunkti hvað varðar líkamlegt atgervi en það er óplægður akur í þjálfun að vinna með hina sálrænu hlið leikmanna. Valsblaðið ákvað að þreifa á hjartslætti Ólafs, sem á



„Mælikvarði á góðan leikmann er ekki það sem hann gerir á tindinum heldur hversu vel hann rís eftir fall,“ segir Ólafur Stefánsson.

án efa eftir að klífa enn hærri tinda, og skyggnað örlítið inn í hugarheim hans.

Eigin kona Ólafs heitir Kristín Þorsteinsdóttir og þau eiga dótturina Helgu Soffíu sem er að verða 5 ára og Einar Þorstein, 2 ára. Ólafur á eitt ár eftir til að ljúka fjarnámi í BA Humanities, segist reikna með að gera það á Spáni. „Þetta er nám um sál mannsins, húmanískar greinar og ég tek jafnframt heimspeki, sögu og listir, sem sagt allt frekar áhuga-vert. Þetta tryggir mér svo sem ekkert ákveðið starf í framtíðinni nema það að vera meiri húanisti,“ segir Ólafur af sinni stóísku ró og yfirvegum.

Þrátt fyrir yfirburði Ólafs sem hand-

boltamanns í dag var hann síður en svo líklegur til stórafreka í upphafi ferilsins. Sem gutta var honum plantað niður sem hornamanni en það átti reyndar eftir að koma honum til góða.

„Já, ég var fastur í horninu í yngri flokkunum en þegar ég fór að stækka var mér stillt upp fyrir utan. Þá bjó ég að þeirri tækni sem hornamenn þurfa að hafa. Í horninu hafði ég tíma til að sjá spilið þróast fyrir utan og núna bý ég að því að vita hvers konar sendingar hornamenn vilja fá.“

— *Hver er skoðun þín á þjálfun barna og ungmenna hvað það varðar að þeim er stundum stillt upp í einhverja stöðu og*

eru svo föst í henni þar til ferlinum lýkur. Væri ekki æskilegra að leyfa krökkum, bæði í handbolta og fótbolta, að þreifa fyrir sér í nokkrum stöðum, þannig að þau fái betri tilfinningu fyrir leiknum?

„Ég ræddi aðeins um þetta fyrir tæpu ári á fyrirlestri sem ég hélt hér á Íslandi og ekki síst hvernig mér hefur liðið sem íþróttamanni. Fram að ákveðnum aldri er íþróttaiðkun eintóm skemmtun, enginn sem yfir manni í sportið. Sem krakki ótt- aðist ég ekkert og naut leiksins út í ystu æsar, eins og nánast allir á unga aldri. Ég vaknaði með breiðara bros þegar ég vissi að það var æfing um kvöldið. Andstæðan var þverflautan sem ég var að læra á en ég náði aldrei tengslum við flautuna og heltist að lokum úr lestinni. Þvingunin var ekki af hinu góða, ég var að læra fyrir einhvern annan en sjálfan mig. Eftir 15 ára aldur koma allskyns freistingar til sögunnar, t.d. stelpur og maður fer að gera hlutina fyrir einhvern annan en sjálfan sig. Þá vill maður vera svalur, skora fleiri mörk, líta vel út. Við þetta tapast ákveðinn hreinleiki. Það sem skiptir mestu máli til þess að skara fram úr eftir þetta aldurskeið er að ná hreinleikanum aftur. Njóta leiksins, láta ekkert setja sig út af laginu, ekki launagreiðslur, frægð, fjölmiðlafár eða heimilisaðstæður. Með réttu hugsun og einbeitingu er hægt að halda í hreinleikann án þess að láta lífið utan íþróttarinnar trufla sig.

Í ljósi þessa tel ég æskilegt að börn kynnist flestum íþróttagreinum, ekki síst til að hafa tæknilega yfirsýn og líkamlegan þroska sem kemur að góðum notum á fullorðinsárunum. Á ákveðnum tíma- punkti velur íþróttamaðurinn sjálfur hvaða grein hann vill leggja fyrir sig. Síðan skipta félagslegir og siðferðislegir þættir miklu máli, að þjálfarar og for- eldrar séu að móta einstakling sem sé tilbúinn að takast á við þá þætti, sem ég nefndi, sem koma til sögunnar þegar hreinleikinn tapast á unglingsárunum. Þetta er mín kenning.“

— *Hvernig hefur þú náð að halda hreinleikanum í fjögurra manna fjöl- skyldu þar sem áreiti er oft mikið, í sviðsljósinu, hálaunastarfi og svo fram- vegis? Það ætti svo margt að hafa hrófl- að við hreinleika þínum.*

„Það er nánast vonlaust að vera topp- íþróttamaður á Íslandi, í fullri vinnu og með fjölskyldu, jafnvel þótt maður æfi tvisvar á dag. Maður þarf tíma til að hugsa, endurmeta sig og svo framvegis. Ég hef haft góðan tíma á mínum ferli til

að halda einbeitingu. Ég hef notið þess að vera í fjarnámi, er að gera það fyrir sjálfan mig, mér þykir gaman að lesa undir próf og um leið fæ ég ákveðna hvíld og fjarlægð frá handboltanum. Flestir verða svo inngreiptir í sportið að þeir hafa hugsanlega enga tilbreytingu nema kannski eitthvert „extreme“ líferni. Hjónabandið er líka þáttur í árangrinum. Það getur verið hörku vinna en að sama skapi góð hvíld frá sportinu. Lífið getur orðið svo einfalt þegar maður les góða bók. Öll tilbreyting er af hinu góða.“

— *Hversu stóran þátt á hugarþjálfun í árangri þínum?*

„Á tímabili, þegar ég var að hugleiða, var ég mjög hrifinn af því að sjá fyrir mér aðstæður og atvik sem ég vissi að myndu eiga sér stað í næsta leik. Ég tel þetta mikilvægt því það hjálpar manni á ögurstundu að hafa hugsað út í ákveðnar hreyfingar og skot áður en þau eiga sér stað. Ég hef hins vegar ekki lagt mig nógu mikið eftir þessu upp á síðkastið. Hins vegar horfi ég á spólur með verðandi andstæðingum til að læra inn á hreyfingar og skot leikmanna. Slíkur undirbúningur skiptir máli.“

— *Hvernig bregstu við ef þú finnur að þú ert að missa einbeitingu á einhverjum sviðum og ættir að geta gert betur?*

„Mælikvarði á góðan leikmann er ekki það sem hann gerir á tindinum heldur hversu vel hann rís eftir fall. Það er í lagi að klikka tvisvar í röð, endurmeta þá skotín, hreyfingarnar og fleira án þess að umturnast, því slíkt kann ekki góðri lukku að stýra. Ég er orðinn afslappaður gagnvart mínum leik og reyni að hugsa um það sem skiptir máli hverju sinni, sama hvað á gengur. Maður má ekki láta neitt koma sér úr jafnvægi.“

— *Hefur þú verið í stöðugri framför á ferlinum eða hefurðu átt þínar hæðir og lægðir?*

„Ég þori varla að líta til baka á þau sjö ár sem ég var í Þýskalandi, því ég er ennþá að klifra. En fyrst þú spyrð, og ég lít til baka, hefur þetta verið frábær tími. Allir hafa haft áhrif á sinn hátt, allt frá Theodóri Guðfinnssyni til Alfreðs Gíslasonar. Stígandinn hefur verið góður. Það má kannski segja að ég sé eins og Garðar Hólm í Brekkukotsannál því ég spilaði oft illa með landsliðinu en svo heyrðust endalausar sögur að utan um velgengni mína. Núna er komið mun meira jafnvægi í þetta, ekki síst eftir að ég fór að sýna mitt rétta andlit með landsliðinu og á stórmótum. Mér finnst ég orðinn stöð-



Ólafur og Patrekur Jóhannesson leggja á ráðin í leikhléi í landsleik við Ungverja.

ugur í dag og ég hef fengið orð á mig fyrir það að standa fyrir mínu.“

— *Hverjir aðrir en Alfreð og Viggó hafa haft áhrif á þig sem íþróttamann?*

„Það má oft svo lítið út af bregða í lífinu til að það verði einhvern veginn allt öðruvísi. Allir sem ég hef kynnst hafa haft áhrif á mig, líka Lothar Döring, slakasti þjálfari sem ég hef haft. Ég þakka honum eftir á því hjá honum lærði ég að hafa gaman af handbolta aftur, ákvað hreinlega að vera afslappaður og glaður í sportinu. Oft getur maður orðið fyrir fagurfræðilegri reynslu í gegnum ljótleikann.“

— *Verða menn ekki að einbeita sér að því að njóta augnabliksins í stað þess að stressast upp fyrir leiki?*

„Þjálfarar í yngri flokkunum eiga að fókusera mun meira á sálfræðipáttinn, samhliða því að vera gagnrýnir á leikmennina og sjálfa sig. Þjálfarar verða að geta sett sig inn í hugsanaferli leikmanna. Þeir verða að spyrja sig spurninga, get ég hjálpað þeim? Líður þeim illa? Hvers vegna? Þetta er ekki síst mikilvægt þegar hreinleikinn tapast á unglingsárunum og áreitið eykst. Góður þjálfari ungmenna getur skipt sköpum hvað varðar framtíð einstaklinga, innan vallar sem utan.“

— *Þarf ekki hreinlega að greina íþróttamanninn/einstaklinginn á margvíslegan hátt, velta fyrir sér mataræði hans, líkamlegu atgervi, heimilsaðstæðum, námi, vinnu, styrkleika, veikleika og svo mætti lengi telja — til þess að hjálpa*

viðkomandi að verða betri á öllum sviðum? Verðum við ekki að kryfja einstaklinga niður í smæstu einingar og betrumbæta einingarnar með ráðum og dáðum, kenna þeim markmiðssetningu, hvetja þá til að láta drauma sína rætast, hugsa stórt og láta ekkert stoppa sig?

„Ég er algjörlega sammála og við ættum kannski að leita eftir því hvernig við viljum hafa persónuna þegar hún er orðin 18 ára eða 21 árs og hún þarf að horfast í augun við alvarleika lífsins á öllum sviðum, taka mikilvægar ákvarðanir. Ef við viljum framkalla afreksmenn, hvort sem það er í atvinnumennsku eða í þjóðfélaginu, þarf fókusinn að vera á styrkleika persónunnar. Líklega ná varla nema 5% íþróttamanna á Íslandi mjög góðum árangri í íþróttum og 1% af þessum 5% nær alla leið á toppinn á heimsvísu. Við ættum að hjálpa einstaklingum að vera með góða siðvitund, hafa heildarsýn á lífið, efla sköpunargáfunna, vera kærleiksrík, bera virðingu fyrir félaganum og vera sterkur í mótlæti.“

— *Tíðkast einhver önnur hugsun í þjálfun yngri flokka eða jafnvel meistaraflokka í Þýskalandi annars vegar og á Íslandi hins vegar?*

„Vissulega standa Þjóðverjar okkur frammar og einhverra hluta vegna erum við alltaf veikari líkamlega. Tvítugir strákar í Þýskalandi eru sterkari líkamlega en Íslendingar og einhvern veginn fullmótaðari. Í Magdeburg er reyndar mjög gott íþróttastarf í skólunum en slíkt ætti líka að vera til staðar á Íslandi. Ég

myndi til dæmis vilja leggja niður Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni og færa hann til Reykjavíkur. Áhugasamur íþróttamaður, sem vill læra íþróttir og allt sem þeim viðkemur samhliða því að verða afreksmaður – á varla séns á Laugarvatni sökum fjarlægðar við höfuðborgina ef hann býr þar. Menn slitna úr tengslum við sitt félag með því að dvelja á Laugarvatni. Ef viðkomandi hefur hins vegar ekki áhuga á því að verða afreksmaður er þetta svo sem í lagi. Menn eiga hins vegar ekki að þurfa að fara í einangrun og í of „frjálslegt“ samfélag til þess að stunda nám í íþróttakennarskóla. Það mætti gera virkilega áhugavert og árangursríkt íþróttakennaraskólustarf á höfuðborgarsvæðinu. Ef við ætlum að reyna að búa til afreksmann með sterka siðferðisvitund verður hann að vera tilbúinn að takast á við það mótlæti sem verður alltaf til staðar. Í slíku mótlæti þarf að halda einbeitingu og hafa rosalega trú á sjálfum sér.“

— *Mættum við ekki taka þessa afreks-hugsun upp á yngri stígum, hreinlega reyna að búa til afreksmenn þegar við sjáum að þeir hafa alla burði til þess?*

„Þetta er að vissu leyti til staðar því við erum með yngri landslið í flestum greinum. Svo er það oftast þannig að þeir sem eru áhugasamastir leggja meira á sig en hinir, stefna hreinlega hærra. En vissulega mætti vinna markvissara að þessu. Ég hafði reyndar gott af því að vera ekki valinn í fyrsta yngra landsliðið

sem ég var gjaldgengur í, að komast ekki í 16 manna hópinn. Mér fannst það rosalega leiðinlegt og í fyrsta skipti á ævinni upplifði ég ákveðna mismunun eða höfnun, því fram til þessa höfðu allir verið jafnir. Þetta var sjokk, vakti mig til umhugsunar og herti mig upp í því að standa mig enn betur. Mér finnst sjálf-sagt að þetta sé gert hjá félögunum en að sama skapi verða aðrir að eiga möguleika á að komast inn í ákveðinn úrvalshóp og þeir sem þar eru fyrir eiga alls ekki fast sæti þar. Markmiðssetning er mjög mikilvæg og hana ætti að taka upp í grunnskólum sem og hjá íþróttafélögunum.

Ég hitti áhugaverðan mann í sumar-skóla á Englandi tengdu námi mínu á mínu fyrsta ári í Magdeburg. Hann spurði mig hvert mitt takmark væri eftir fimm ár, hvar ég sæi mig þá. Ég hafði aldrei velt því fyrir mig en hann hvatti mig til að skrifa það niður með hvaða liði ég vildi spila og hann sagði mér að hugsa mjög stórt. Ég sagði að besta lið í heimi væri Barcelona og þá rétti hann mér miða og penna og sagði mér að skrifa að ég vildi spila með því liði eftir fimm ár. Svona hugsun og svona markmiðssetning er kennd á NLP mann-ræktarnámskeiðum sem snýst í stuttu máli um að ef þú vilt að eitthvað gerist í þínu lífi þarf það fyrst að verða til í höfðinu á þér. Ég hvet alla til að kynna sér NLP. Það gerðist síðan aftur og aftur að ég lenti í aðstæðum sem minntu mig á þennan mann, á markmiðssetninguna og

miðann góða sem ég skrifaði á. Markmiðið var því alltaf ofarlega í huga mér. Í dag er ég að spila með liði sem er jafn-oki Barcelona, lið sem vill vinna Barcelona og því tel ég að markmiðinu sé náð. Ég er því kominn á það stig sem ég stefndi.“

— *Hversu mikilvægur eru aukaæfingar?*

„Maður þarf alltaf að gera eitthvað aukalega, jafnvel þótt verið sé að fíflast í manni með það. Ég bý að því í dag að hafa stundað margar boltagreinar fram að 15 – 16 ára aldri og ég hvet krakka til að æfa sem flestar greinar. Ég tel að það ætti að tengja frjálsíþróttir mun betur fótbolta- og handboltaiðkun. Boltakrakkar hefðu rosalega gott af því að stunda frjálsar. Og ef við ætlum að stefna að því að flytja út góða fótboldamenn eins og úrvals-fisk, þyrftum við að breyta áherslunum í þjálfun og hugsunarhættinum, taka inn miklu meiri frjálsíþróttæfingar, meiri fjölbreytni.“

— *Ef þú hefur tekið körfuboltann, sem þú stundaðir líka, fram yfir handboltann hefur þú hugsanlega getað staðið í sporum bróður þíns í NBA-deildinni?*

„Jón Arnór er gott dæmi um íþróttamann sem setti sér markmið því á ákveðnum tímamarki spurði hann sjálfan sig hvað væri það besta sem hægt væri að gera í körfu. Svarið var að sjálf-sögðu það að spila í NBA-deildinni. Jón Arnór er ungur, tímasetningin fyrir hann að fara í atvinnumennsku er frábær og eflaust nýtur hann góðs af því að ég hafi verið að bulla aðeins í honum með mín fræði. Jón Arnór er mun sterkari líkamlega en ég var á hans aldri. Ef ég hefði haldið áfram í körfunni gæti ég hugsanlega verið að spila í dag í þökkalegri deild í Evrópu. Það hefur verið góður líkamlegur stígandi í mínum ferli en Jón Arnór er nánast fullmótaður líkamlega núna í upphafi ferils síns.“

— *Hversu langt mun bróðir þinn ná í NBA boltanum?*

„Besta dæmið um hvað hægt er að gera í NBA-deildinni er þýski leikmaðurinn Dirk Noviski sem enginn bjóst við neinu af. Hann var með svipaðan samning og Jón Arnór fyrir þremur árum og hefur staðið sig frábærlega. Jón Arnór er gagnrýnn á sjálfan sig, tekur vel við upplýsingum og hefur alla burði til að standa sig mjög vel.“

— *Hefur þú eitthvað sérstakt að leiðarljósi þegar þú elur upp börnin þín?*

„Ég er ekki orðinn nógu þroskaður til



Ólafur Stefánsson með Kristínu Þorsteinsdóttur eiginkonu sinni og börnunum, Helgu Soffíu sem er að verða 5 ára og Einari Þorsteini, 2 ára.

að vera með einhverjar leiðbeiningar í uppeldismálum. Ég brýni fyrir börnunum að horfa ekki mikið á sjónvarp og tækið fer reglulega út í skúr. Stelpan litar og les mikið, hlustar á sögur og tónlist. Ég tel að heilinn starfi minna við það að horfa á sjónvarp í stað þess að gera ekki neitt, aðeins hugsa. Sumir vilja meina að maður þroskist mest í þögninni, einn með sjálfum sér. Ég tek heilshugar undir það. Í Magdeburg var ég með hugleiðsluherbergi þar sem ég og dóttir mín sátum reglulega andspænis hvort öðru, horfðumst í augu og drógum djúpt andann. Máttur öndunarinnar er mjög mikill. Ég tel að börnin hafi gott af því að sitja, anda djúpt og hugleiða. Við getum hæglega kennt þeim þennan lífsmáta sem er svo gefandi. Þannig vinnum við líka traust þeirra og þau treysta okkur fyrir því sem gæti komi fyrir utan heimilisins, t.d. í skólanum eða leikskólanum.“

— *Hver er ástæða þess að þú fórst frá Magdeburg, einu sterkasta félagslíði heims, sjálfur í blóma lífins sem handboltamaður og í öruggu umhverfi? Vildurðu takast á við eitthvað nýtt og spennandi?*

„Kannski var lífið í Magdeburg orðið of þægilegt, of lítil áskorun. Stundum kemur reyndar upp smá eftirsjá því lífið á Spáni síðustu 2 – 3 mánuði hefur alls ekki verið eintóm sæla. Hefði ég átt að vera eitt ár í viðbót í Þýskalandi? Gæti Spánardvölin haft áhrif á frammistöðu mína á heimsmeistaramótinu eða Ólympíuleikunum? Ég er smám saman að sætta mig við breyttar aðstæður, nýjan þjálfara og áherslur. Því miður hafa mjög margar ruglæfingar verið í gangi hjá Real en það reynir bara ennþá meira á minn karakter að vera ósáttur með eitthvað. Þrátt fyrir allt reyni ég að vera glaður, sjá hið jákvæða í öllu og leggja mig fram. Lífið er ekki alltaf dans á rósum og hlutirnir síður en svo alltaf eins og maður vill hafa þá. Þetta er að mörgu leyti mikil áskorun og það er það sem ég var að leita eftir. Við höfum unnið alla leikina til þessa en að mínu mati höfum við hingað til bara spilað á 75% getu. Við erum með frábæra einstaklinga en þjálfarinn á enn eftir að púsla liðinu vel saman, ekki síst taktískt.“

— *Er hann ekki að lesa leikinn rétt?*

„Hann er of upptekinn af mannlega þættinum þótt hann sé oft ómannúðlegur sjálfur. Hann leggur of mikla áherslu á það hvort við séum að borða rétt, sofa nóg og fleira sem maður einblínr mikið



Ólafur Stefánsson íþróttamaður ársins 2002.

á í 3. flokki, í stað þess að greina leikinn og fara ofan í öll smáatriðin. Þótt við séum allir atvinnumenn í handbolta erum við það ekki endilega á öllum sviðum, til dæmis þeim félagslega því árangur þjálfara felst mikið til í því að kunna að vinna með fólki. Sömuleiðis verða leikmenn að hafa hugrekki til að segja sína meiningu og draga í land. Ef margt vantar uppá í leik og aga liðs fleytir tæknileg geta leikmanna því ekki upp á toppinn.“

— *Þú ert alltaf með svarta bók við höndina, krotar mikið í hana, hvað þá helst?*

„Þetta er þriðja bókin mín en ég er alltaf með hana á mér. Maður er stóran hluta ævi sinnar að bíða eftir einhverju og þess vegna er frábært að vera með svona bók við hendina. Mér þykir gaman að gefa mér tíma til að þegja og setja hugsanir mínar í bókina. Þetta er í senn dagbók og hugmyndabók en ef ég sný henni við er þetta glósubók fyrir skólanum. Það fer því allt mitt í þessa svörtu bók. Ég mæli með þessu við flesta sem eru hugmyndaþekkir og treysta sér ekki til að muna allt sem brýst um í kollinum. Það er svo gaman að fanga augnablikið, jafnvel vera með polaroid myndavél og líma inn myndir þar sem það á við.“

— *Ertu byrjaður að kortleggja framtíðina, t.d. hvað gæti tekið við eftir ferlinni á Spáni?*

„Ég hef reyndar hugsað töluvert um það. Það stefnir í að ég klári fjarnámið á næsta ári en ég hef sett mér það markmið að lesa fleiri bækur á íslensku. Mér

finnst ég vera að tapa tengslum við móðurmálið. Ég vil geta komist hraðar yfir íslenskan texta. Ég las Don Kíkóte um daginn og byrjaði ósjálfrátt í kjölfarið að tala vandaðara og háfleygara mál. Konan rak upp stór augu. Mér þykir mikilvægt að staldra við augnablikið, njóta þess í stað þess að reyna sífellt að velta fyrir mér hvað sé handan við hornið. Þegar ég sá mynd af afa mínum um daginn hugsaði ég til þess hversu yndislegt það væri að geta farið inn í myndina, inn í augnablikið og talað við afa minn. Ef ég ætti eina ósk væri hún sú að geta horfið inn í gamlar ljósmyndir og verið þar í smá tíma. En það sem ég get gert er að vera meðvitaðari um augnablikin sem gefa lífinu gildi þegar þau koma.

— *Gætir þú hugsað þér að snúa þér að þjálfun eftir fjögurra ára samning við Ciudad Real?*

„Ég gæti reyndar hugsað mér að spila í 2 ár í viðbót eftir það. Þessi tími kemur ekki aftur og ég vil ekki hætta of snemma. Stundum er ég þannig þenkjandi að ég vil hætta þessu öllu og fara í klaustur en það er að vissu leyti flótti frá raunveruleikanum. Hinn gullni meðalvegur er stundum vandrataður. Þjálfun gæti verði áhugaverð en ég ætlaði alltaf að reyna að forðast það að þjálfra. Reyndar er virkilega gaman að miðla af reynslu sinni og fá frjálsar hendur, vinna með fólki og gera það vel og sómasamlega. En lífið kemur mér stöðugt á óvart þannig að það er best að segja sem minnst um það hvað tekur við eftir Spánardvölin.“

Valsmenn

bestu óskir

um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Viðar Elísson, endurskoðandi

www.gras.is

Lögmenn Skólavörðustíg 6B sf.

Landsbanki Íslands

Búnaðarbanki Ísl. Austurbæjarútibú v/Hlemm

Smith&Norland

Norðurljós hf.

Vífilfell hf

Olís hf

Bláa Lónið

Bræðurnir Ormsson ehf.

TM

Hópbílar

Gísli Jónsson ehf

Landsbanki Íslands

SP-fjármögnun

Henson

Guðni Á. Haraldsson hrl.

Heildverslun Alberts Guðmundssonar

Bernhöftsbakarí ehf, Bergstaðastræti 13

Friðjón Örn Friðjónsson hrl., Pósthússtræti 13

Valur verði veldi kvenna í handbolta

Sigurlaug Rúna Rúnarsdóttir er leikmaður í meistaraflokki kvenna í handbolta

Fæðingardagur og ár: 31. janúar 1979.
Nám: Ég er að læra dönsku í Háskóla Íslands.

Staða í líðinu: Ég er miðjumaður og fyrirliði.

Hversu marga leiki hefur þú spilað með meistaraflokki: Rúmlega 200.

Kærasti: Stefán Karlsson.

Hvað ætlar þú að verða: Dönskukennari.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Tannlæknir.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár:

Að verða betri í handbolta og verða Íslandsmeistari.

Af hverju handbolti: Af því að þetta er inniþrótt (við búum á Íslandi) og að maður fær svo mikla útrás.

Eftirminnilegast úr boltanum: Þegar við urðum bikarmeistarar árið 2000.

Ein setning eftir síðasta tímabil: Það er ömurlegt að vera bara miðlungslíð.

Skemmtilegustu mistök: Þegar ég ruglaði Heru saman við Örnun.

Mesta prakkarastrik: Þegar Arnar og Bjarki voru að passa upp á flugeldana í fjósinu fyrir einhverjum árum síðan. Við stelpurnar settum á okkur húfur og sólgleraugu og gerðum svo mikinn draugagang að Bjarki...

Fyndnasta atvik: ...var orðinn svo hræddur að hann tók á móti okkur með gaffal í hendinni.

Stærsta stundin: Þegar ég spilaði bikarúrslitaleik 1997 í höllinni og því líkt stress. Ég gleymi þessum degi aldrei þótt við töpuðum.

Hvað hlæir þig í sturtu: Elva að klappa.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Ég veit það ekki, ætli það sé

ekki Hafrún því hún hefur mjög frjálsglega framkomu.

Hver á ljótasta bílinn: Drífa, bíllinn hennar er samt svolítið töff því að hann er í Valslitunum.

Hvað lýsir þínum húmor best: Að það fer ekki fram hjá neinum þegar að ég er segja brandara því ég hlæ lang mest (til hvers að segja brandara ef manni finnst það ekki einu sinni myndi sjálfum!!!!).

Flygustu orð: Lengi getur vont versnað.

Mottó: Að Valur verði kvennaveldi í handboltanaum.

Fyrirmynd í boltanum: Ólafur Stefánsson.

Leyndasti draumur: Að syngja með Spice girls á tónleikum.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Þegar að við erum fimm mörkum yfir og einungis ein mínúta eftir af leiknum.

Hvaða setningu notarðu oftast: Það var rétt...

Skemmtilegustu gallarnir: Þegar ég segi alltaf *punch* línuna áður en sagan kemur.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig:

Þú getur alveg stokkið upp og skorað fyrir utan punkta.

Fullkomið laugardagskvöld: Að vera með handboltastelpunum og ein vika í leik.

Besti söngvari: Stefán Hilmarrsson.

Besta hljómsveit: Sálin.

Besta bíómynd: Brave heart.

Besta bók: Napoleonskjölin eftir Arnald Indriðason.

Besta lag: Valslagið.

Eftir hverju sérðu mest: Engu... maður lærir af reynslunni.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Stefán Karlsson (hver myndi ekki vilja eiga mig sem kærustu).

4 orð um þjálfara þinn: Forvitin, fyndin, æst og hreinskilin.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Ég myndi byggja klefa með heitum potti, gufu og sérnuddherbergi (með nuddara) handa meistaraflokki kvenna bæði í fótbolta og handbolta.



Bjartir tímar framundan í handboltanum

Skýrsla handknattleiksdeildar árið 2002



Meistaraflokkur karla í handbolta 2003 – 2004. Efri röð frá vinstri: Sveinn Stefánsson framkvæmdastjóri, Heimir Árnason, Hjalti Pálmason, Ragnar Ægisson, Einar Örn Guðmundsson, Ægir Hrafn Jónsson, Markús Máni Maute, Ingvar Árnason, Baldvin Þorsteinsson, Guðmundur Jónsson, Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari og Guðmundur Árni Sigfússon aðstoðarþjálfari.

Neðri röð frá vinstri: Fannar Friðgeirsson, Sigurður Eggertsson, Brendan Þorvaldsson Brekkan, Hjalti Gylfason, Freyr Brynjarsson, Pálmar Pétursson, Bjarki Sigurðsson, Örvar Rúðolfsson, Kristján Karlsson, Atli Rúnar Steinþórsson, Elvar Friðriksson. Á myndina vantar Roland Val Eradze.

Keppnistímabilið 2002 – 2003 var um margt viðburðarríkt hjá handknattleiksdeild Vals. Strákarnir í meistaraflokki stóðu sig með ágætum og lentu í 2. sæti í deildarkeppninni, komust í undanúrslit í úrslitakeppninni, þar sem við lutum lægra haldi fyrir ÍR-ingum. Þá komust þeir einnig í undanúrslit í bikarkeppninni, en töpuðu fyrir Aftureldingu. Drengirnir spiluðu vel framan af Íslandsmóti og um tíma leit út fyrir að þeir myndu landa deildarmeistaratitlinum. Það gekk ekki eftir en strákarnir eru hungraðir í árangur og mikið býr í liðinu.

Stelpurnar í meistaraflokki sýndu marga góða takta og náðu 4. sætinu í

deildarkeppninni. Í 8 liða úrslitum sigruðu þær Víkingsstúlkur og náðu þar með besta árangri sínum eftir stofnun úrslitakeppninar, en þurftu að játa sig sigraðar í undanúrslitum fyrir Íslandsmeisturum ÍBV. Það var jafn og góður stígandi í leik liðsins og ljóst að framundan eru bjartir tímar í kvennaboltanum á Hlíðarenda.

Hlið að yngri flokka starfinu

Forgangsverkefni næstu ára er að hlúa að barna- og unglingastarfi félagsins og auka iðkendafjölda. Strax í haust var farið í heimsókn í hverfaskólana og voru það sendiherrar félagsins þeir Geir Sveinsson og Guðni Bergsson sem

leiddu þær heimsóknir. Þetta er m.a. hugsað sem útbreiðslustarf félagsins og hefur það lukkast vel enda iðkendafjöldi þegar aukist til muna. Alkunna er að íþróttir eru ein besta forvörnin fyrir börn og unglinga og leggjum við Valsmenn mikið upp úr góðri og agaðri þjálfun þar sem iðkendur læra að vinna saman og bera virðingu fyrir náunganum.

Þetta er m.a. það sem haft er að leiðarljósi og hafa Valsmenn í gegnum tíðina verið þekktir fyrir að skila af sér framúrskarandi íþróttamönnum sem oftast en ekki hafa verið uppistaðan í landsliðum okkar. Um þessar mundir æfa fast að 300 iðkendur handbolta hjá Val, bæði í karla- og kvennaflokkum.

Gengi yngri flokka Vals í handknattleik

- * Annar flokkur karla sigraði í bikarkeppninni annað árið í röð og varði þar með bikarinn en endaði í 4. sæti í Íslandsmóti.
- * Þriðji flokkur karla lenti í 5. – 8. sæti á Íslandsmóti, komst í undanúrslit í bikarkeppni og lenti í öðru sæti í Reykjavíkurmótinu.
- * Fjórði flokkur karla, A lið lenti í 5. – 8. sæti á Íslandsmótinu en B lið í 4. sæti og það komst einnig í undanúrslit í bikarkeppni.
- * Fimmti flokkur karla var frekar fámennur en var þó á meðal efstu 8 liða.
- * Sjötti flokkur karla er mjög efnilegur og varð B liðið Reykjavíkurmestari en A liðið lenti í 3. sæti.
- * Sjöundi og áttundi flokkur karla keppir ekki en þar er iðkendum að fjölga og þarf að huga vel að honum ásamt öllum yngri flokkunum sem eru undirstaðan og framtíð félagsins.
- * Unglingaflokkur kvenna var skipaður mjög ungum stúlkum og að hluta til byggður upp af 4. flokks stelpum. Veturinn var erfiður en það býr mikið í þessum stelpum og þeirra tími mun koma.
- * Fjórði flokkur kvenna, A lið komst í undanúrslit í bikarkeppni og hafnaði í 5. – 7. sæti á Íslandsmóti.
- * Fimmti flokkur kvenna var nánast allur á yngra ári og sýndi miklar framfarir á árinu.
- * Sjötti og sjöundi flokkur kvenna var frekar fámennur og þar þarf að byggja upp líkt og í öllum okkar yngri flokkum.

Þjálfaramál yngri flokka

Breytingar áttu sér stað á þjálfurum og komu til baka meðal annars Sigurður Sigurþórsson og Jón Halldórsson sem hafa þjálfað marga af okkar bestu afreksmönnum. Þá tók Evrópumeistarinn Jónas



2. fl. karla í handknattleik 2002 – 2003. Efri röð frá vinstri: Ingvar Árnason Evrópumeistari, Bergsveinn Jóhannsson, Egill Orri Sigurðsson, Patrik Þorvaldsson, Pálmar Pétursson Evrópumeistari, Gunnar Einar Jónsson, Jóhann Þórir Þorleifsson, Sigurjón Kjærnested. Neðri röð frá vinstri: Brendan Þorvaldsson, Fannar Friðgeirsson, Guðmundur Jónsson, Magnús B Ólafsson, Sigurður Eggertsson og Kristján Karlsson.

Már Fjeldsted við þjálfun unglinga- og fjórða flokks kvenna. Mikill metnaður er lagður í yngri flokka starfið, en það má alltaf gera betur og er það öllum er að starfinu koma ljóst.

Búið er að koma á laggimar aftur unglingaráði og er unnið að stofnun foreldraráðs fyrir hvern flokk. Bolta- og búningamál félagsins hafa einnig verið tekin í gegn og fá allir iðkendur nýja keppnispeysu og bolta til eignar við greiðslu æfingagjalda.

Leikmannabreytingar í meistaraflokki karla

Í sumar hvarf fyrirliði okkar til margra ára Snorri Steinn Guðjónsson á braut og hélt í viking til Þýskalands í atvinnumennsku. Óskum við honum velfarnaðar og færum honum bestu þakkir fyrir framlag hans hér á Hlíðarenda. Davíð Höskuldsson ákvað að söðla um og reyna sig hjá bikarameisturum HK, Davíð Sigursteinsson var lánaður til Þórs á Akureyri, Þröstur Helgason gekk til liðs við sína gömlu félagi í Víkingi og Ásbjörn Stefánsson var einnig lánaður til Víkinga. Óskum við þessum félögum okkar velgengni á nýjum vettvangi. Þrátt fyrir þetta hefur okkur best liðsauki og gengu til að mynda Heimir Örn Árnason, Baldvin Þorsteinsson og Atli Rúnar Steinþórsson til liðs við okkur Valsmenn og er það mikill fengur enda reynslumiklir og góðir drengir.

Að afloknu keppnistímabilinu lét Geir



Guðríður Guðjónsdóttir þjálfari meistaraflokks kvenna í handknattleik skóðar Valsblaðið 2002.



Roland Valur Eradze leikmaður meistaraflokks karla og Berglind Iris Hansdóttir leikmaður meistaraflokks kvenna á síðasta tímabili.



Viðurkenning á uppskeruhátíð handknattleiksdeildar vorið 2003 fyrir að hafa spilað 150 leiki í meistaraflokki fyrir Val. Frá vinstri talið: Freyr Brynjarsson, Bjarki Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson, Berglind Íris Hansdóttir og Sigurlaug Rúna Rúnarsdóttir.

Sveinsson af störfum sem þjálfari meistaraflokks eftir að hafa stýrt liðinu í fjögur ár. Eftirsjá er í Geira enda er hann einn allra færasti þjálfari og handboltakappi landsins. Við Valsmenn þökkum honum frábært samstarf undanfarin ár og vonum að þekking hans og reynsla nýtist okkur áfram um ókomin ár. Sem betur fer erum við Valsmenn ekki á flæðiskeri staddir þjálfaralega og við liðinu tók Óskar Bjarni Óskarsson, gallharður Valsari með mikla reynslu og þekkingu á félaginu. Ekki ónýtt að geta leitað í okkar raðir að jafn heilum og hæfileikaríkum einstaklingum.



Viðurkenningar í meistaraflokki kvenna í handknattleik. Drífa Skúladóttir fyrir mestu framfarir, Hafrún Kristjánsdóttir efnilegust og Berglind Íris Hansdóttir leikmaður meistaraflokks. Berglind var einnig kjörin markmaður ársins á lokahófi HSÍ.

Meistaraflokkur kvenna styrkist

Í meistaraflokki kvenna var haldið áfram að byggja á ungu stelpunum, sama stefna og hjá strákunum. Guðríður Guðjónsdóttir var á sínu fyrsta ári sem þjálfari meistaraflokks kvenna og var uppskeran besti árangur liðsins í langan tíma. Liðið er ungt að árum og hér er verið að byggja til framtíðar. Það er ljóst að miklir hæfileikar og áræðni býr í hópnum en liðið verður að sýna þolinmæði og ekki er spurning að stúlkurnar munu ná þeim árangri sem þær vilja þegar fram líða stundir. Gengið var frá samningum við



Guðmundur Árni Sigfússon á handboltaæfingu í Valsheimilínu.

stóran hluta hópsins til 3ja ára og markmiðið er að koma kvennaboltanum á Hlíðarenda í fremstu röð.

Líkt og hjá strákunum misstu stelpurnar fyrirliða sinn til margra ára er Eivor Pála Blöndal ákvað að söðla um og flytjast til Þýskalands líkt og Snorri Steinn. Eygló Jónsdóttir gekk til liðs við Fylki/ÍR og Lilja Hauksdóttir lagði skóna á hilluna ásamt Hafdís Guðjónsdóttur. Óskum við þeim öllum velgengni á nýjum vettvangi og flytjum við þeim þakkir fyrir þeirra tíma í okkar röðum. Ákveðið var að styrkja liðið fyrir komandi átök og til liðs við okkur gengu nýir leikmenn. Við fengum Gerði Betu Jóhannsdóttur aftur heim í okkar raðir frá Víkingi og Brynja Steinsen kom frá bikarmeisturum Hauka. Anna Steinsen tók fram skóna að nýju eftir leyfi og Hafdís Hinriksdóttur kom til okkar frá Danmörku. Mikill fengur er í þessum leikmönnum og stefnan sett á að vera í fremstu röð í kvennaboltanum.

Fjölgun áhorfenda

Stemningin á Hlíðarenda var ágæt síðasta vetur og tókst leikmönnum, þjálfurum, starfsfólki og stuðningsmönnum að skapa umgjörð sem Valur getur verið stoltur af. Betur má þó ef duga skal og er það áhyggjuefni hversu fáir áhorfendur eru að mæta á leiki og þarf að gera verulegt átak í þeim málum enda hefur samkeppnin um athygli fólks aukist til muna á undanförunum árum. Þetta er einmitt lykilatriði fyrir framgang handboltans á Hlíðarenda, þ.e. að stuðningsmenn taki virkan þátt í starfinu og styðji klúbbinn, enda er miklu skemmtilegra að taka þátt og vera hluti af þeim árangri sem næst hverju sinni. Verður áfram haldið á sömu braut uppbyggingar og leitað leiða til að auka mætingu og stuðning við félagið, en það er þó eingöngu hægt með fulltingi allra fyrrnefndra hópa. Eitt er þó víst, grunnurinn er traustur og framtíðin björt á Hlíðarenda og því ekki ástæða til annars en að hlakka til handboltavetrarsins 2003 – 2004.

Stjórn handknattleiksdeildar

Stjórn deildarinnar var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Haraldur Daði Ragnarsson, formaður
Snorri Páll Jónsson, varaformaður
Eiríkur Sæmundsson

Gísli Óskarsson
Gunnar Möller
Jóhann Birgisson
Sigurður Ragnarsson

Að afloknu keppnistímabilinu lét Gísli Óskarsson af stjórnarstörfum og er honum þakkað frábært og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Gísli mun þó áfram vera viðloðandi starfið og er mikill fengur í honum. Sæti hans í stjórn tók Páll Mikael Kristjánsson og er hann formaður unglíngaráðs.

*F.h. stjórnar,
Haraldur Daði Ragnarsson*



Valsararnir knáa, Pálmar Pétursson og Ingvar Árnason með verðlaunagripina fyrir Evrópumeistaratitil í handknattleik U18 2003, en þeir voru fulltrúar Vals í landsliðinu.

Viðurkenningar handknattleiksdeildar 2003

6. flokkur karla

Atli Már Báruson
leikmaður flokksins
Ólafur Einar Ómarsson
mestu framfarir
Bjartur Már Gunnarsson
ástundun og áhugi
Árni Huldar og Davíð Höskuldsson *þjálfarar*

5. flokkur karla

Einar Marteinsson
leikmaður flokksins
Haukur Hallsson
mestu framfarir
Einar Brynjarsson
ástundun og áhugi
Snorri Steinn Guðjónsson *þjálfari*

4. flokkur karla

Anton Rúnarsson
leikmaður flokksins
Birkir Marinósson
mestu framfarir
Baldur Richter
ástundun og áhugi
Freyr Brynjarsson *þjálfari*

3. flokkur karla

Leikmenn flokksins
Fannar Friðgeirsson
Ingvar Árnason
Elvar Friðriksson
Guðmundur Árni Sigfússon *þjálfari*

2. flokkur karla

Sigurður Eggertsson
leikmaður flokksins
Kristján Karlsson
mestu framfarir
Sigurjón Kjærnested
ástundun og áhugi
Guðmundur Árni Sigfússon *þjálfari*

6. flokkur kvenna

Helga Þóra Björnsdóttir
leikmaður flokksins
Blædis Kara Baldursdóttir
mestu framfarir
Nikolína Hildur Sveinsdóttir
ástundun og áhugi
Árný Björg Ísberg *þjálfari*

5. flokkur kvenna

Henrietta Otradóttir
leikmaður flokksins
Heiðrún Snædis Kristinsdóttir
og Verónika Kristín Jónsdóttir
mestu framfarir
Hafdis Tinna Pétursdóttir
efnilegasti leikmaðurinn
Magnús Björn Ólafsson *þjálfari*

4. flokkur kvenna

Lilja Rún Kristbjörnsdóttir
leikmaður flokksins
Þórgunnur Þórðardóttir
mestu framfarir
Áslaug Axelsdóttir
ástundun og áhugi
Sigurlaug Rúnarsdóttir og
Lilja Björk Hauksdóttir *þjálfarar*

Unglingaflokkur kvenna

Íris Kristinsdóttir
leikmaður flokksins
Stefanía Lára Bjarnadóttir
efnilegasti leikmaðurinn
Auður Ingólfsdóttir
ástundun og áhugi
Sigurlaug Rúnarsdóttir og
Lilja Björk Hauksdóttir *þjálfarar*

Hamingjan er ekki ákvörðunarstaður heldur ferðamáti

Atli Atlason er leikmaður í drengjaflokki í körfubolta

Fæðingardagur og ár: 21 maí, 1985.

Nám: Náttúrufræðibraut í MH.

Kærasta: Engin.

Einhver í sigtínu: Já já nokkrar.

Hvað ætlar þú að verða: Ég er ekki viss, en í draumaheiminum mínum væri ég heimsfrægur kvikmyndaleikstjóri og rokkstjarna í aukavinnu.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Prófarkalesari eða námsráðgjafi.

Stjornuspá þín fyrir næsta ár:

Það mun margt gott gerast en líka sumt ekki eins gott.

Af hverju körfubolti: Ég hef alltaf þurft að hreyfa mig mikið og ég verð rosalega eirðarlaus ef ég mæti ekki á æfingu í nokkra daga. Ég valdi körfuna út af því að ég var bestur í henni en ég æfði líka fótbolta á tímabili þegar ég var yngri.

Eftirminnilegast úr boltanum: Öruggelega þegar við unnum B-meistaratitil á *Göteborg basketball festival*. Það er eini titillinn minn fyrir utan þegar ég vann streetballkeppni vinnuskólans.

Ein setning eftir tímabilið: Það tróð NBA leikmaður yfir mig á þessu tímabili mínu sem skiptinemi í Bandaríkjunum.

Skemmtilegustu mistök: Þegar ég var busi í MH bauð eldri nemi mér tvo kosti, að glósa fyrir hann eða drekka lítra af mysu. Ég tók mysuna en tók ekki eftir því að þetta var mysu til matargerðar svo ég varð veikur og varð að fara heim.

Mesta prakkarastrik: Ég og Teddi vinur minn vorum ekki komnir í neina vinnu í byrjun seinasta sumar svo við keyptum vatnsblöðrur og sátum fyrir Helga vini okkar þegar hann kom heim úr vinnunni. Hann var ekki sáttur.

Stærsta stundin: Þegar ég fæddist.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki: Leifur vélbyssukjafur Árnason.

Hver á ljótasta bílinn: Maggi á eldgamla ryðgaða Lödu með skotgötum á. Hann er samt ótrulega töff.

Hvað lýsir þínum húmor best: Stórir ljóskastarar eins og eru á fótboltavöllum.

Fleygustu orð: „Hamingjan er ekki ákvörðunarstaður heldur ferðamáti“, sem hinn mæti maður og eigandi tímaritsins Playboy Hugh Hefner sagði eitt sinn.

Mottó: Það er ótrúleg klisja að segja að maður reyni alltaf að leggja sig

allan fram í því sem maður er að gera, en ég reyni að gera það.

Fyrirmynd í boltanum: Jón Arnór Stefánsson.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Sofandi í rúminu.

Hvaða setningu notarðu oftast: Hæ.

Næst mest nota ég: „Bæ.“

Skemmtilegustu gallarnir: Það hefur oft verið gert grín að mér fyrir það hvernig ég segi já.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: Atli, þú ert ágætur.

Fullkomið laugardagskvöld: Bara að vera með vinum mínum og gera eitthvað skemmtilegt.

Hvaða flík þykir þér vænst um: Úlpuna mína er ég búinn að eiga síðan ég var 13 ára svo ég er farinn að tengjast henni svolítið.

Besti söngvari: John Lennon.

Besta hljómsveit: Ég segi Muse því ég ætla á tónleikanna.

Besta bíómynd: Nói Albínói.

Besta bók: Hundrað ára einsemd eftir Gabriel Garcia Marquez.

Besta lag: Disco 2000 með Pulp.

Uppáhaldsvefsíðan: Ég veit það ekki.

Eftir hverju sérðu mest: Engu sérstöku en það væri gaman ef ég hefði byrjað í körfunni fyrr, ég byrjaði 12 ára, og æft mig fullt þannig að ég væri með betri tækni núna.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Myndi ég vera Bill Gates út af því hann á svo mikinn pening.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Mér finnst fánánlegt að það sé ekki kvennakörfubolti í Val og ég myndi gera eitthvað í því.

www.valur.is

Fyrstu skrefin að heimasíðu Knattspyrnufélagsins Vals voru tekin árið 1996 þegar fært var í mál við mig að taka að mér vinnu við að koma upp heimasíðu Vals á netinu. Ég hafði aldrei komið nálægt neinu slíku og renndi alveg blint í sjóinn hvað þessa vinnu varðaði. Ég keypti mér bók um HTML og byrjaði bara. Ekki man ég nú svo vel hversu langan tíma það tók að koma upp fyrstu útgáfu vefsins, en ég veit að ég var mjög stoltur af verkinu. Eftir á að hyggja get ég nú ekki sagt að fyrstu útgáfur hafi verið neitt til að hrópa húrra yfir, enda var ég að taka mín fyrstu skref í vefsmíði. Efni fyrsta vefjarins byggðist að mestu upp á fréttum og úrslitum sem ég setti inn sjálfur og var það geysileg vinna og yfirlega að halda þeim vef við.

Fyrst var síðan vísuð hjá Íslenskum Getraunum á www.toto.is/felog/valur/. Það voru þó nokkur félög sem vísuðu vefina sína hjá Getraunum, og nokkur sem gera það enn. Þeir voru svo greiðvirkir að gera þetta án nokkurs kostnaðar fyrir félögin og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir hjálpina við að taka fyrstu skrefin.

Vefurinn gekk í gegnum margar útlitsbreytingar fyrstu árin, mestmegnis vegna þess að ég hafði svo gaman að því að vinna við þetta. Með þessari stuttu grein fylgja nokkur skjáskot úr fortíðinni sem gaman er að skoða.

Vefur knattspyrnudeildar

Árið 1999 tók knattspyrnudeildin sig til og hóf vinnu við eigin heimasíðu. Pétur Örn Sigurðsson sá að mestu um að safna efni fyrir síðuna sem var, og er, geysilega efnismikil. Þar voru listaðir allar stjórnir deildarinnar frá upphafi, saga knattspyrnunnar í Val, allir Evrópuleikir skráðir og margt fleira. Þar er fjallað sérstaklega um Jón Karel Kristbjörnsson sem lést með svipleikum hætti í leik Vals


og KR 15. júní árið 1933. Þessi gamli vefur er enn aðgengilegur á slóðinni <http://www.valur.is/knattspyrna/>. Þess skal þó geta að sumar af þeim upplýsingum sem þar er að finna hafa ekki verið uppfærðar.


Pétur vann þarna gríðarlegt þrekvirki að safna öllum þessum upplýsingum og kann ég konum miklar þakkir fyrir. Hann lá yfir gömlum Valsblöðum og öðrum heimildum, bæði að Hlíðarenda og á skrifstofu KSÍ til að koma þessu rétt út á vefinn.

Próun

Um það bil ári eftir að vefur knattspyrnudeildar fór í loftið tók ég í notkun fyrsta gagnagrunnstengda vefinn. Var þar notast við forritunarmálið ASP og Access gagnagrunn frá Microsoft. Þegar hér var komið við sögu var vefurinn kominn í vísun hjá Landssímanum, þar sem hann er enn í dag. Það var mikið skref að taka í notkun þann vef. Hann auðveldaði allar uppfærslur á vefnum og gaf fleirum kleift að taka þátt í efnisöflun á auðveldann hátt.

Í byrjun árs 2001 hóf ég vinnu við nýjan og byltingarkenndann vef fyrir félagið, og er það sá vefur sem er virkur í dag. Ég ákvað að stækka gagnagrunninn og færa mig yfir í Microsoft SQL Server 2000 gagnagrunn sem er geysilega öflugur. Til þess að geta tekið við öllum þeim gögnum sem ég sá fyrir mér að kæmu inn á vefinn, þyrfti stóran gagnagrunn. Vinnan við þennan vef tók þó nokkra mánuði og mig minnir að hann hafi leyst hinn gamla af hólmi þegar einhverjar vikur voru liðnar af leiktíðinni í fótboltanum árið 2001. Ég held ég sé ekki að ýkja mikið þegar ég segi að ég hafi eytt allt að 40 – 50 tímum á viku í þessa vinnu í þó nokkra mánuði. Ég bjó í Noregi þegar þessi vinna fór fram og öll skipulagsvinna fór fram í gegnum tölvupóst á milli mín og stjórnenda félagsins.





Það var alltaf á stefnuskránni að hafa einn vef fyrir allar deildir félagsins og vefurinn átti að halda utan um úrslit, fréttir, leikmenn og æfingatíma hjá öllum deildum. Ég held að ég hafi náð að uppfylla þessi markmið mín og stjórnenda félagsins. Þessi vefur er geysioflugur og með þeim öflugri á meðal íþróttafélaga á Íslandi.

Um það bil tveimur mánuðum eftir að vefurinn fór í loftið, smíðaði ég spjallborð fyrir vefinn. Því er hlutaskipt á hverja deild fyrir sig og hefur það skipulag gefið góða raun. Þegar spjallborðið var tekið í notkun jókst umferðin á síðuna geysilega og því var mjög vel tekið. Spjallverjar hafa einnig verið alveg einstakir og ég hef lítið þurft að hafa eftirlit með spjallborðinu og ritstjórn á því nær engin.

Staðan í dag

Staðan í dag er góð. Með hjálp Valsmannsins Björns Kristinssonar, vefhönnuðar hjá hugbúnaðarhúsinu Innn, frískuðum við upp á útlitið í vor og held ég að sú breyting hafi verið til batnaðar. Efnisinnsetning hefur batnað mikið á þessu ári. Nú fá yngri flokkarnir meira pláss á vefnum, og er það óeigingjörnu starfi margra foreldra að þakka. Nú er

hópurinn sem setur inn efni á vefinn orðinn geysistór og fjölbreyttur.

Það er mikið af kerfum sem stjórna vefnum. Við erum með fréttakerfi, leikjakerfi, leikmannakerfi, auglýsingakerfi, spjallborð, æfingatímakerfi, starfsmanna- og þjálfarakerfi, myndakerfi, póstlistakerfi og vefkannakerfi. Öll þessi kerfi eru sérsníðuð fyrir síðuna.

Umferð á vefnum

Umferð fólks um vefinn hefur aukist stöðugt síðan fyrsti vefurinn leit dagsins ljós árið 1996. Í dag erum við að fá um það bil 90.000 flettingar á mánuði sem myndi fleyta okkur á topp 20 listann yfir mest sóttu vefi landsins í samræmdri vefmælingu Modernus og Samtaka verslunarinnar. Mér er ekki kunnugt um aðsóknartölur annarra vefja hjá íþróttafélögum í landinu, en mér er til efs að umferðin þar sé í líkingu við vefinn okkar.

Framtíðin

Þó að vefurinn sé í góðu standi er alltaf hægt að gera betur. Ég hef hug á að smíða kerfi sem heldur utan um myndalbúm á vefnum. Þá ætti að vera hægt á auðveldan hátt að setja inn myndir af ýmsum atburðum innan félagsins. Það myndi gleðja yngri iðkendurna mikið að sjá myndir af sjálfum sér á vef félagsins. Við höfum kynnst þess konar myndbirtingu í kringum mörg mót og viðburði annarra félaga.

Þeir sem hafa áhuga á að setja sitt mark á vefinn og hjálpa til við þá gríðarlegu vinnu sem er fólgin í því að halda úti góðum vef er velkomið að hafa samband við mig í tölvupósti:

Árni Gunnar vefstjóri
webmaster@valur.is

www.valur.is

„Heavy“ ferðatöskur á heimleið!

Eftir Signýju Heiðu Guðnadóttur og Jóhönnu Láru Brynjólfsdóttur



Svíþjóðarfarar 2. flokks Vals á Cothia Cup sumarið 2003. Hópmmynd: Efri röð frá vinstri: Hildigunnur Jónasdóttir, Lea Sif Valsdóttir, Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir, Regína María Árnadóttir, Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Jónas Guðmundsson þjálfari. Miðröð frá vinstri: Rakel Adolphsdóttir, Ragnhildur Erna Arnórsdóttir, Guðrún María Þorbjörnsdóttir, Christa Hlín Lehmann, Sigrún Þorsteinsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Sigrún Edda Oddsóttir, Signý Heiða Guðnadóttir, Rúna Sif Rafnsdóttir og Lilja Svavarsdóttir.

Annar flokkur kvenna í knattspyrnu ákvað að fara í ferð út 2003, og var Gothia Cup í Svíþjóð fyrir valinu enda höfðu allar farið þangað áður og kom því ekkert annað til greina. Lagt var af stað föstudaginn 11. júlí og hittumst við í Valsheimilinu og tókum rútu til Keflavíkur. Mikil stemning var í rútnni því Lilja átti 17 ára afmæli þann dag og einnig var mikil tilhlökkun fyrir ferðinni sjálfri. Í fríhöfninni var byrjað að versla og keyptum við okkur geislaspilara fyrir hópinn og ferðumst með hann hvert

sem við fórum og því var alltaf mikið stuð hjá okkur.

Flogið var til Gautaborgar með næturflogi og lentum við snemma morguns. Þrátt fyrir þreytuna í mannskapnum var sko farið að líta aðeins í kringum sig og tjekkuð út hin liðin sem voru einnig að fara að keppa. Sumar voru nokkuð ánægðar með umhverfið.

Eftir langa rútuferð fann rútabílstjórinn loks skólann sem við áttum víst að gista í og var hann í Frölunda. Þá var bara málið að koma sér fyrir og farið að

sofa. Fyrsti dagurinn var mjög rólegur og var farið að skoða hverfið og næstu verslunarmiðstöð. Opnunarhátíðin var haldin á aðalleikvanginum í Gautaborg, Ullevi. Það má kalla þá skemmtun langdregna en samt myndaðist heljarinnar stemning.

Auðveld riðlakeppni

Eftir mikið búðarráp og skoðunarferðir byrjaði alvaran svo á mánudeginum þegar við lékum okkar fyrsta leik á móti



Slappað af í sólbaði í Skara Sommerland eftir vel heppnað mót. Frá vinstri: Christa, Guðrún, Rúna, Sigrún Edda, Jenný, Jóhanna, Lilja, Lea, Signý og Rakel.



„Drullugar eftir leik í úrhellisrigningu.“ Frá vinstri: Jenný, Rakel, Signý, Lea, Lilja, Rúna og Guðrún.

sænska liðinu Bjårelaget og gerðum við okkur lítið fyrir og unnum 7–0 þrátt fyrir gríðarlegan hita sem við vorum ekki vanar og eftir leikinn var farið beinustu leið í búð til að kaupa fötur og svampa svo við gætum skvett á okkur.

Talandi um hita, þá var mjög erfitt að vera úti og þurftum við helst að ganga um Gautaborg hálf naktar og alltaf með vatnsflösku. Eftir leikina fórum við í sturtu sem var við hliðina á svefnstaðnum okkar sem var mjög gott vegna þess að þangað fórum við oft á dag vegna hita og svita. Á þriðjudeginum var keppt við annað sænskt lið, Skoghalls FF og við unnum þær 3–0. Á miðvikudeginum vorum við vongóðar um að vinna riðilinn

okkar og spila í 32-liða A úrslitum. Það réttist þegar við unnum örugglega 5–1 danska liðið B 1913.

Meðal 8 bestu liða

Fimmtudagurinn rann upp og við lögðum af stað í 32ja-liða úrslitin, við kepptum á móti Arnás IF frá Svíþjóð og unnum þann leik 1–0 í hnífjöfnum leik! Heppnar... Komnar í 16-liða úrslit. Fengum okkur að borða og fórum beint í næsta leik hinum megin í Gautaborg. Þar áttum við að spila við Vimmerby IF einnig frá Svíþjóð. Það voru þrumur og eldingar, rigning eins og hellt væri úr fötu og þegar við vorum búnar að hita upp og enginn

dómari kom þá leist okkur ekki á blikuna, leiknum var frestað um óákveðinn tíma og þarna áttum við bara að standa rennvotar og bíða eftir leiknum. Það var í sjálfu sér frekar gaman og við fengum margan manninn til að hlægja að okkur en við vorum í sannkölluðu brandaraskínuskapi. Keppnissskapið var í hámarki og við Frónbúar vildum helst klára þennan leik. Þetta var án efa mesti stuðleikur mótsins. Við unnum þennan eftirminnilega leik örugglega 3–0 og vorum þar með komnar í 8 liða A úrslit. Við fórum beint upp í skóla og ekki var mikil orka eftir þannig að flestar fóru beint í háttinn. Morguninn eftir var haldið beint í 8-liða úrslit. Þar mættum við mjög sterku sænsku liði, Hammenhøgs IF. Þar lauk þátttöku okkar þetta árið á Gothia Cup í hnífjöfnum leik en þær höfðu heppnina með sér og unnu okkur 1–0. Við vorum sáttar við árangurinn að lenda í 5.-8. sæti af rúmlega 70 liðum sem tóku þátt í 2. flokki kvenna. Mikilið álag var á okkur þar sem hópurinn var ekki fjölmennur og sumar gátu lítið leikið vegna meiðsla.

Fjörugt líf utan vallar

Kvöldin fóru oftast í alls kyns afþreyingu, m.a. í tívolíð Liseberg, í bæinn að skoða mannlífið, o.m.fl. Næstsíðasta daginn fórum við í Skara Sommerland og þurftum að flytja okkur um skóla og vera með íslensku liðunum. Í Skara nutum við veðursins til hins ýrasta og fengum adrenalínkikk í rennibrautunum. Sváfum svo á leiðinni í nýja skólann. Versluðum seinasta daginn og gjörsamlega eyddum síðustu aurunum í allt og ekkert.

Á þessum tíu dögum sem við dvöldum í Gautaborg varð einn veitingastaður okkur mjög kær, Pizza Hut í Fimmunni. Þar eignuðumst við góðan vin, aðalþjóninn, sem við kusum að kalla *Honey Bunny*.

Á einhvern dularfullan hátt náðu verslanir í Gautaborg að tæma veskin okkar eftir að við áttum leið hjá, enda var mikilið hringt heim og beðið um viðbótarstyrki frá foreldrum. Við enduðum all flestar með appelsínugulan miða á töskunum okkar sem á stóð „heavy.“ Það kom okkur ekkert svakalega á óvart.

Þetta var frábær ferð í alla staði og hún hefði aldrei tekist jafn vel ef það væri ekki fyrir fararstjórana Ástu og Huldu og þjálfarann okkar hann Jónas.

Lífið er stuttur draumur

Elvar Friðriksson er leikmaður í 3. flokki karla í handbolta

Fæðingardagur og ár: 12. júní 1986.

Nám: Menntaskólinn í Reykjavík.

Kærasta: Á lausu.

Einhver í sigtinu: Já alltaf.

Hvað ætlar þú að verða:

Atvinnumaður í handbolta, lögfræðingur eða flugmaður.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Ræstitæknir.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár:

Vonandi góð.

Af hverju handbolta: Þegar ég var að byrja þá mátti ég velja um hvort ég færi í fóbolta eða handbolta og ég valdi áhugaverðari íþróttina.

Eftirminnilegast úr boltanum:

Þegar við unnum bikarinn í 4 flokki. Við unnum Fram með einu marki í æsisþennandi leik.

Ein setning eftir tímabilið: Áhuga-verður og skemmtilegur tími.

Skemmtilegustu mistök: Talaði við gínu í Nanooq, sem ég hélt að væri lifandi afgreiðslumaður.

Mesta prakkarastrik: Þegar ég var 6–7 ára, þá ákvað ég að það væri rosa sniðugt að hoppa ofan á bíl nágrannans. Það féll ekki vel í kramið hjá honum.

Fyndnasta atvik: Þegar ég vaknaði undir rúmi eftir erfiða nótt.

Stærsta stundin: Fyrsti landsleikurinn á Partille þó svo að hann hafi verið bara 15 mínútur þá keppti maður engu að síður fyrir Íslands hönd og þegar við urðum bikarmeistarar í 4. flokki.

Hvað hlær þig í sturtu: Hvað Davíð er loðinn.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki: Bjarki Sigurðsson.

Hver á ljótasta bílinn:

Pálmar Pétursson.

Hvað lýsir þínum húmor best:

Fimm aura brandarar.

Mottó: Lífið er stuttur draumur.

Fyrirmynd í boltanum:

Ólafur Stefánsson.

Leyndasti draumur: Að geta flogið.

Við hvaða aðstæður líður þér best:

Í góðra vina hópi.

Hvaða setningu notarðu oftast:

Hvað er í matinn?

Skemmtulegustu gallarnir: Ég get verið mjög morgunfúll. Og það hefur því miður bitnað á mörgum.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: Mig langar svo að geta gert allt fyrir þig og gert þig hamingjusaman.

Fullkomið laugardagskvöld: Vídeó með gullfallegru stelpu.

Hvaða flík þykir þér

vænst um: Vals-treyjuna og jakka-fötin.

Besti söngvari:

Söngvarinn í Muse.

Besta hlóm-sveit: Muse.

Besta hlóm-sveit: Muse.

Besta bíómynd: Boondock Saints.

Besta bók: Englar Alheimsins.

Besta lag: In Flames-man made god.

Uppáhaldsvefsíðan: Engin sérstök.

Eftir hverju sérðu mest: Að hafa ekki upplifað enn meira en ég hef gert í gegnum tíðina.


Ef þú yrðir að vera einhver annar:

Æ ég veit það ekki, bara einhver sem á fallega konu og er ríkur t.d. Brad Pitt.

4 orð um Óskar Bjarna Þjálfara:

Hefur vit á handbolta.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Halda áfram á sömu braut.



Elísabet og Gylfi snúa heim að Hlíðarenda



Elísabet og Gylfi spila fótbolta á brúðkaupsdaginn sumarið 2003.



Elísabet með stúlkum úr 5. flokki í knattspyrnu 2003 – 2004. Signý Heiða Guðnadóttir aðstoðarþjálfari er einnig í hópnum.

Elísabet Gunnarsdóttir og Gylfi Sigurðsson gengu í það heilaga 30. ágúst síðastliðið sumar og var þá mikið um dýrðir. Elísabet var í haust ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Val og Gylfi var ráðinn þjálfari hjá 5. flokki karla en þau hafa bæði mikla reynslu af þjálfun og eru Valsmönnum að góðu kunn.

Elísabet hóf þjálfaraferil sinn hjá Val 1993 sem aðstoðarþjálfari 4. og 5. flokks kvenna. Hún þjálfaði yngri flokka kvenna síðan allt frá 6. flokki – 2. flokks. Hún þjálfaði þá margar af þeim efnilegu leikmönnum sem nú eru í meistaraflokki kvenna. Árið 2001 breytti hún til og tók að sér þjálfun meistaraflokks kvenna í Vestmannaeyjum hjá ÍBV. Árið 2002 – 2003 þjálfaði hún 2. flokk kvenna hjá Breiðablik. Auk þess hefur hún þjálfað í knattspyrnuakademíu Íslands frá 2002.

Hún er íþróttakennari að mennt og hefur lokið A-B-C-D stigi KSÍ í þjálfun.

Gylfi hóf þjálfaraferilinn árið 1994 hjá Sindra á Hornafirði sem þjálfari 6. og 7. flokks drengja. Þjálfaði síðan U12 lið í Bandaríkjunum í eitt ár áður en hann kom til Vals árið 1998 þar sem hann tók að sér þjálfun yngri flokka kvenna ásamt Elísabetu.

Árið 2000 – 2001 þjálfaði hann 5. flokk karla hjá Val. Hann er íþróttakennari að mennt og hefur lokið A-B-C stigi KSÍ í þjálfun.

Þau segja að góður þjálfari þurfi að vera skipulagður, hafa mikinn áhuga á starfinu og vera góð fyrirmynd iðkenda sinna. Þjálfarar þurfi að auki að geta tekið gagnrýni og læra að vinna með hana því þjálfarar séu sífellt að læra og sjá nýja hluti í starfinu.

Þeim finnst forgangsmál að lagfæra

aðstæður á Hlíðarenda til knattspyrnu-
iðkunar hið snarasta. Yfirbyggt knattús
yrði efst á listanum í forgangsroðinni ef
þau fengju einhverju um það ráðið.

Gaman að koma aftur að Hlíðarenda og þjálfara

Þeim finnst frábært að koma aftur á
Hlíðarenda eftir að hafa villst að heiman
eins og þau taka til orða. Þeim finnst frá-
bært að sjá hversu fjölmennir yngri
flokkarnir eru orðnir í fótboltanum. Fyrir
nokkrum árum hafi verið erfitt að manna
flokkana en nú virðist önnur tíð, flokk-
arnir eru fullir af mjög frambærilegum
leikmönnum sem munu án efa verða
miklir gullmolar fyrir félagið.

Elísabet segir að það sé gaman fyrir sig
að koma aftur inn í yngri flokka þjálfunina
hjá félaginu, „Sérstaklega er gaman að
taka við einstaklingum í 5. flokki sem Lea,
Rakel, Jóhanna og Signý hafa þjálfað. Það
er gaman að uppaldir Valsarar séu að verða
svo góðir þjálfarar,“ segir Elísabet og er
greinilega ánægð með stöðu mála.



Gylfi með fríðum hópi úr 5. flokki karla í knattspyrnu 2003–2004.

Meistarflokkur kvenna í knattspyrnu til alls líklegur

Aðspurð líst Elísabetu afskaplega vel á
meistaraflokkshópinum sem sé mjög hæfi-
leikaríkur og skemmtilegur. „Liðinu hefur
hins vegar ekki gengið eins vel og vænst

hefur verið af því og ég lít á það sem mitt
hlutverk að bæta það sem þarf til að kom-
ast enn lengra. Liðið hefur alla burði til að
ná árangri en það kostar vinnu og tíma og
við munum nota tímann vel til að sýna
betri árangur,“ segir Elísabet.

Langar að spila fótbolta með góðu liði í útlöndum

Guðmundur Steinn Hafsteinsson er leikmaður 4. fl. í knattspyrnu

Guðmundur er 14 ára og hefur æft með
Val síðan hann var 5 ára. Það er engin
sértök ástæða fyrir því að hann gekk í
Val önnur en sú að félagið er í hverfinu.
Strákarnir úr bekknum voru líka að æfa
en eru reyndar flestir hættir. Honum
finnst mjög gaman að æfa í Val hefur
alltaf verið með góða þjálfara að eigin
sögn og hefur aldrei langað að æfa ann-
ars staðar.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hef-
ur þú fengið frá foreldrum þínum í
sambandi við fótboltann?**

„Ég hef fengið góðan stuðning frá forel-
dnum mínum, þau sýna því sem ég er
að gera í fótboltanum áhuga og hvetja
mig áfram. Stuðningur foreldra skiptir
miklu máli og þegar hann er góður lang-
ar mann meira að standa sig vel.“

– **Hvernig gekk hjá ykkur á síðasta
tímabili?**

„Á síðasta tímabili gekk okkur nokk-
uð vel en komumst samt ekki í úrslita-
keppnina á Íslandsmóttinu sem var okkar

markmið við enduðum um miðja deild
sem gaf alls ekki rétta mynd af því hvað
við getum og hefðum átt að gera betur.
Annars kepptum við á Reykjavíkurmóti
þar sem gekk illa, haustmóti og tveimur
innanhusmóttum. Hópurinn í 3. flokki
núna er mjög góður og við eigum að
geta staðið okkur vel.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í boltanum?**

„Ég fylgist mikið með Michael Ball-
ack, hann er frábær leikmaður og
skemmtilegt að sjá hvernig hann spilar.“

– **Hvað þarf til að ná langt í fótbolta
eða íþróttum almennt.**

„Það þarf að hlusta á þjálfarann og
fara eftir því sem hann segir. Þá þarf að
hafa trú á sjálfum sér, borða og sofa vel
og svo er aðalatriðið að æfa vel. Það sem
ég þarf helst að bæta er að láta boltann
ganga fyrr og nota færri snertingar á
boltann.“

– **Áttir þú von á því að fá Lollabik-
arinn?**

„Nei, ég átti alls ekki von á því.“

Ungir Valsarar



– **Hvers vegna fótbolti?**

„Frænka mín, Guðrún Sæmundsdóttir,
var í meistaraflokki Vals og ég byrjaði
að fara með henni niðri Val og fékk
áhuga á fótbolta. Að spila fótbolta er það
skemmtilegasta sem ég geri. Ég hef ekki
æft neitt annað en fótbolta.“

– **Hverjir eru þínir framtíðardraum-
ar í fótbolta?**

„Mig langar mest að geta spilað fót-
bolta með góðu liði í útlöndum, en
mestu skiptir að vera ánægður með það
sem maður er að gera og finnast það
gaman.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Það var séra Friðrik 11. maí árið
1911.“

Ég mætti vera betri með vinstri

Rósa Hauksdóttir leikmaður 2. flokks í knattspyrnu

Rósa er nú 15 ára gömul nýbyrjuð í 2. flokki en hún byrjaði að æfa fótbolta 7 ára og hefur alltaf verið í Val. Rósa var nú í haust valin í úrtökuhóp á æfingar fyrir U17 ára landsliðið og er ákaflega efnileg. Hún segir að foreldrar sínir hafi stutt sig mjög mikið í fótboltanum. Henni finnst mjög mikilvægt að foreldrar sýni áhuga á því sem börnin þeirra eru að gera, sama hvað það er sem þau stunda. „Eftir leiki segja þau mér hvað var að og ég reyni að bæta það. Þau hafa hvatt mig áfram í gegnum árin og ég er mjög þakklát fyrir það.“

– **Hvernig gekk hjá ykkur á síðasta tímabili?**

„Það gekk bara ágætlega. Það munaði litlu að við kæmumst áfram í úrslitakeppnina í Íslandsmótinu en við klúðruðum því með því að tapa einhverjum leikjum sem við áttum að vinna. Við tókum líka þátt í Rey Cup sem var mjög skemmtilegt mót. Þar var aðalmarkmiðið að skemmta sér vel sem við og gerðum. Ég og þrjár aðrar stelpur fórum líka til Blackpool í Englandi í fótboltaskóla Bobby Charlton. Það var alveg geðveikt stuð þar sem við vorum mest í fótbolta en líka að gera margt annað, t.d. fórum við í tívolí, að versla og að skoða Old Trafford.“

– **Manstu eftir skemmtilegu atviki úr boltanum?**

„Ég man eftir því þegar ég var í 6. flokki. Ég var á þæjumótinu í Eyjum. Það var í einum leik þar sem ég var með boltann og byrjaði að hlaupa upp allan völlinn en fattaði svo að ég var að hlaupa í vitlausa átt að mínu eigin marki. Svo kom þetta í þæjufréttum sem var svona fréttablað af þæjumótinu að einhver stelpa úr Val hafi hlaupið upp allan völl-

inn að sínu eigin marki og að þjálfarinn hennar hafi rétt náð að stoppa hana áður en hún skaut. Ég var sem betur fer ekki nafngreind í þessu blaði. Það sem er eftirminnilegast utan vallar er bara öll Svíþjóðarferðin í fyrra sem var alveg frábær.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í boltanum?**

„Sá leikmaður sem mér finnst bestur er Thierry Henry í Arsenal. Hann er að mínu mati besti *center* í heimi, með allt sem góður framherji þarf. Sá Íslendingur sem ég lít mest upp til er Eiður Smári Guðjónsson sem er alveg geðveikur.“

– **Hvað þarf til að ná langt í fótbolta?**

„Sjálfsaga, sjálfstraust og hæfileika í fótbolta. Ég mætti alveg vera aðeins betri með vinstri. Ég er svo sem ágæt en þyrfti að vera hittnari með honum.“

– **Hvers vegna fótbolti?**

„Ég hef bara alltaf haft áhuga á fótbolta síðan ég var 5 eða 6 ára og valdi sjálf að fara í fótbolta, ég hef æft handbolta, og svo æfði ég frjálsar íþróttir veturinn 2001 en það var bara til þess að komast í gott form. En ég fékk leið á

þessum tveimur íþróttum en fæ aldrei leið á fótbolta.“

– **Hverjir eru þínir framfóðardraumar?**

„Í fótbolta er það bara að halda áfram í þessu og standa mig vel. Svo væri náttúrulega draumur að komast í A-landsliðið. En í lífinu er það bara að vera hamingjusöm allt mitt líf.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Friðrik Friðriksson, 11. maí 1911, held ég.“



Nýr íþróttafulltrúi VALS



Þórður Jensson íþróttakennari, nýr íþróttafulltrúi Vals fylgist vel með starfinu.

Þórður Jensson íþróttakennari er nýráðinn íþróttafulltrúi Vals og kann hann ákaflega vel við sig að Hlíðarenda og telur framtíð félagsins bjarta. Hann gerir lítið úr íþróttuferli sínum en var þó liðtækur í körfubolta á yngri árum.

Starf íþróttafulltrúa er ákaflega fjölbreytt. Hann hefur umsjón með og skipuleggur íþróttalega þætti í starfi yngri iðkenda hjá íþróttafélaginu; er skólastjóri íþróttaskóla barnanna; aðstoðar við skipulagningu móta og sér um samskipti deilda við sársambönd innan íþróttahreyfingarinnar, s.s. HSÍ, KSÍ og KKÍ. Íþróttafulltrúi sér um þróun og skipulagningu Íþróttaskóla VALS í samstarfi við grunnskóla og hefur umsjón með Sumarbúðum í borg. Einnig er hann ráðgjafi deilda félagsins við ráðningar á hjálfurum, samræmir aðgerðir stjórna og

þjálfara í daglegum verkefnum og aðstoðar deildir og foreldraráð við undirbúning og skipulag fjáraflana. Íþróttafulltrúi er í miklum samskiptum við nánast alla í félaginu.

Bakgrunnur Þórðar íþróttafulltrúa

Það er forvitnilegt að kynnast aðeins bakgrunni íþróttafulltrúa og talið berst að afrekum hans á íþróttavellinum. Hann vill ekki gera mikið úr eigin íþróttafrekum en segist þó hafa lagt stund á nokkrar íþróttagreinar í æsku. „Aðallega lagði ég stund á fótbolta á sumrin og svo körfubolta um veturinn þegar ekki var hægt að halda fótboltanum áfram. Ekki var mikið um afrek, þ.e.a.s. titla í smábæ úti á landi, fyrir utan 1 Íslandsmeistaratitil í 1. deildinni í körfu með KFÍ fyrir nokkrum

árum. Ég hef allaf haft gaman af íþróttum og nánast sama hvað það var. Þannig að það lá vel við að skella sér í íþróttakennaranám á Laugarvatn. Þaðan útskrifaðist ég '99 og kenndi í eitt ár við Menntaskólann á Ísafirði. Eftir eitt ár í kennslu skellti ég mér til Bandaríkjanna til að leggja stund á nám í markaðsfræði og spila fótbolta samhliða því. Að loknu námi kom ég heim um seinustu áramót og tók að mér kennslu í íþróttum í Korpuskóla í Reykjavík fram á vor.“

Hvernig kom það til að þú réðst til Vals?

„Ég sá starfið auglýst og fannst nú ekki hægt að láta það fram hjá sér fara að sækja um starf sem þetta hjá félagi með jafn merkilega sögu. Fagnaðarerindi Vals

barst mér ekki eins fljótt öðrum Völsurum þar sem ég kem utan af landi, en það voru ekki mörg lið sem voru jafn áberandi og Valur þegar ég var yngri og því ekki annað hægt en að smitast og nú er maður rauður í gegn.“

Hvernig líst þér á starfið hjá Val?

„Starfið sem slíkt er mjög víðtækt og spennandi og framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu Vals. Það eru allir því sammála að hefja þarf félagið upp á ný og fjölga iðkendum í öllum deildum. Það eru margir tilbúnir að hjálpa til við það verkefni og gott er að vera í þannig umhverfi. Ég er mjög ánægður með að starfa fyrir Val. Hlakka ég mjög til að takast á við þá vinnu sem fylgir uppbyggingunni og bjóða iðkendum góða þjónustu samfara þeim breytingum sem verða á félaginu með tilkomu nýrrar aðstöðu.“

Íþróttanámskrá Vals í smíðum

Þórður hefur í haust tekið þátt í vinnu að gerð íþróttanámskrár Vals og hefur líkað það starf vel. Hann segir námskrána sem slíka vera mjög þarfa fyrir hvert íþróttafélag. Hún mótar framtíðarstefnu í uppbyggingu íþróttta og tómstunda hjá Val. Með íþróttanámskránni er sett fram bæði framkvæmda- og þjálfunarskipulag félagsins. Þar er að finna almennar upplýsingar um félagið, hvernig lagt er upp með þjálfun barna og unglinga innan félagsins og almenna uppbyggingu og stjórnun íþróttta. Fjallað er um þroska barna og unglinga og ýmis þjálfraðileg og uppeldisleg atriði sem fyrir þá sem starfa með börnum og unglingum er nauðsynlegt að vita. Námskráin getur auðveldað þeim sem vinna að starfi félagsins, bæði hvað varðar skipulagningu og þjálfun.



Nokkrir efnilegir valsmenn á góðri stundu.

„Einnig stefnum við á að útbúa námskrá fyrir hverja deild fyrir sig þar sem þjálfarar geta sótt aðferðir og efni sem samkvæmt stefnu félagsins ætti að taka fyrir hverju sinni hjá yngri flokkum Vals. Þar kæmi fram hvaða þætti ætti að vinna með hjá hverjum flokki fyrir sig. Mun það auðvelda starf þjálfara þar sem þeir geta séð hvað búið er að kenna hverjum flokki og geta því betur skipulagt vinnu sína sem mun leiða til betri undirbúnings, betri framkvæmdar og vonandi betra félags almennt.“

Heimsóknir í grunnskóla í hverfinu

Þórður telur erfitt að segja hvort heimsóknirnar sem slíkar hafi skilað fleiri iðkendum til félagsins, en þær hafi vakið athygli og félagið hafi minnt á sig bæði hjá krökkunum og skólunum í hverfinu. Heimsóknirnar séu þó bara einn þáttur í útbreiðslustarfsemi Vals, sem vonandi mun skila sér í fjölgun iðkenda.

„Við heimsóttum krakka í 1. – 7. bekk í Austurbæjar-, Hlíða-, Háteigs- og Ísaksskóla í byrjun október og var tekið vel á moti okkur á öllum stöðum. Með mér komu nokkrir valinkunnir Valsarar. Herramenn eins og Guðni Bergs, Geir Sveins, Pétur Guðmunds, Markús Máni og Óskar Bjarni, spjölluðu við krakkana og hvöttu til almennrar íþróttaiðkunar um leið og þeir afhentu kynningarbækling Vals og buðu krakkana velkomna á Hlíðarenda. Einnig gáfum við hverjum bekk einn bolta fyrir krakkana til að nota á skólalóðinni.“

Hvaða hugmyndir hefur þú um að efla barna- og unglिंगastarfið hjá Val?

Þórður telur ýmislegt þurfa að gera, bæði til þess til þess að laða að nýja iðkendur og til þess að halda þeim krökkum sem

stunda íþróttir við efnið. Hann segir félagið leggja áherslu á að vera með mjög hæfan hóp þjálfara í öllum deildum sem skilar sér vel þegar fram líður hvað varðar iðkendur og orðstír félagsins í barna- og unglिंगaþjálfun. Hann segir mjög mikilvægt að þjálfarar séu agaðir hvað varðar vinnu sína sem og annað, séu undirbúnir og taki starf sitt alvarlega.

„Mér finnst líka athyglisverð hugmynd að svokölluðum byrjendaflokki sem skotið hefur upp kollinum eftir samtal við nokkra þjálfara. Þar gætu krakkar komið á æfingar þar sem farið yrði í ýmsa leiki og æfingar sem tengjast íþróttgreininum sem stundaðar eru hjá Val. Þá fengju krakkarnir að kynna þeim greinum sem eru í boði hjá Val og gætu valin sér grein eða greinar eftir því. Það væri bæði hægt að hafa það aðskilið milli deilda eða sameiginlegt þar sem krakkarnir fengju kennslu í greinum. Fyrir þessa krakka væri rúkað lítið sem ekki neitt æfingagjald þar sem þetta væri einungis einu sinni í viku og stuttan tíma í sinn. Einnig stendur til að reyna að endurvefja íþróttaskóla Vals fyrir börn 3 – 5 ára. Þar er um að ræða hinn venjulega íþróttaskóla þar sem farið yrði í allskyns leiki og þrautbrautir þar sem foreldrar fylgja börnunum og taka jafnt þátt eða fylgjast með.“

Kynningarstarf mikilvægt

Þórður segir að hver deild gæti tekið að sér að halda sérstakan kynningardag á sinni íþrótt þar sem krökkum úr skólum hvefisins og annars staðar að yrði boðið að mæta og sjá hvernig er á Hlíðarenda. Einnig væri hægt að gera þetta sameiginlega hjá deildunum og halda einskonar Valshátíð. „Þetta eru þó einungis hugmyndir sem vert er að athuga og er ekkert ákveðið í þeim efnum. Ef einhverjir hafa aðrar, nýjar og góðar hugmyndir þá vil ég endilega heyra í þeim og athuga hvort þær hugmyndir myndu hjálpa Val að verða að ennþá betra félagi.“

Hvaða skilaboð viltu að lokum senda til allra iðkenda í yngri flokkum Vals?

„Ég vil einfaldlega hvetja þau til að halda áfram og leggja hart að sér því það mun að lokum skila sér, hvort sem er á íþróttavellinum eða annars staðar. Almenn íþróttaiðkun gefur svo mikið af sér þegar til framtíðar er lítið og hún er góður undirbúningur fyrir það sem koma skal.“

Valsdrottningar



Valsdrottningar Ljónynjumeistarar á Akureyri 2002. Efri röð frá vinstri: Kristbjörg Ingadóttir, Bryndís Valsdóttir, Hera Ármannsdóttir, Arney Magnúsdóttir, Kristín Arnþórsdóttir og Kristín Briem. Neðri röð frá vinstri: Ragnheiður Víkingsdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir og Jón Ólafur sonur Ingibjargar.

Það dugar ekki minni titill á vaskan hóp telpna sem eru rétt að skrifa af léttasta skeiðinu. Búnaðar vinna alla titla sem í boði voru, lagðist knattspyrnuíðkun af um tíma og við tók framleiðsla á nýrri kynslóð knattspyrnuvenna og örfárra drengja. En það þýddi ekki að sitja heima og lesa... og hópurinn fór að hittast aftur reglulega að vísu undir öðrum formerkjum svona til að byrja með. Það leiddi aftur til þess að ákveðið var að þurrka rykið af gömlu knattspyrnuskónum og taka aftur þátt í keppni.

Eitt mót hafði bæst við frá því á árum áður, sem var Ljónynjumótið á Akureyri. Þennan titil höfðum við aldrei reynt við og skunduðum því norður með fríðu föruneyti í júlí 2002. Það fór bara á einn veg, Ljónynjumeistarar urðum við að sjálfsgöðu. Við töldum okkur fullfærar um að halda titlinum án mikilla æfinga á þessu ári, en nú voru leikirnir settir á fullsnemma fyrir okkar smekk, svo að við létum titilinn af hendi yfir til Skagavenna. Þetta var að sjálfsgöðu ósættanlegt, svo að nú hittumst við vikulega og spilum innanhúss okkur til mikils gagns og gamans, og er nú svo komið að heimilislífið miðast aftur við það að komast á æfingu.



Lávarðarnir – hið sigursæla lið Vals á Pollamóti Þórs 2003

Valsliðið var komið í úrslitaleik Lávarðadeildar þegar mótisstjórn Þórs vísaði því úr mótinu á grundvelli þess að liðið hafði sleppt leik í riðlakeppninni. Á myndinni eru í efri röð frá vinstri: Hörður Júlíusson, Sævar Jónsson, Brynjar Níelsson, Jóhann Kristjánsson, Sigtryggur Ólafsson, Úlfar Hróarsson, Sævar Tryggvason. Fyrir framan eru Jón Gunnar Bergs og Ólafur K. Ólafsson.

Hver er Valsmaðurinn: Ólafur Már Sigurðsson

Það má aldrei ríkja meðalmennska hjá Val



Ólafur Már Sigurðsson á fimmtugsafmælinu með æskufélögum úr Eyjum, bræðrunum Ásgeiri og Ólafu Sigurvínssonum.

Ólafur Már Sigurðsson hefur samtals tekið þátt í stjórn íþróttafélaga í um aldarfjórðung, fyrst hjá Hugin á Seyðisfirði og síðan hjá Val en fylgist nú með knattspyrnuíðkun sona sinna af hliðarlínunni af áhuga.

Ólafur Már Sigurðsson er fæddur 29. nóvember 1953 og er því fimmtugur á þessu ári og hélt á afmælisdaginn veislu í Valsheimilinu. Hann er sonur hjónanna Jóhönnu Magnúsdóttur og Sigurðar Magnússonar og er yngstur fjögurra systkina. Hann á ættir að rekja til Seyðisfjarðar en ólst upp í Vestmannaeyjum. Ólafur Már lék knattspyrnu með yngri flokkum Þórs í Vestmannaeyjum og bjó síðan 1971 – 1984 á Seyðisfirði og lék með meistaraflokki Hugins frá 1971 – 1984 og sat allan þann tíma í stjórn þess félags. Hann fluttist suður til Reykjavíkur og settist fljótlega í stjórn knattspyrnudeildar Vals og var formaður unglíngaráðs knattspyrnudeildar Vals 1999 –

2002. Hann hefur aldrei leikið með Val nema með Old boys. Nú á hann tvo efnilega drengi í Gróttu, en það er greinilegt að Ólafur Már er með stórt Valshjarta og taugar hans til félagsins eru mjög sterkar. Einnig vill hann að fram komi að hann er ötull stuðningsmaður Southamton. Hann hefur auk þess sungið með Valskórnum frá stofnun hans fyrir 10 árum.

Æskuminningar frá Eyjum

Talið berst í upphafi að æskuárunum í Vestmannaeyjum og greinilegt er að Ólafur Már á margar góðar minningar þaðan. Á æskuárunum minnst hann þess að hafa alist upp í hópi ærslafullra og

gláðværra drengja sem léku sér í skemmtilegum útileikjum eins og *fallin spýta*, *bófahasar* og *fótbolta*. Eftirminnilegt er þegar snjó festi haustið 1963. „Ég man eins og gerst hafi í gær þegar við krakkarnir vorum að leika okkur á sleðum 22. nóvember 1963, en það festi afar sjaldan snjó í Eyjum, þegar einn krakinn kom út og hrópaði „Kennedy forseti var skotinn.“ Krakkahópurinn tvístraðist og hættu allir samstundis leik og hlupu heim til að heyra nánar frá þessum voðatburði. 14. nóvember þetta sama ár byrjaði Surtseyjargosið og ég man að við krakkarnir fengum frí í skólanum til að fara suður á eyju að fylgjast með gosinu og mörg kvöld fórum við feðgarnir í kvöldgöngu vestur að Hásteini til að fylgjast með þessu tignarlega gosi.“

Ólafur lék með Þór í Eyjum

Ólafur ólst upp á Kirkjuvegi 57 í hverfi Þórara og æfði af kappi fótbolta og lék með Þór og á margar góðar minningar frá þeim árum. „Ég kynntist t.d. vel nágrannafjölskyldu sem þá var nýflutt að Hvítungavegi 8 og strákunum á því heimili, Andrési leikara, Ólafi Þór og Ásgeiri Sigurvinssonum, en yngri bræðurnir, Ólafur og Ásgeir léku með Tý.“ Ólafur segir að strákarnir í hverfinu hafi líka stofnað fótboltafélagið Vísi sem hafi leikið á spítalátúninu öllum stundum auk þess að strákarnir æfðu og léku með félagunum Þór og Tý. „Við lékum á kvöldin, um helgar, eftir skóla og í matartímum, slíkur var áhuginn. Alltaf var hörð rimma milli Þórs og Týs og þótt Ásgeir væri tveimur árum yngri en ég þá spilaði hann upp fyrir sig og var ákaflega erfiður mótherji. Þór var með frambærilegt lið á þessum árum og margir efnilegir drengir léku þar. Minnst ég þar sérstaklega æskufélaga míns Ólafs Friðrikssonar sem var leikinn og markheppinn framherji, hann lék síðar með Breiðablik og Guðjóns Harðarsonar og Jóns Gíslasonar sem síðar urðu leikmenn með meistaraflakki Vals. Þjálfari okkar í 5. flokki var Sævar Tryggvason, einn besti leikmaður ÍBV og síðar leikmaður og félagi í Val.“

Snemma byrjaði Valshjarta að slá í Eyjapeyjanum

Ólafi finnst skemmtilegt að rifja upp hvernig hann kynntist Val fyrst sem barn í Vestmannaeyjum. „Á berskuárunum bjó ég stóru húsi með risi og foreldrar mínir



Ólafur Már með Old boys Vals á pollamóti Þórs á Akureyri 1992.

leigðu út eitt risherbergið. Í því bjó maður sem hér Ásmundur Steinsson rennismiður, áður frægur íþróttagarpur, m.a. Íslandsmeistari í stangarstökki en ekki síður knattspyrnu, sem markmaður hjá Þór um árabil. Ásmundur var sonur Kristínar Friðriksdóttur systur séra Friðriks Friðrikssonar og hann sagði mér margar sögur af séra Friðrik og ég tók einnig virkan þátt í drengjafundum hjá KFUM í Vestmannaeyjum og voru þessir fundir mjög eftirminnilegir. Ásmundur þessi var t.d. fenginn til að leika í marki Vals í annarri utanlandsferð félagsins sem farin var til Noregs og Danmerkur sumarið 1935 en fyrsta ferð félagsins á erlenda grund var árið 1933 til Danmerkur. Valur var mjög ofarlega í huga Ásmundar og þannig má segja að ég hafi fengið mitt Valshjarta. Ég hreyfst einnig af því þegar Valur kom til Vestmannaeyja að leika, búningurinn, þessi merka saga og glæst afrek, og ég hélt alltaf með Val á Íslandsmóti nema þegar þeir voru að keppa við Vestmannaeyinga. Á seinni árum þegar þessi lið hafa leikið saman þá hef ég haft taugar til beggja liða og sagt sem svo, *megi betra liðið vinna*. Ég hef unað því ágætlega þegar Valmenn hafa tapað fyrir ÍBV ef sigurinn hefur verið sanngjarn.“

Tónlistin er Ólafi einnig hugleikin

Ólafur fékk snemma áhuga á tónlist og hann byrjaði 1967 í unglíngahljómsveitinni Hounds og árið eftir gekk hann til liðs við Takta og lék með þeirri hljómsveit næstu árin. Honum er það ákaflega eftirminnilegt þegar Taktar náðu þeim árangri að vera valin táníngahljómsveit ársins 1969 af gestum á geysilega fjölmennri útihátíð í Húsafelli þar sem hátt í



Meistaraflokkur Hugins á Seyðisfirði í knattspyrnu 1982. Ólafur Már er í efri röð lengst til hægri. Þjálfari Hugins þetta sumar var Ólafur Sigurvinsson æskufélagi úr Eyjum. Með Hugin léku þetta sumar bræðurnir Guðjón og Hilmarr Harðarsynir sem einnig léku með meistaraflakki Vals.

20 þúsund manns voru. Þetta var tvímælaust stærsta stund Takta. Hljómsveitin leystist fljótlega upp þegar meðlimir hennar fóru til framhaldsnáms.

Eftir að Ólafur fluttist til Seyðisfjarðar stofnuðu nokkrir félagar danshljómsveitina Einsdæmi sem varð mjög vinsæl. „Á sumrin spilaði hljómsveitin á dansleikjum fyrir austan en á veturna var hluti hljómsveitar meðlima í Reykjavík og stofnuðu Þokkabót. Á þessu ári eru 30 ár síðan hljómsveitin Einsdæmi kom fyrst saman og af því tilefni fór hópurinn aftur að hittast og æfa og spilaði m.a. á þorra-blóti á Seyðisfirði og í vetur höldum við áfram að æfa og spila á þorrablótum fyrir austan. Við erum rétt að byrja aftur“ segir Ólafur og brosir.

Seyðisfjarðararín og knattspyrnuferill með Hugin

Ólafur fluttist til Seyðisfjarðar árið 1971 þar sem eldri bróðir hans bjó og fór að



Hljómsveitin Einsdæmi 30 árum eftir að hún hóf leik á Seyðisfirði og er enn að. Frá vinstri talið: Gísli Blöndal, Ólafur Már, Magnús Einarsson, Ingólfur Steinson, Halldór Gunnarsson og Gylfi Gunnarsson.



Valsbandið á dansleik að Hlíðarenda 1992. Frá vinstri talið: Ólafur Már, Óttar Felix Hauksson, Guðmundur Frímannsson og Dýri Guðmundsson. Á myndana vantar Einar Óskarsson sem lék á trommur.

vinna í netagerð. Fljótlega fór hann að leika fótbolta með strákunum á Seyðisfirði með Hugín. „Mér fannst umgjörðin um knattspyrnuna ekki nægilega góð hjá félaginu og þrátt fyrir áhuga hjá strákunum var metnaðurinn ekki nægur að mínu mati,“ segir Ólafur ákveðið. „Ég lék nánast óslitið með meistaraflokki Hugíns í knattspyrnu frá sumrinu 1972 til 1984 og ég lék milli 150 – 160 opinbera leiki með í deild og bikar. Ég spilaði yfirleitt á vinstri vængnum og síðar vinstra megin á miðjunni en ég er afskaplega mikill vinstriáfótarmaður, er nánast einfættur og nota hægri fótinn nánast eingöngu til að styðjast við. Ég þótti nokkuð sparkviss með vinstri og hlutverk mitt var að mata framherjana á sendingum auk þess að setja eitt og eitt. Ég man t.d. eftir að hafa skorað tvö keimlík mörk beint úr hornspyrnu með því að skrúfa boltann á stöngina fjær. Þetta eru með mínum eftirminnilegu mörkum, sérstaklega þar sem við unnum í báðum tilfellum leikinn,“ segir Ólafur dreyminn á svip.

„Huginn lék yfirleitt í 3. deild og stundum fengum við ágæta styrkingu þegar strákar komu að sunnan og léku með okkur. Ég kynntist á þessum árum

mörgum mjög skemmtilegum strákum og þau bönd sem bundust á þessum árum halda og ég hef ágætt samband við ýmsa af þessum strákum. Félagsskapurinn í kringum íþróttaiðkun er að mínu viti ómetanlegur og hann fylgir mönnum yfirleitt inn í framtíðina. Ég var formaður knattspyrnudeildar Hugíns nánast allan tímamann og stóð m.a. að útgáfu á blaði félagsins og fannst það tilheyra alvöru félagi eins og ég þekkti frá Eyjum og Val. Mér finnst mjög mikilvægt að gefa út ársrit félaga en það er ómetanleg heimild um starfsemina“ segir Ólafur.

Afdrifaríkur handboltaleikur

Ólafur var líka liðtækur í handbolta og átti sú íþrótt eftir að breyta miklu í lífi hans. „Ég lék fótbolta á sumrum en handbolta á veturna og við unnum ófáa Austurlandsmeistarátíla í handbolta og tókum einnig þátt í Íslandsmótum. Það má segja að handboltinn hafi breytt miklu í mínu lífi, en á handboltamóti fyrir austan árið 1974 brákaðist ég á fingri og ég þurfti að fara í fatla og gat því ekkert unnið í netagerðinni. Það varð m.a. til þess að ég snéri mér nánast fyrir tilviljun að verslunarrekstri og ég keypti verslunina Brattahlíð og starfaði þar sem kaupmaður óslitið til 1984 þegar ég flutti til Reykjavíkur. Í Reykjavík hef ég bæði unnið hjá Bræðrunum Ormsson og hjá Hörpu, nú Hörpu Sjöfn og starfa nú sem deildarstjóri heimilistækjudeildar hjá Ormsson þannig að 1. mars á næsta ári hef ég verið 30 ár samfelt í verslun og viðskiptum.“

Í stjórn knattspyrnudeildar Vals 1986

Árið 1986 hófust fyrir alvöru afskipti Ólafs af félags- og stjórnunarstörfum í Val. „Ég var beðinn að setjast í stjórn knattspyrnudeildar og var þar frá 1986 – 1993. Ég kom síðan aftur inn í stjórnina frá 1999 – 2002 sem formaður unglingsráðs knattspyrnudeildar Vals. Þegar ég lít til baka yfir stjórnarárin í Val, þ.e. 10 ár samtals, þá finnst mér standa upp úr starfið í unglingsráðinu, þrátt fyrir að á fyrra stjórnartímabilinu hafi margir sætir sigrar unnist, t.d. síðasti Íslandsmeistarátíll meistaraflokks karla 1987 og nokkrir bikarmeistarátítlar, m.a. þrjú ár í röð 1990 – 1992. Valsmenn léku ógleymanlega leiki á þessum tíma, t.d. við Juventus, Nantes, Mónaco og fleiri stórlíð. Það er einnig minnisstætt þegar við fórum

með Valsliðið í heimsókn til Seyðisfjarðar sumarið 1992 og lékum þar við Hugín. Á þeim tíma var Valur bikarmeistari og innan liðsins nokkrir okkar þekktustu knattspyrnumanna sem léku einnig með landsliðinu. Þessi heimsókn vakti mikla athygli á Austurlandi, ekki síst vegna þess að með okkur í för var Guðni Bergsson, þá leikmaður með Tottenham. Guðni spilaði með Hugín þennan leik á móti félögum sínum í Val til að stykja lið gestgjafanna. Mér fannst afar ánægulegt að geta komið á Seyðisfjörð með eitt sterkasta knattspyrnulið landsins á þeim tíma til að leika gegn mínu gamla félagi, Hugín og um leið eftir þau sambönd sem ég tel að félög í Reykjavík eigi að rækta við landsbyggðarliðin.

Knattspyrnu- og uppeldisstefna Vals

Það sem ber hæst á stjórnarferlinum er að mínu mati uppbyggingarstarf í unglingsráðinu þar sem ég vann með mjög góðu fólki að stefnumótunarvinnu og rekstri yngri flokka félagsins. Hæst ber vinna við knattspyrnu- og uppeldisstefnu Vals sem unglingsráðið vann að og gaf út á 90 ára afmæli Vals 2001. Mér fannst alltaf vanta skýr markmið og leiðarljós með starfi félagsins. Ef við berum gæfu til að vinna markvisst eftir nýrri knattspyrnu- og uppeldisstefnu þá held ég að við getum byggt upp mjög öflugt félag að Hlíðarenda að nýju. Þá er lykiliði að unglingsmálin verði í góðu lagi, bæði stjórnun og rekstur, öll umgjörð og ekki síst þjálfun. Slæmt aðgengi háir hins vegar í dag starfinu að Hlíðarenda að mínu mati en ég hef miklar væntingar til framtíðarskipulags að Hlíðarenda í samræmi við áætlanir um uppbyggingu á svæðinu og ég tel að það skipti einnig mjög miklu máli ef félagið á að ná sér á strik aftur,“ segir Ólafur og fylgir orðum sínum eftir af mikilli sannfæringu og talari opinskátt út frá eigin reynslu.

Kvennaboltinn ber hróður knattspyrnunnar uppi hjá Val um þessar myndir

Ólafi finnst greinilega ekki nægjanlega vel hafa verið staðið að starfinu hjá Val. Hann segir ákveðið: „Mér finnst ekki hafa verið nægilega vel staðið að unglingsstarfi hjá félaginu um allan tíma og það segir sína sögu að félagið hefur ekki orðið Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í 16 ár. Kvennaboltinn

hefur reyndar verið rós í happgatið hjá félaginu undanfarin ár og þar finnst mér hafa verið mun betur að verki staðið. Það er að verða ár og dagur síðan Valur vann titla í meistaraflokki karla og þær kynslóðir sem nú eru að vaxa úr grasi þekkja ekki Val sem sigursælt knattspyrnufélag, nema í kvennaboltanum. Stelpurnar urðu í sumar Reykjavíkurmestarar, bikarmeistarar og voru ekki langt frá því að landa Íslandsmeistaratitli og það er bara tímaspursmál hvenær stelpurnar ná alslemmu og ég spái þeim Íslandsmeistaratitli næsta sumar. Stelpurnar eru nú þegar orðnar reynslumiklar þótt flestar séu ungar að árum og ég horfi mjög björtum árum til næstu ára í kvennaboltanum,“ segir Ólafur.

Slæm staða í karlaboltanum

Þegar talið berst að stöðu knattspyrnu karla hjá Val þyngist brúnin á Ólafi og hann er greinilega ekki sáttur við stöðu mála. „Valur hefur verið að flakka á milli deilda undanfarin ár og féll að mínu viti óverðskuldað úr úrvalsdeild í sumar en það er staðreynd að félagið leikur í 1. deild á næsta ári, í þriðja sinn á 5 árum og því er erfitt að kyngja. Þegar Valur féll fyrst á milli deilda 1999 leið mér mjög einkennilega. Þetta atvik líður mér aldrei úr minni, þegar ég ók heim frá Grindavík eftir síðasta leik og fallið var staðreynd í fyrsta sinn í sögunni voru sporin óbærilega þung. Þegar Valur féll öðru sinni 2001 voru sporin vissulega mjög þung og líðanin slæm en þegar við féllum í þriðja sinni nú í haust var maður einkennilega dofinn. Þá spurði ég sjálfan mig hvort maður væri farinn að setta sig við meðalmennskuna, þ.e. þetta væri í sjálfu sér ekkert stórmál. Nú finnst mér að félagið eigi að fara í alvarlega naflaskoðun og leggja áherslu á að byggja sig upp til framtíðar. Við eigum aldrei að setta okkur við meðalmennsku hjá Val, þá er eitthvað mikið að“ segir Ólafur og er greinilega þungt í honum hljóðið.

Sigursælir unglíngaflokkar lyklatríði

Ólafur telur að sigursælir unglíngaflokkar séu lykllinn að öflugum meistara-flokki. Skýr markmið verða að vera með starfinu og leggja þarf alúð við að ráða sem besta þjálfara. „Ég vil að félagið vinni markvisst eftir knattspyrnu- og uppeldisstefnu og setji einnig afreksstefnu sem hefjist í 3. flokki karla og 2.



Ólafur Mór Sigurðsson og fjölskylda á fimmtugsafmælinu 29. nóv. 2003. Frá vinstri: Börn Ólafs: Stella Hrönn Hildur, Bjarki Már, Ólafur Ægir, afmælisbarnið, Jónína Þóra, Sigrún Ægisdóttir kona Ólafs og Einar Páll Kjærnested tengdasonur.

flokki kvenna og fylgi henni fast eftir. Við þurfum að fjölga iðkendum í yngri flokkunum þar sem sumir flokkarnir eru mjög þunnskipaðir þannig að eitt af brýnustu verkefnum er að fjölga iðkendum og bæta þjálfunina“ segir Ólafur. „Gerð íþróttanámskrár Vals er á lokastigi, fyrir liggur knattspyrnu- og uppeldisstefna, búið er að ráða íþróttafulltrúa og næsta stórverkefni er að byggja upp markvissa afreksstefnu og fylgja henni fast eftir. Mér finnst að Valur eigi að stefna að því að vera ávallt í fremstu röð og til þess að svo megi verða þá þarf félagið að leggja metnað í að ala upp eigin knattspyrnumenn,“ segir Ólafur ákveðið.

Aukið samstarf við grunnskóla hverfisins

Ólafur sér fyrir sér miklu sterkara samstarf Vals við skólana í hverfinu. „Mér finnst umgjörðin hér á Seltjarnarnesi miklu betri en ég er núna að ala upp tvo stráka sem æfa með Gróttu í fótbolta. Æfingarnar eru hér hluti af heildstæðum skóladegi og börnin þurfa aldrei að fara yfir hættulegar umferðargötur. Börnin mæta í skólann rúmlega 8 og kl. 4 er allt starf barnanna búið, bæði grunnskólinn, tónlistarskólinn og æfingar hjá Gróttu. Ég færi ekki að slíta krakkana núna úr þessu umhverfi til að koma þeim á æfingar að Hlíðarenda en þeir taka síðar sjálfir ákvörðun um hvað þeir gera og ég mun styðja þá eftir mætti,“ segir Ólafur sem er greinilega mjög ábyrgur og umhyggjusamur faðir. Ólafi finnst að samþærilegt skipulag sé mjög æskilegt að Hlíðarenda. „Ég tel að íþróttir séu eitt albesta forvarnarstarf sem til er og ég vil

sjá opinbera aðila koma í auknum mæli inn í starfið og kosti þjálfun barnanna hjá íþróttafélögum og verði viðurkenndir sem viðbótaríþróttakennarar og þjálfarar, a.m.k hjá yngri iðkendum. Mér finnst lyklatríði að íþróttaiðkun barna verði liður í heildstæðum og samfelldum skóladegi barnanna,“ segir Ólafur og leggur áherslu á þessa skoðun sína.

Sérðu fyrir þér að þú eigir eftir að setjast aftur í stjórn hjá Val?

Ólafur verður hugsi yfir þessari spurningu en segir svo eftir umhugsun: „Maður á aldrei að segja aldrei en nú ætla ég að einbeita mér að því að fylgjast með börnunum mínum, taka þátt í starfinu með þeim sem foreldri, fara á mót og styðja þá sem best ég get. Lottómót, Pollamót og Essómót taka mikinn tíma og við reynum öll fjölskyldan að taka þátt í þessum mótum og njótum þess mjög og höfum kynnst mörgum í gegnum þetta félagsstarf. Það er lyklatíðið að foreldrar styðji börnin í íþróttum, hvetji þau til dáða og ræði hvernig til hafi tekist, bæði á æfingum og í keppni. Við eigum að hlusta á börnin og taka þátt í sigrum þeirra og einnig þegar illa gengur, þá er mikilvægt að hvetja þau og styðja. Á æskuheimili mínu í Vestmannaeyjum var t.d. ekki rætt mikið um knattspyrnu en hjá nágrönnum mínum, þ.e. á heimili Ólafs og Ásgeirs Sigurvínssona, var knattspyrman rædd ofan í kjöllinn og þar voru strákarnir ekki skammaðir fyrir að koma haugdrullugir heim eftir æfingu, það var bara merki um að menn hefðu lagt sig fram,“ segir Ólafur og telur greinilega mikilvægt að börnin fái góðan stuðning frá foreldrum.

Íþróttamaður Vals

árið 2002



Sigurbjörn Hreiðarsson tekur við viðurkenningu sem íþróttamaður Vals ársið 2002 frá Grími Sæmundsen formanni Vals og Halldóri Einarssyni varaformanni knattspyrnudeildar.

Það er árviss viðburður hjá Val að útnefna íþróttamann ársins í hófi að Hlíðarenda á gamlársdag. Íþróttamaður Vals er valinn af formönnum deilda, formanni félagsins ásamt fyrrverandi formanni og Halldóri Einarssyni (Henson) sem er gefandi verðlaunagripanna.

Sigurbjörn Hreiðarsson var valinn íþróttamaður Vals 2002 en hann er fyrirliði meistaraflokks í knattspyrnu sem leiddi Val til sigurs í 1. deildinni þannig að félagið vann strax sæti að nýju í úrvalsdeildinni. Hann var kosinn leikmaður meistaraflokks Vals 2002 ásamt Guðna Rúnari Helgasyni. Sigurbjörn hefur haldið tryggð við Val og vonandi nær félagið að endurheimta sæti sitt í úrvalsdeildinni strax næsta sumar með Sigurbjörn sem leiðtoga félaga sinna innan vallar sem utan og góð fyrirmynd allra íþróttamanna.

Grímur Sæmundsen formaður Vals hélt ávarp við þetta tækifæri og sagði m.a.

Ágætu Valsmenn

Eins og áður segir er þetta í 11. sinn sem íþróttamaður Vals er valinn.

Sigurbjörn Hreiðarsson er 27 ára gamall og nú fyrirliði meistaraflokks Vals í knattspyrnu. Hann er uppalinn frá blautu barnsbeini að Hlíðarenda. Hann spilaði með Val gegnum alla yngri flokka og á fjölda leikja að baki með unglinga- og ungmennalandsliðum Íslands í knattspyrnu. Hann hefur spilað vel á annað hundrað leiki fyrir meistaraflokk félagsins, en hann reyndi einnig fyrir sér í atvinnumensku með Trelleborg í Svíþjóð um tíma. Sigurbjörn sneri heim frá Svíþjóð vorið 2001 og að sjálfsögðu kom ekki til greina að leika með öðru liði en Val.

Tekin var sú tímamótaákvörðun fyrir síðastliðið keppnistímabil í samráði við Þorlák Árnason þjálfara að treysta á uppalda Valsmenn til að halda merki félagsins á lofti og láta skeika að sköpuðu um árangur í næstefstu deild. Strákarnir

stóðu sig enn betur en væntingar voru til og sýndu að félagsandi og stolt yfir því að leika fyrir sitt félag á enn fullt erindi í íslenska knattspyrnu. Sigurbjörn fór fyrir hinu unga liði Vals, sem sigraði Íslandsmót næstefstu deildar sl. sumar með fáheyrðum yfirburðum. Hafði liðið þegar tryggt sér sæti í úrvalsdeild eftir 13 umferðir af 18 með 34 stig og markatöluna 27-4. Sigurbjörn var auk þess að vera fyrirliði máttarstólpi í miðjuspili liðsins og skoraði mörg mikilvæg mörk fyrir liðið síðastliðið sumar. Að móti loknu var Sigurbjörn ásamt Guðna Rúnari Helgasyni valinn besti Valsmaður Íslandsmótsins bæði af félögum sínum í liðinu og stjórn knattspyrnudeildar.

Það má segja að í Sigurbirni komi fram þau eðliseinkenni sem við viljum að prýði góðan Valsmann. Hann er með stórt Vals-hjarta og vill veg félagsins sem mestan á öllum vettvangi. Hann er auk þess verðugur fulltrúi þess innan vallar sem utan. Það eru þessi eðliseinkenni sem að mati forráðmanna félagsins verða lykill þess að við náum aftur fyrri sess sem mesta afreksfélag Íslands í knattspyrnu.

Við óskum Sigurbirni til hamingju með kjörrið

Íþróttamaður Vals – síðustu árin

2002

Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrna

2001

Rósa Júlía Steinþórsdóttir, knattspyrna

2000

Kristinn Lárusson, knattspyrna

1999

Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrna

1998

Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur

Öflugir kvennaflókkar en vonbrigði að falla úr úrvalsdeild

Skýrsla knattspyrnudeildar 2002



Bikarmeistarar, deildarbikarmeistarar, Íslandsmeistarar innanhúss og Reykjavíkumeistarar Vals í kvennaknattspyrnu. Efri röð frá vinstri: Helena Ólafsdóttir þjálfari, Erla Sigurbjartsdóttir liðsstjóri, Nína Ósk Kristjánsdóttir, Regína María Árnadóttir, Dóra Stefánsdóttir, Málfríður Sigurðardóttir, Dóra María Lárusdóttir, Pála Marie Einarsdóttir, Kristín Ýr Bjarnadóttir, Ragnhildur Erna Arnórsdóttir, Björn Guðbjörnsson formaður kvennaráðs og Kristín Arnþórsdóttir aðstoðarþjálfari. Neðri röð frá vinstri: Vilborg Guðlaugsdóttir, Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir, Ragnheiður Ágústa Jónsdóttir, Íris Andrésdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Laufey Jóhannsdóttir og Katrín Heiða Jónsdóttir.

Þann 31. október 2002 tók ný stjórn við rekstri knattspyrnudeildar. Nokkur uppstokkun varð á stjórninni og aðeins 2 menn héldu áfram frá árinu áður, þeir Halldór Einarsson og Björn Guðbjörnsson. Við tóku menn sem þekktu vel inn á störf deildarinnar en þar voru á meðal fyrrverandi formenn deildarinnar og fyrrverandi leikmenn. Jón Höskuldsson tók við stjórnun unglingsráðs af Ólafi Má og voru fyrstu verk ráðsins að klára að ráða þjálfara fyrir yngri flokka félagsins en nokkur breyting varð á þjálfara-

hópi félagsins. Í samráði við stjórn deildarinnar var Þorlákur Árnason þjálfari meistaraflokks karla ráðinn sem yfirþjálfari yngri flokka auk þess sem hann tók einnig að sér ýmis önnur störf sem tengdust daglegum rekstri deildarinnar.

Barna- og unglingsstarf

Starf unglingsráðs var að vanda mjög viðamikil, s.s. rekstur knattspyrnuskóla, fjáraflanir, skipulagning foreldrararfs og skipulagning dómaramála. Starf ung-

lingsráðsins gekk vel í sumar en eins og undanfarin ár var árangurinn inni á vellinum ekki eins og best verður á kosið, sérstaklega í karlaboltanum. Ljóst er að mikið er hægt að bæta barna- og unglingsstarf félagsins. Ráðinn hefur verið íþróttafulltrúi til félagsins og eru væntingar til þess að hann nái að virkja þá framtíðarstefnu og starf sem búið er að móta innan deildarinnar. Á sama hátt er þess vænst að iðkendafjöldi hjá félaginu komi til með að aukast en hluti af störfum íþróttafulltrúans er að efla kynningu



Hinn sigursæli 5. flokkur kvenna í knattspyrnu á þæjumótinu á Siglufirði sumarið 2003. Efri röð frá vinstri: Eva Björk Ægisdóttir þjálfari, Guðrún Elín Jóhannsdóttir, Freyja María Cabrera, Helga Birna Jónsdóttir, Sigurlaug Jóhannsdóttir, Heiða Dröfn Antonsdóttir, Alexía Imsland, Vigdís Guttormsdóttir, Margrét Kristjánsdóttir, Marinella Arnórsdóttir, Bryndís Bjarnadóttir og Signý Heiða Guðnadóttir aðstoðarþjálfari. Neðri röð frá vinstri: Karen Ösp Pálsdóttir, Gerður Guðnadóttir, Hansína Rut Gunnarsdóttir, Svana Hermannsdóttir, Elva Björk Haraldsdóttir, Sæunn Sif Heiðarsdóttir, Erna Sif Þorkelsdóttir, Halldís Hrund Guðmundsdóttir, Vigdís Þóra Másdóttir, Bjarnheiður Sigurbergsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir. Liggjandi frá vinstri: Elín Þóra Elíasdóttir, Diljá Huld Pétursdóttir, Steinunn Halla Geirsdóttir. Á myndina vantar Kartínu Gylfadóttur og Kolbrúnu Söru Másdóttur.

arstarf félagsins í þeim skólum sem eru á starfssvæði félagsins. Mikilvægur liður í því að byggja upp öflugt starf yngri flokka er að hafa hæfa og trausta þjálfara sem starfa hjá félaginu til a.m.k. nokkurra ára. Almenn ánægja hefur verið með þá þjálfara sem starfað hafa hjá deildinni á árinu en einhverra breytinga er að vænta fyrir næsta sumar þó að kjarninn verði sá sami. Er þeim þjálfurum sem láta af störfum þökkun vel unnin störf hjá félaginu. Starfsári unglingaráðsins lauk svo með glæsilegri uppskeruhátíð í hátíðarsal félagsins þann 5. október 2003.

Gengi yngri flokka Vals í knattspyrnu

* Annar flokkur karla stóð sig þokkalega á árinu og endaði t.d. í 4. sæti B deildar á Íslandsmótinu. Hópurinn er frekar fámennur.

* Þriðji flokkur karla var afar fámennur og átti í erfiðleikum á tímabilinu og hélt ekki sæti sínu í A deild á Íslandsmótinu.

* Fjórdi flokkur karla er frekar fámennur. A liðið náði góðum árangri á ýmsum mótum ársins. Flokkurinn komst t.d. í

lokaúrslit á Íslandsmótinu innanhúss 2003. Það háir flokknum hversu fáir iðkendum eru.

* Fimmti flokkur karla náði sér ekki á strik á tímabilinu en í hópnum eru margir efnilegir leikmenn, gott A lið og iðkendum er að fjölga. Flokkurinn náði þokkalegum árangri á Pollamótinu á Akureyri í sumar.

* Sjötti flokkur karla er mjög efnilegur og iðkendum eru nokkuð margir og flokkurinn náði ágætum úrslitum í ýmsum mótum tímabilsins og vann t.d. HK mótið.

* Sjöundi flokkur er með góðan hóp og sýndu strákarnir ágæt tilþrif í ýmsum leikjum tímabilsins og árangur var í góðu meðallagi. Flokknum gekk þó ekki nægjanlega vel á Lottómótinu á Akranesi í sumar.

* Annar flokkur kvenna stóð sig með ágætum á tímabilinu. Flokkurinn komst t.d. í undanúrslit í Íslandsmótinu innanhúss, varð Reykjavíkumeistari utanhúss í vor og endaði í 3. sæti í A deild Íslandsmótsins og í haustmóti KRR. Auk þess

náði flokkurinn mjög góðum árangri í Gothia Cup í Svíþjóð, endaði í 5.-8. sæti af rúmlega 70 liðum.

* Þriðji flokkur kvenna er mjög efnilegur og ágætlega fjölmennur og var með eitt besta lið landsins í 3. flokki á tímabilinu og var t.d. hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina á Íslandsmótinu. Flokkurinn var t.d. á öðru sæti á Rey Cup síðastliðið sumar.

* Fjórdi flokkur kvenna er mjög efnilegur og var einnig hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppni Íslandsmótsins en öll bestu lið landsins voru saman í sama riðli. Flokkurinn vann t.d. gullverðlaun á Rey Cup síðastliðið sumar.

* Fimmti flokkur kvenna er geysiefnilegur og fjölmennur og hefur aldrei verið jafn fjölmennur 5. flokkur kvenna hjá Val. Stelpurnar náðu frábærum árangri síðastliðið sumar, bæði A, B og C lið, B. liðið vann t.d. þæjumótið á Siglufirði og C liðið vann Nóatúnsmótið og A liðið lenti í öðru sæti á þeim mótum. Einnig fékk 5. flokkur gullverðlaun á Húsasmíðjumótinu.

* Sjötti flokkur kvenna er mjög efnilegur og í hópnum var blanda af nýjum og leikreyndum stelpum sem unnu til verðlauna á nánast öllum mótum sem flokkurinn tók þátt í, þ.e. þæjumóti á Siglufirði, Nóatúnsmóti og Gull- og silfurmóti.

Meistaraflokkur og 2. flokkur kvenna

Kvennaráð undir forystu Björns Guðbjörnssonar hefur haft veg og vanda að starfi 2. flokks og meistaraflokks kvenna á árinu. Almenn gekk starfið vel og stendur þar upp úr bikarmeistaratitill og Reykjavíkurmeistaratitill meistaraflokks kvenna. Þriðja sæti á Íslandsmóti þótti heldur dræm niðurstaða miðað við þær væntingar sem gerðar voru til liðsins en því var spáð Íslandsmeistaratitli í upphafi móts. Miklar væntingar eru gerðar til liðsins fyrir næsta keppnistímabil en gert er ráð fyrir að liðið verði nánast óbreytt á næsta sumri. Nú þegar hefur einn nýr leikmaður gengið til liðs við liðið, Ásta Árnadóttir úr Þór KA KS en hún hefur leikið með yngri landsliðum okkar. Í lok sumars ákvað Helena Ólafsdóttir að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi þjálfunar hjá Val. Við þökkum

Helenu fyrir samstarfið en í hennar stað hefur verið ráðin Elísabet Gunnarsdóttir sem þekkt er fyrir góðan árangur í þjálfun hjá yngri flokkum félagsins. Hún mun einnig taka að sér þjálfun 5. fl. kvenna og er hún mikill fengur fyrir félagið. Kristbjörg Ingadóttir og Ragnheiður Víkingsdóttir hverfa nú úr kvennaráði og eru þeim þakkir færðar fyrir þeirra störf. Engar breytingar verða á þjálfun 2. fl. kvenna en Jónas Guðmundsson mun halda áfram með liðið á næsta ári.

Meistaraflokkur karla

Þegar ný stjórn tók við var leikmannahópur meistaraflokks karla nánast fullskipaður. Búið var að ráða þjálfara til næstu 4 ára, Þorlák Árnason, auk þess sem búið var að semja við alla leikmenn. Í samráði við þjálfarann var á upphafsmánuðum ársins gengið til samninga við tvo nýja leikmenn, þá Hálfðán Gíslason og Ólaf Þór Gunnarsson og var það mat manna á þeim tíma að liðið væri sterkt og ætti fullt erindi í efstu deild. Á síðari hluta tímabilsins var svo gengið til samninga við tvo nýja leikmenn, Ellert Jón Björnsson og Thomas Maale. En eins og allir vita fór sumarið ekki eins og

reiknað var með og liðið féll milli deilda. Varðandi framhaldið þá hafa verið sett skýr markmið fyrir næsta sumar, þ.e. að liðið fari beint upp í efstu deild á ný þar sem það á heima. Njáll Eiðsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla fyrir næsta tímabil en hann tekur við af Þorláki Árnasyni sem ákvað að breyta til og þjálfar Fylki á næsta tímabili. Þökkum við Þorláki fyrir samstarfið og óskum honum alls hins besta með nýju liði. Hvað varðar leikmannamálin þá er ekki reiknað með verulegum breytingum á leikmannahópnum fyrir næsta tímabil. Nú þegar hefur verið gerður samningur við tvo nýja leikmenn þá Baldur Aðalsteinsson og Þórhall Hinriksson en Ármann Smári Björnsson hefur ákveðið að færa sig um set og leika með FH.

Rekstur knattspyrnudeildar

Rekstur knattspyrnudeildar Vals er jafnan viðamikill og fjölbætur. Eitt af þeim meginmarkmiðum sem lagt var upp með var að efla félagsandann innan deildarinnar og efla tengslin milli flokka og síðast en ekki síst bæta umgjörð við stærstu viðburði í rekstri deildarinnar, þ.e. heimaleiki meistaraflokks karla. Í mars

frh. á bls. 46



Efta ræð frá vinstri: Benedikt Bessa Hinriksson, Ellert Jón Björnsson, Matthías Guðmundsson, Þorkell Guðjónsson, Jóhann Hilmir Freidóttir og Hálfðán Gíslason.

Mið ræð frá vinstri: Kjartan Georg Gunnarsson stjórnsmaður, Halldór Eyjórnsson, Jóhann Gunnarsson ábitiþjálfari, Þórní Ólafur Eiríksson, Birkir Már Sveinsson, Ármann Smári Björnsson, Kristinn Ingi Lárusson, Bakki-Jón Halgrímsson, Elvar Geðjónsson, Guðni Rönnar Helgason, Þorlákur Árnason þjálfari og Jón Sigurður Helgason formaður.

Fremsta ræð frá vinstri: Kristinn Svavar Jónsson, Thomas Maale, Kristinn Guðrúmundsson, Stigurjón Örn Heiðarsson fyrirliði, Ólafur Þór Gunnarsson, Sigríður Sæberg Þorsteinsdóttir og Stefan Helgi Jónsson.

Vallarsaga Vals

Eftir Lárus Hólm og Þorstein Haraldsson með aðstoð Nikulásar Úlfars Mátssonar



Sr. Friðrik Friðriksson.



Páll Einarsson fyrsti borgarstjórinn í Reykjavík.

Greinin er byggð á minnispunktum Gísla Halldórssonar fyrrum forseta ÍSÍ og uppdráttum hans. Þá er enn fremur stuðst við heimildir úr fókum sr. Friðriks Friðrikssonar.

Páll Einarsson, fyrsti borgarstjórinn í Reykjavík, tók áreiðanlega vel á móti sr. Friðriki á fundi þeirra snemma sumars 1911. Þeir þekktust vel, voru fæddir sama dag 25. maí 1868, hvor sínu megin við sama fjall norður í landi. Páll var fæddur í Fljóttum, en sr. Friðrik í Svarf-aðardal. Erindi sr. Friðriks var að óska eftir landi fyrir knattspyrnuvöll. Strákar í K.F.U.M. höfðu þá stofnað Knattspyrnufélagið Val með blessun og leyfi sr. Friðriks. Félagið var stofnað á tveimur fundum. Sá fyrri var 11. maí 1911 og miðast stofnun félagsins við þann dag. Síðari

fundurinn, sem haldinn var 28. maí, kaus félaginu stjórn. Sjálfur var sr. Friðrik fjarri góðu gamni. Hann var á bindindismóti á Vestdalseyri við Seyðisfjörð. Þangað fór hann sjóleið og sigldi suður ströndina, en norður fyrir land á heimleið. Það fór nærri heill mánuður í ferðina, en ræðan sem hann hélt á bindindismótinu var líka ákaflega góð ræða.

Borgarstjórinn tók vel í erindi vinar síns og bæjarstjórnin „veitti góðfúslega“ (eins og sr. Friðrik kemst að orði) leyfi sitt fyrir því að félagið ryddi sér völl vestur á Melum. Svæðið á Melunum, sem Valur fékk til umráða, var um það bil þar sem nú er bensínstöð Skeljungu, milli Þjóðarbókhöðunnar og Hótel Sögu. Um leið og leyfi var fengið eyddu drengirnir í Val öllum stundum sínum á

Valsvellinum. Nóg var þar að starfa fyrstu mánuðina við að ryðja burtu grjóti, slétta völlinn og raka.

Sr. Friðrik var mikið með drengjunum þetta sumar. Fór hann meðal annars með þá í gönguferð í messu að Lágafelli 16. júlí og hélt þar fræga ræðu: „Sursum Corda“ eða „Lyftum hjörtum vorum til himins.“ Sr. Friðrik kom út á Mela og segir svo frá: „Mér leist ekki á leikvöllinn. Var þar alls staðar að sjá smágrýti og sums staðar jafnvel stórgrýti. Það var mishæðótt, og engin takmörk sýnileg. Þeir voru byrjaðir á leik sínum í stórri þyrpingu, og sá ég þar mikil þot og hlaup fram og aftur [...]. Svo gekk ég nokkuð þar suður eftir, og sá ég einn dreng standa þar einmana, og voru tvær steinhrúgur sitt á hvora hlið hans. Ég

hafði lagt ríkt á við þá að sýna félagslyndi og vera góðir hvorir við aðra. Gekki ég því til hans og spurði í meðaumkunarrómi: „Hafa þeir verið vondir við þig og rekið þig úr leiknum?“ Hann leit forviða á mig og sagði: „Nei!“ „Af hverju ertu þá ekki í leiknum?“ Hann svaraði: „Ég er í leiknum, ég er markmaður og stend hér í gulli (goal).“ Ég sá, að ég skildi ekki, sagði samt ekki meira, en sá ekkert gull.“

Fyrsti Valsvöllurinn var vígður 6. ágúst 1911. Sr. Friðrik vígði völlinn og helgaði hann Drottni. Hann hélt ræðu og skilgreindi staðalinn fyrir knattspýmuna í Val. „Fair play“ heitir vígsluræðan. Alþjóða knattspýnusambandið (FIFA) tók upp þráðinn 90 árum síðar: „FIFA actively encourages Fair Play throughout the football community. Every year, we organize the FIFA Fair Play Day.“ Sr. Friðrik reis alla tíð hátt, en ef til vill reis hann hæst með drengjunum sínum í Val sumarið 1911.

Valur fékk ekki lengi að njóta ávaxta síns erfðis, því 2 árum eftir að farið var að nota völlinn voru lagðir yfir hann járnbrautarteinar. Þeir einu sem lagðir hafa verið í landinu. Járnbrautin flutti grjót úr Öskjuhlíðinni í hafnargarðana við Reykjavíkurböfn. Það má því segja að fyrsti Valsvöllurinn hafi orðið fyrir járnbrautarlest. Valsmenn létu það ekki á sig fá. Það var ekki um annað að ræða en að gera nýjan völl. Fullir af áhuga fengu þeir leyfi bæjarstjórnar til þess að flytja sig um set, eða nokkru sunnar á Melana. Þar var hreinsað grjót og gerður nýr völlur á skömmum tíma. Sá völlur var þar sem nú eru bílastæði Háskólabíós við enda gömlu Loftskýtastöðvarinnar. Á þessum árum var mikið byggt og fleira en höfnin. Loftskýtastöðin var byggð 1917 – 1918 og hjá henni 75 metra hátt mastur. Vildi þá ekki betur til en svo að eitt af stuðningsstögunum, sem þurfti til stuðnings mastrinu, varð að steypa niður í miðjan Valsvölluminn. Í aðeins þrjú ár naut félagið þessa vallar. Það var líkt og allar framfarir í Reykjavík gengju yfir félagið, í annað skiptið á 6 árum missti félagið völluminn sinn. Ekki voru árar þó lagðar í bát.

Melavöllur Íþróttasambands Reykjavíkur (ÍSR) hafði verið reistur 1911 og á honum æfðu KR, Fram og Víkingur. Valur var ekki meðlimur í ÍSR, sem hafði hlutafélag um völluminn. Ekki kom til greina að félagið fengi aðild að Melavelli ÍSR. Valsmenn, fullir af krafti og gleði sem fyrr, héldu nú norður fyrir



Lofmynd af Melunum í Reykjavík. Fyrstu fjórir vellir Vals eru merktir inn á myndina og auk þess völlur Íþróttasambands Reykjavíkur (ÍSR).

járnbrautarlínuna og ruddu sinn þriðja völl. Var hann að hálfu þar sem fyrsti völluminn stóð, en norðan við járnbrautarteinana og nær þeim stað er nú stendur Þjóðarþókkhlaðan. Á þessum velli fengu Valsmenn að æfa óáreittir í 7 ár. Árið 1925 fauk girðingin umhverfis gamla Melavöll ÍSR og þar sem völluminn sá skagaði út í fyrirhugaða Hringbraut, var ákveðið að flytja hann á Valsvölluminn miðjan! Svo enn voru yfirvöldin að verki og lögðu þriðja Valsvölluminn í rúst. En fátt er svo með öllu illt.

Í stað hlutafélagsvallarins var byggður bæjarvöllum, Melavölluminn, sem stóð til

skamms tíma við Suðurgötu og Hringbraut. Þriðji Valsvölluminn varð að hopa til suðurs undan framkvæmdum við nýja Melavölluminn. Sú leið var fær þar sem búið var að fjarlægja járnbrautarteinana. Fjórdi og síðasti Valsvölluminn á Melunum var nákvæmlega þar sem sá fyrsti hafði staðið. Auk þess að eiga þann völl, einkum fyrir yngri flokka sína, átti Valur nú sama rétt og önnur félög í bænum til nýja Melavallarins, sem nýttur var af meistaraflokkum félaganna.

Framhald í næsta Valsblaði.



Kampakátir Reykjavíkumeistarar 2003.

var haldinn fjölskyldudagur í Egilshöllinni þar sem öllum iðkendum var boðið ásamt fjölskyldum sínum og var Egilshöllinni breytt í stórt leiksvæði í 3 klukkustundir. Í lokin var boðið upp á veitingar auk þess sem allir iðkendur voru leystir út með gjöfum. Á hátíðinni var undirritaður 3 ára styrktarsamningur við Smith og Norland en loksins var sama auglýsingin á öllum keppnisbúningum deildarinnar. Rétt er að þakka Smith og Norland sérstaklega fyrir stuðninginn á árinu sem okkar helsta styrktaraðila en auk þess þökkum við öllum styrktaraðilum fyrir samstarfið á árinu en þeir eru helstir að viðbættum S&N, Danól, Frjálsi Fjárfestingarbankinn, Spron, SP Fjármögnun og Wintherthur. Á nokkrum heimaleikjum í sumar var einnig efnt til uppákoma, metnaðarfull leikskrá var gefin út fyrir hvern leik, skátar voru fengnir til gæslu, nýtt hljóðkerfi var keypt auk þess sem Hlíðarendi var loksins umkringdur skiltum frá styrktaraðilum. Ljóst er að hægt er að gera mun betur í framkvæmd heimaleikja en með því sem ávannst í sumar er það skoðun okkar að það hafi hjálpað verulega til að byggja upp þann góða stuðning sem var á síðari hluta móstins. Eitt af þeim verkefnum sem sett voru á blað en ekki vannst tími til að vinna var stofnun stuðningsmannaklúbbs. Nú er verið að reyna að setja þetta í farveg og leitað hefur verið eftir samstarfi við stuðningsmenn um að stofna formlegan stuðningsmannaklúbb í samvinnu við stjórn deildarinnar þar sem aðrir en stjórn deildarinnar dragi vagninn.



Ný stjórn knattspyrnudeildar. Frá vinstri er Arnar Þór Sveinsson, Jón Grétar Jónsson, Börkur Edvardsson, Eggert Þór Kristófersson, Jón S. Helgason, Björn Guðbjörnsson formaður kvennaráðs og Jón Höskuldsson formaður unglingaráðs. Á myndina vantar Kjartan Georg Gunnarsson og Guðjón Ólaf Jónsson.



Flott hárgreiðsla á Shellmóti í Vestmannaeyjum. Bæði strákar og stelpur leggja mikla áherslu á skemmtilegar útfærslur á hárgreiðslu á stóru mótonum.

Góð fjárhagsstaða knattspyrnudeildar

Ný stjórn tók við deildinni nánast skuldlausri þar sem aðalstjórn hafði yfirtekið uppsafnaðar skuldir deildarinnar. Ljóst var að ný stjórn setti sér skýr markmið í fjármálum og allt yrði gert til þess að halda deildinni réttu megin við núllið þannig að ekki yrði byrjað að safna skuldum á ný. Eðli rekstrarins er þannig að gjöldin eru nánast þekkt en á vor- og sumarmánuðum kemur í ljós hvernig tekjuöflun gengur, þ.a. erfitt er að stofna til mikilla skuldbindinga án mikillar óvissu um hvort hægt sé að standa við þær. Þrátt fyrir dapurt gengi inni á vellinum í sumar gengu fjármálin vel og óhætt er að fullyrða að þau eru ekki mörg félögin sem hafa staðið 100% við gerða samninga á árinu, hvort sem varðar greiðslur til þjálfara, leikmanna eða annað. Ljóst er að hagnaður á rekstri deildarinnar verður nokkur eða töluvert meiri en áætlað var. Næsta sumar verður erfitt fjárhagslega fyrir deildina ef menn ætla að halda þeim mannskap sem fyrir er. Gera má ráð fyrir að tekjur deildarinnar dragist saman um allt að 30% meðan gjöldin standa í stað. Vonir standa hins vegar til þess að afgangur þessa árs dugi til að jafna það tap sem áætlað er af rekstri deildarinnar á næsta ári.

Að lokum vill stjórn knattspyrnudeildar þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn í starfi deildarinnar á árinu fyrir óeigingjörn störf.

F.h. stjórnar

Jón S. Helgason formaður

Viðurkenningar knattspyrnudeildar 2003

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar Vals var haldin að Hlíðarenda sunnudaginn 5. október síðastliðinn að viðstöddu fjölmenni. Samkvæmt venju var farið yfir árangur sumarsins og veittar viðurkenningar til einstaklinga í öllum flokkum.

6. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Elín Metta Jensen

Mestar framfarir:

Kaðlín Sara Ólafsdóttir

Besta ástundun:

Villimey Líf Friðriksdóttir

Þjálfarar: Lea Sif Valsdóttir og

Rakel Adolphsdóttir

5. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Guðrún Elín Jóhannsdóttir og Heiða

Dröfn Antonsdóttir

Mestar framfarir:

Marinella Arnórsdóttir

Besta ástundun:

Katrín Gylfadóttir

Þjálfarar: Eva Björk Ægisdóttir og

Signý Heiða Guðnadóttir

4. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Bergþóra Baldursdóttir

Mestar framfarir:

Anna Sóley Birgisdóttir

Besta ástundun:

Thelma Björk Einarsdóttir

Þjálfari:

Jóhanna Lára Brynjólfssdóttir

3. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Elísabet Anna Kristjánsdóttir

Mestar framfarir:

Bergdís Bjarnadóttir

Besta ástundun:

Björg Magnea Ólafs

Þjálfari:

Ólafur Tryggvi Brynjólfsson

2. flokkur stúlkna

Leikmaður flokksins:

Regína María Árnadóttir

Efnilegust:

Ragnhildur Erna Arnórsdóttir

Markahæst:

Jóhanna Lára Brynjólfssdóttir

Þjálfari:

Jónas Guðmundsson

7. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Eyþór Logi Þorsteinsson

Mestar framfarir:

Dagur Sindrason

Besta ástundun:

Darri Sigþórsson

Þjálfarar: Ragnar Róbertsson og

Einar Óli Þorvarðarson

6. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Gunnar Smári Eggertsson

Mestar framfarir:

Snorri Arnórsson

Besta ástundun:

Óðinn Þór Óðinsson

Þjálfarar: Kjartan Hjálmarsson og

Einar Gunnarsson

5. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Bjarki Brynjarsson

Mestar framfarir: Kristján Hafþórsson

Besta ástundun: Orri Þór Jónsson

Þjálfarar: Ragnar Róbertsson og

Einar Óli Þorvarðarson

4. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Guðmundur Steinn Hafsteinsson

Mestar framfarir:

Atli Sigurðsson

Besta ástundun:

Sveinn Einarsson

Þjálfari:

Guðmundur Garðar Brynjólfsson

3. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Anton Rúnarsson

Mestar framfarir:

Arnar Guðmundsson

Besta ástundun:

Þórarinn Bjarnason

Þjálfari:

Davíð Bergmann Davíðsson

2. flokkur drengja

Leikmaður flokksins:

Birkir Már Sævarsson

Efnilegastur:

Þórður Steinar Hreiðarsson

Markahæstur:

Einar Óli Þorvarðarson

Þjálfari: Jóhann Gunnarsson

Markahæstu leikmenn í meistaraflokki

Kristín Ýr Bjarnadóttir

Jóhann Hreiðarsson

Bestu leikmenn í meistaraflokki

Guðni Rúnar Helgason

Íris Andrésdóttir

Lollabikar

Guðmundur Steinn Hafsteinsson 4. fl. karla hlaut Lollabikarinn að þessu sinni sem var gefinn af Ellerti Sölvassyni, Lolla í Val. Lollabikarinn er veittur þeim leikmanni yngri flokka Vals sem þykir hafa skarað fram úr í knattleikni og tækni.

Bernburgskjöldur

Árni Heiðar Geirsson 3. fl. karla fékk skjöldinn að þessu sinni sem var gefinn af Kristjáni Bernburg. Bernburgskjöldurinn er veittur þeim leikmanni 3. flokks drengja sem þykir hafa sýnt mestan félagslegan þroska og verið öðrum Valsdrengjum til fyrirmyndar, innan vallar sem utan.

Dómari ársins hjá Val

Þorsteinn Ólafsson

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar 2003



7. fl. karla. Darri, Eyþór Logi og Dagur.



5. fl. karla. Orri Þór, Bjarki og Kristján.



2. fl. kvenna. Ragnhildur Erna og Regína María.



6. fl. kvenna. Kaðlín Sara, Elín Metta og Villimey Líf.



4. fl. kvenna. Thelma Björk, Bergþóra og Anna Sóley.



2. fl. karla. Birkir Már og Þórður Steinar.



6. fl. karla. Gunnar Smári, Óðinn Þór og Snorri.



4. fl. karla. Atli, Sveinn og Guðmundur Steinn.



Bernburgsskjöldurninn: Árni Heiðar Geirsson.



5. fl. kvenna. Guðrún Elín, Heiða Dröfn, Marinella og Katrín.



3. fl. kvenna. Elísabet Anna og Bergdís.



Lollabikar: Guðmundur Steinn Hafsteinsson.



3. fl. karla. Sigurbjörn Hreiðarsson veitir Antoni viðurkenningu.



Markahæst í meistaraflokki: Kristín Ýr Bjarnadóttir og Jóhann Hreiðarsson.

Ljósmyndari:

Finnur Kári Guðnason

Valsfjölskyldan

Fótbolti er lífið og Valur er einfaldlega okkar félag



Í faðmi Valsfjölskyldunnar heima í Mosfellsbæ. Frá vinstri: Elín Anna Lárusdóttir unnusta Elvars, Elvar Már Svansson, Svanur Marteinn Gestsson, Gestur Valur Svansson, Birna Pálsdóttir unnusta Gests og Andri Blær Gestsson, 6 mánaða og yngsti Valsarinn á heimilinu.

Í Mosfellsbænum býr Svanur M. Gestsson starfsmaður Vals ásamt sonum sínum Gesti Val og Elvari Má og fjölskyldum þeirra og þar slá svo sannarlega taktföst og kröftug Vals-hjörtu og lífið snýst að miklu leyti um fótbolta.

Í Mosfellsbæ, nánar tiltekið að Bjargartanga 4, býr Svanur M. Gestsson í stóru húsi. Þar búa einnig tveir synir hans, Elvar Már Svansson og Gestur Valur Svansson og sambýliskonur þeirra Elín Anna Lárusdóttir, Birna Pálsdóttir og Andri Blær Gestsson, 6 mánaða. Þeir feðgarnir hafa geysilega mikinn áhuga á fótbolta og ekki fer á milli mála að þeir eru miklir Valsmenn með stórt Vals-hjarta. Þeir fylgjast einnig af áhuga með enska boltanum og þar eru Gestur og

Svanur dyggir stuðningsmenn Tottenham en Elvar er aðdáandi Liverpool. Fótbolti er til umræðu á heimilinu öllum stundum og þeir eiga mjög erfitt með að hugsa sér lífið án fótbolta og eru að eigin sögn íþróttafklar. Svanur lék í yngri flokkunum fótbolta í Val með mörgum kunnum köppum, hefur setið í stjórn knattspyrnu-deildar Vals, og á lengstan samfelldan dómaraferil hjá félaginu, tæp 40 ár. Hann hóf störf í Valsheimilinu á þessu ári og situr auk þess í fulltrúaráði Vals. Synir hans eru einnig dyggir stuðningsmenn Vals. Elvar hefur t.d. yfirumsjón með dómaramálum hjá knattspyrnudeild Vals og Gestur hefur brennandi áhuga á því að stofna stuðningsmannaklúbb Vals og auka stemninguna að Hlíðarenda. Þeir láta engan fótboltaleik með Val fram

hjá sér fara og fara einnig reglulega á handboltaleiki með Val.

Það var gaman að sitja eina kvöldstund með þeim feðgum og tala um Val, rifja upp skemmtileg atvik, ræða um uppbyggingu að Hlíðarenda, framtíðarsýn, dómaramál, drauma um uppbyggingu stuðningsmannaklúbbs og fjölmargt fleira. Það er greinilegt að þeir feðgar hafa óbilandi trú á að félagið verði í fremstu röð í knattspyrnu innan tíðar í meistaraflokki karla og telja mót-læti undanfarinna ára eigi einungis eftir að þjappa mönnum saman að settu marki. Það er greinilegt að þeir láta líka verkin tala og eru reiðubúnir að vinna fórnfúst sjálfboðastarf fyrir félagið. Menn af þessum toga eru ómetanlegir hjá hverju félagi.



Snemma beygist Valskrókurinn. Svanur með Svandísi Sif, fyrstu jólin í Mosfellsbænum fyrir 11 árum. Ekki kom annað til greina en að klæðast Valsbúningnum á jólinum.

Með kunnum köppum að Hlíðarenda

Í upphafi berst talið að afrekum Svans á íþróttavellinum. Hann vill sem minnst gera úr því en segist hafa byrjað í fótbolta hjá Víkingi 6 ára gamall enda bjó hann í smábúðahverfinu en 12 ára gamall byrjaði hann á Hlíðarenda að æfa fótbolta með Val, enda öll fjölskyldan gallharðir Valsmenn. „Ég lék með með Val frá 1960 – 1968 með ýmsum hörðum Valsmönnum, t.d. Halldóri Einarssyni (Henson), Hermanni Gunnarssyni, Gunnsteini Skúlasyni og Ólafi Benediktssyni. Ég hreyfist mjög af starfinu hjá Val og tengslunum við KFUM og séra Friðrik, og einnig held ég að faðir minn hafi haft áhrif. Mér finnst Friðrik vera lifandi goðsögn enn þann dag í dag á Hlíðarenda og heilræði hans, t.d. *Látid kappið aldrei bera fegurðina ofurlíði*, eiga fyllilega erindi til nútímans,“ segir hann ákveðið.

Skemmtilegt atvik úr boltanum

„Á þessum árum náðum við mjög góðum árangri og vorum yfirleitt í 1.-3. sæti á Íslandsmóti, bæði í A og B liðum. Ég man t.d. þegar við spiluðum í 1. flokki á móti KR á Melavellinum. Valur fékk horn og mikil bleyta var á vellinum og KR ingarnr náðu boltanum og stormuðu upp völlinn, ég klippti einn niður á miðjum vellinum með boltanum og öllu saman. Í dag myndi þetta vera rautt spjald. Hannes Þ. dómari kom að mér og sagði, Svanur, þetta gerir maður ekki, og ég segi: Að sjálfsögðu ekki, ég hjálpa KR ingnum á fætur. Þá kemur Henson að og segir: Ég hefði nú fengið að fjúka fyrir þetta brot. Ég spilaði alltaf í vörn

og var frekar linur almennt en ekki mjög harður, þannig að þetta atvik er mér mjög minnisstætt,“ segir Svanur og nýtur þess greinilega að rifja upp gamlar minningar.

Samfelldur dómaraferill Svans í tæp 40 ár

Svanur sat í stjórn knattspyrnudeildar Vals 1968 og var þar til 1973. Um það leyti hóf hann verslunarrekstur í Mosfellssveit og dró sig smám saman út úr félagsmálum hjá Val, en hefur alla tíð verið mjög virkur dómari hjá félaginu. „Ég byrjaði að dæma 1966 og hef verið virkur alla tíð síðan og man eftir því að eitt árið náði ég að dæma 112 leiki. Það hefur enginn dæmt lengur hjá Val en ég hef alltaf haft gaman af dómgæslu.“ Gestur vill koma því á framfæri að þeir feðgarnir hafi séð saman um a.m.k. tvo leiki hjá Val, þ.e. dómari og tveir línuverðir. Svani finnst fótboltinn ekki hafa breyst mikið allan þennan tíma, en nú sé miklu meira um leikaraskap í leikmönnum, enda sjá menn það í sjónvarpi, og einnig finnst honum peysutog miklu algengara í dag en áður. Honum finnst dómarastarfið vera góð leið til að halda sér í þjálfun, „dómgæslan er góð líkamsrækt,“ segir Svanur.

Dróst inn í félagsmál hjá Aftureldingu og UMSK

Dætur Svans æfðu hjá Aftureldingu og einnig hafa Elvar og Gestur leikið með Aftureldingu, það einfaldlega lá beint við að sækja æfingar hjá því félagi vegna nálægðar við svæðið. Svanur segist hafa

snemma farið að taka þátt í félagsmálum hjá Aftureldingu og sat m.a. í mörg ár í stjórn knattspyrnudeildar og sat einnig lengi í stjórn UMSK, þar af 9 ár sem formaður héraðssambandsins.

Svanur er nú starfsmaður að Hlíðarenda

Segja má að Svanur sé kominn heim að Hlíðarenda aftur, en nú sem starfsmaður. Margir hafa tekið eftir honum í Valsheimilinu undanfarið og talið berst að því hvernig hafi staðið á því að hann hafi ráðist þangað til starfa. „Mér bauðst starf að Hlíðarenda og hef nú unnið þar í 11 mánuði. Ég nýt þess að vinna með börnum og unglingum og ég tel mig hafa gott skap til að vinna með þeim, og þau einfaldlega næra mig. Svo hittir maður marga gamla féлага, foreldra sem koma með börnin sín á æfingar og ég nýt þess mjög að starfa þar.“

Gestur Svansson fæddur 1975 og Elvar 1976

Gestur og Elvar sögðust hafa mjög ungir farið að mæta á leiki með Val og þá var félagið í fremstu röð með frábæra leikmenn, t.d. Guðna Bergsson, Sævar Jónsson og Þorgrím Þráinsson. Gestur segist eiginlega ekkert hafa leikið með Val enda bjó fjölskyldan í Mosfellssveit, en hann spilaði aðeins í 6. flokki Vals í fótbolta og man vel eftir Ólafi Stefánssyni og Degi Sigurðssyni sem þá léku líka fótbolta. Elvar lék fótbolta og handbolta með yngri flokkum Aftureldingar en æfði aldrei með Val. Gestur lék einnig í öllum yngri flokkunum fótbolta með Aftureldingu.

Maðurinn með trommurnar

Gestur hefur nánast frá því hann man eftir sér mætt á völlinn og fylgst með Val í fótbolta og einnig mætt á handbolta-leiki, en þó ekki eins reglulega. Síðastliðið sumar fannst honum ekki nægileg stemning meðal stuðningsmanna þannig að hann greip til sinna ráða. „Þegar við sáum hvert stefndi í deildinni þá langaði mig að rífa upp stemninguna á leikjum Vals og fékk féлага mína héðan úr Mosó með trommur til að mæta á leikina, en þeir eru einnig miklir stuðningsmenn Vals. Ég held að við höfum byrjað í 12. umferð og við töpuðum ekki heimaleik eftir það. Mér fannst stemningin batna meðal áhorfenda, ekki síst í heimaleikj-

um og mér finnst skipta miklu máli að hafa líf og fjör meðal stuðningsmanna á leikjum," segir Gestur af sannfæringu.

Gestur hefur áhuga á að stofna stuðningsmannaklúbbs Vals

Gestur hefur mikinn áhuga á að stofna stuðningsmannaklubb hjá Val í fótbolta og nýta m.a. reynsluna frá því síðastliðið sumar. Hann hefur hug á því að boða til fundar í samstarfi við stjórn knattspyrnu-deildar og framkvæmdastjóra félagsins fljótlega á næsta ári til að undirbúa stofnun stuðningsmannaklúbbs og vill fá sem flestar hugmyndir um starfsemi klúbbsins. Gestur er þetta greinilega mjög mikið kappsmál. „Mér hefur fundist stuðningsmenn og áhorfendur vera eins og líkfylgd á undanförunum árum, það hefur ekkert heyrst í þeim, nema einum og einum manni í stúkunni. Ég man eftir miklu fjöri í stúkunni þegar við unnum Íslandsmeistaratitilinn 1985 og 1987, það var mjög skemmtilegt. Ég er fullviss um að góður stuðningur skiptir liðið mjög miklu máli, er eins og 12. maðurinn í liðinu. Ég vonast eftir að sem flestir verði virkir í klúbbum og komi með hugmyndir um hvernig við getum byggt starfið upp. Mér finnst t.d. að áhorfendur eigi að vera miklu meira í Valsbúningum og með fána og áberandi merktir féluginu. Við myndum líka hittast fyrir leik og hita okkur upp og einnig eftir leik. Það er líka lyklatíði að iðkendur í yngri flokkunum mæti á leikina og þjálfarar og foreldrar ættu að hvetja börnin að vera dugleg að mæta og fjölskyldur þeirra. Vonandi tekst að blása lífi í stuðningsmenn Vals, virkja þá óvirku og fjölga áhorfendum á Hlíðarenda og skapa stemningu eins og var þegar ég var strákur, það er takmarkið," segir Gestur og hefur greinilega hug á að fylgja þessu máli eftir.

Elvar er umsjónarmaður með dómaramálum í knattspyrnu

Elvar Svansson er einnig dyggur stuðningsmaður Vals og mætir á alla leiki sem hann getur. Hann er einnig áhugasamur um dómargæslu og byrjaði fyrir tveimur árum að aðstoða pabba sinn við dómargæslu hjá Val sem línuvörður. Hann fékk smám saman áhuga á dómaramálum, tók dómaraþróf og byrjaði á fullu að dæma. „Ég hellti mér út í dómargæslu í fótboltanum og í fyrra dæmdu ég um 50 leiki fyrir Val. Núna síðastliðið sumar þá fór ég einnig að dæma fyrir KSÍ og sá um dóm-

aramálin að Hlíðarenda og dæmdu einnig sjálfur um 40 leiki.“ Elvar segir að virkja þurfi fleiri dómara en það séu allt of fáir dómara virkir hjá féluginu. „Við eigum nokkra mjög sterka dómara, t.d. pabba, Helga Kristjánsson, Þorstein Ólafs, Brynjar Nielsar en þessi kjarni er ekki nægilega stór. Mér finnst að Valur þurfi að halda betur utan um dómara og stækka hópinn. Ég vil nota tækifærið og hvetja Valsmenn sem áhuga hafa á dómargæslu að hafa samband við mig og ég býð þá velkomna í hópinn. Virkir dómara fá t.d. frítt inn á alla leiki í knattspyrnu, bæði í deild og bikar, þannig að þótt um sjálfboðastarf sé að ræða þá fylgja ákveðin fríðindi og félagið okkar þarfnast líka fleiri dómara. Mér finnst lágmark að Valur hafi 10 virka dómara á sínum snærum en ég hef áhuga á því að efla dómaramálin hjá féluginu," segir Elvar og dómaramál eru honum greinilega hugleikin.

Staða Vals í dag

Elvar segir ákveðin að það hafi að hans mati verið mistök hjá stjórn knattspyrnu-deildar að hafa ekki verið með sterkara lið í úrvalsdeildinni síðastliðið sumar. Hann telur að hópurinn hafi einfaldlega ekki verið nægilega sterkur og það hefði þurft að styrkja liðið frekar fyrir síðasta tímabil. Þó þurfi alltaf að fara varlega í peningamálum og steypa sér ekki í skuldir og Svani finnst það mjög góð stefna að eyða ekki um efni fram. Þeir hafa mikla trú á því að félagið fari beint upp í úrvalsdeild á næsta ári og haldi sér þar til frambúðar. Starfið í yngri flokkunum hjá Val hefur verið vel skipulagt og markvisst uppbyggt þannig að það er engin tilviljun að félagið á t.d. marga afreksmenn, nú síðustu ár aðallega í handbolta og kvennafótbolta þar sem stelpurnar séu mjög sterkar.

Gott starf í kvennafótboltanum hjá Val

Þeim feðgunum finnst öllum starfið í kvennafótboltanum hjá Val vera til fyrirmyndar og undanfarin ár hafa stelpurnar verið nálægt því að vinna Íslandsmeistaratitil og þeir spá því að mjög bráðlega takist þeim að landa titlinum. Einnig finnst þeim starfið hjá stelpunum í yngri flokkunum vera mjög öflugt. Svani finnst að stuðningsmannaklúbburinn eigi líka að fylgjast með kvennaboltanum og fullyrðir sem dómari að kvennaboltanum hafi farið miklu meira fram á undanförunum árum en karlaboltanum. „Þróunin hjá



Á heimavelli í sjoppunni að Hlíðarenda. Mikill erill er dags daglega í Valsheimilinu og kann Svatur vel við að umgangast börn og unglinga.

Val hefur verið frábær í kvennaboltanum undanfarin ár og það minnir á stöðuna í karlaboltanum fyrir u.þ.b. 15 árum, en við verðum að viðurkenna að karlaboltinn hefur dalað, bæði í meistaraflokki og yngri flokkunum.“

Skemmtilegur bikarúrslitaleikur í sumar

Gestur segist í fyrsta skipti á æfinni hafa farið á kvennaleik þegar Valur lék úrslitaleik við ÍBV í bikarkeppninni í sum- ar. „Við strákrnir á trommunum fórum á leikinn og það var mikil stemning í stúkunni og mér fannst frábært að verða vitni að þessum leik, stelpurnar léku mjög vel og mér fannst virkilega gaman að fylgjast með leiknum og það kom mér á óvart hvað stelpurnar voru góðar í fótbolta. Það var líka gaman að heyra hvað stelpurnar í yngri flokkunum sungu mikið í stúkunni, það finnst mér alveg vanta hjá strákunum að syngja skemmtileg Valslög. Það var líka mjög gaman að Valur skyldi vinna leikinn 3 – 1," segir Gestur og á greinilega eftir að fylgjast vel með stelpunum næsta sumar.

Framtíðin er björt hjá Val

Þeir feðgar eru mjög ánægðir með framtíðaráform um uppbyggingu að Hlíðarenda og list mjög vel á þær tillögur sem þeir hafa séð. Ef allt það nær fram að ganga þá er ekki spurning að þeirra mati að Valur á eftir að styrkjast sem félag, öll aðstaða til íþróttaiðkunar verður betri, aðgengi batnar og félagið á eftir að eflast umtalsvert ef vel er á málum haldið.

Valskórinn 10 ára



Valskórinn á æfingu í Friðrikskapellu. Frá vinstri: Sævar Tryggvason, Þuríður Ottesen, Margrét Kristjánsdóttir, Stefán Halldórsson, Hrafnhildur Igólfssdóttir, Sigurður Guðjónsson, Jóhanna Gunnþórsdóttir, Sólveig María Þorlákssdóttir, Þorbjörg Sóley Inga-dóttir, Halldór Einarsson, Adda Björk Jónsdóttir, Guðbjörg B. Pedersen, Dýri Guðmundsson, Nikulás Úlfar Mátsson, Lilja Jónasdóttir, Þórarinn Valgeirsson, Gestný K. Kolbeinsdóttir, Ólafur Mór Sigurðsson, Guðrún Björnsdóttir, Guðmundur Frímannsson og Hrefna Þórðardóttir. Á myndina vantar nokkra kórfélaga.

Valskórinn hefur verið starfandi óslitið í u.þ.b. 10 ár. Æfingar eru allan veturinn á Hlíðarenda á mánudögum kl. 20.00. Nú eru um 30 manns í kórnum og hafa margir þeirra verið með frá upphafi. Kórinn heldur árlega aðventutónleika og syngur á stofnunum eldri borgara fyrir jólin og kemur einnig stundum fram við ákveðin tækifæri.

Kórinn hvetur sem flesta til að mæta á æfingar, ekki síst unga fólk!

Kórinn hefur áhuga á því að fleiri Valsmenn taki þátt í þessu skemmtilega félagsstarfi og ekki síst er áhugi á því að fá yngra fólk til liðs við kórinn. Kórinn hefur einnig áhuga á því að koma oftar fram við ýmis tækifæri á Hlíðarenda, t.d.



Guðjón Þorláksson stjórnar Valskórnum á æfingu í Friðrikskapellu á mánudagskvöldum yfir vetrartímann.

fyrir heimaleiki Vals að Hlíðarenda eða á samkomum tengdum Val.

Vel er tekið á móti nýjum kórmeðlim-

um og eru Valsmenn hvattir til að mæta að Hlíðarenda á mánudögum kl. 20.00. Kórstjóri er Guðjón Þorláksson.

Valskórsvísur

Texti: Dýri Guðmundsson

Í kapellunni kyrjum við,
kát á mánudögum,
enda mikið úrvalið,
af allra handa lögum.

Bassinn dunar botni frá,
blíður tenór seiðir.
Svífur altíð sætt á ská,
sópran tóninn leiðir.

Valur þekkir veginn sinn,
vinnur eða tapar,
og aftur er það æfingin,
sem afrekshópin skapar.

Séra Friðrik syngur með,
í sátt við góða vini.
Styttan út við blómabeð,
blikar, í aftanskini.

Öflugt uppbyggingastarf í yngri flokkunum

Ársskýrsla körfuknattleiksdeildar árið 2002



Meistaraflokkur karla í körfubolta 2003 – 2004 eftir góðan sigur á Stjörnumni á heimavelli. Efri röð frá vinstri: Guðmundur Guðjónsson formaður körfuknattleiksdeildar, Rúnar Sveinsson, Birgir Guðfinnsson þjálfari, Leifur S Árnason, Gjorgji Dzolev og Ernst Fannar Gíslason. Fremri röð frá vinstri: Ágúst Jensson, Friðrik Lárusson, Gylfi M Geirsson, Atli Antonsson og Ragnar N Steinsson.

Þrátt fyrir hetjulega baráttu síðastliðið vor tókst meistaraflokksliði okkar ekki að halda sæti sínu í efstu deild. Því biður okkur það hlutskipti að spila í 1. deild þetta árið. Við Valmenn erum þó ekki þekktir fyrir annað en að berjast gegn þeim mótbyr sem að okkur sækir og verður árið í ár þar engin breyting.

Meistaraflokkur

Framtíð körfuknattleiksins í Val er björt. Við eigum geysilega efnilega stráka sem spila með yngri flokkum okkar og margir hverjir eru nú þegar farnir að banka á dyr

meistaraflokksliðs okkar og nokkrir leika nú þegar stórt hlutverk í því liði.

Ráðinn var nýr þjálfari, Birgir Guðfinnsson, fyrir tímabilið 2003 – 2004 þar sem Ágúst Björgvinsson sem þjálfaði meistaraflokk á síðasta tímabili ákvað að reyna fyrir sig við hjálfun í Litháen. Um leið og við bjóðum Birgi velkomin til félagsins óskum við Ágústi að sjálfsögðu alls hins besta á nýjum slóðum. Ágúst hefur starfað geysilega vel fyrir Val síðustu ár og á stærstan þátt í að gera yngri flokka starf okkar jafn öflugt og raun ber vitni, starfi sem er að skila okkur öflugum körfuknattleiksmönnum sem verða

fánaberar meistaraflokksins á næstu árum.

Auk þess að þjálfa meistaraflokksliðið hefur Birgir Guðfinnsson einnig leikið með því. Aðrir nýir leikmenn eru Gjorgij Dzolev sem kom frá Hetti á Egilsstöðum og Leifur Steinn Árnason sem kom frá ÍS. Allir þessir leikmenn hafa styrkt lið okkar mikið og bjóðum við þá velkomna í Val og væntum mikils af þeim.

Valsliðið hefur farið vel af stað á Íslandsmótinu nú í haust en þegar þetta er skrifað hefur liðið leikið nú leiki og sigrað í átta af þeim. Liðið situr nú í 1. sæti deildarinnar. Það er því ljóst að



Standandi frá vinstri: Bjarki Gústafsson, Gylfi Már Geirsson, Steingrímur Gauti Ingólfsson, Filipus Th. Ólafsson, Friðrik Lárusson, Alexander Dungal, Sveinn Skúlason, Hafsteinn Rannversson, Jóhann Guðmundsson, Hörður Helgi, Hreiðarsson, Hjalti Friðriksson, Atli Barðason, Hörður Ingason, Haraldur Valdimarsson, Hólmgrímur Snær Hólmgrímsson og Ernst Fannar Gíslason. Sitjandi frá vinstri: Magnús B. Guðmundsson, Magnús Sigurðsson, Pétur Fletcher, Haukur Logason, Hilmar Freyr Kristinsson, Indriði Arnar Ingólfsson, Grímur Stígsson, Gylfi Thors og Símon Glömmi.

strákarnir hafa sett markið að komast aftur í deild hinna bestu.

Ný stjórn tók við síðastliðið vor en í henni sitja:

Guðmundur Guðjónsson, formaður
Ragnar Þór Jónsson, varaformaður
Sveinn Zoega
Svali Björgvinsson

Pétur Stefánsson sem verið hafði formaður deildarinnar ákvað að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og þökkum við honum vel unnin störf. Hann verður okkur þó enn innan handar við fjáröflun ásamt fleiri „gömlum“ Valsmönnum.

Yngri flokkar

Eins og áður sagði er unglíngastarf körfuknattleiksdeildar blómlegt. Margir mjög góðir leikmenn spila með yngri

flokkum Vals og er framtíðin björt, alls voru milli 60 og 70 virkir iðkendur í yngri flokkunum á síðasta leiktímabili. Eins og undanfarin ár eigum við unga leikmenn sem spila í Bandaríkjunum í vetur. Þeir Steingrímur Gauti Ingólfsson og bræðurnir Alexander Dungal og Baldvin Dungal spila ytra auk þess sem Gissur Helguson, Guðmundur Kristjánsson og Stefán Nikulásson fóru í æfingabúðir í Duke í júní. Þá fór 10. flokkur félagsins til Spánar í sumar í keppnisferð en slíkar ferðir gefa ungum leikmönnum dýrmæta reynslu fyrir framtíðina.

Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að vinna titla í yngri flokkum okkar síðasta keppnistímabil er greinilegt að nokkrir flokkar eru með betri liðum landsins. Þannig varð 9. flokkur í 5. sæti á Íslandsmótinu sem lauk í vor og 10. flokkurinn lenti í því sjötta. Þá varð drengjaflokkurinn í 3. sæti í sínum riðli á Íslandsmótinu, en tvö efstu lið hvors riðils spiluðu

til úrslita. Aðrir flokkar náðu ekki eins góðum árangri á Íslandsmótinu.

Valdir voru leikmenn ársins í öllum flokkum ásamt þeim sem þóttu sýna mestu framfarir og síðast en ekki síst þá sem voru með besta æfingasókn. Eftirtaldir aðilar hlutu verðlaun:

7. flokkur '90

Leikmaður ársins: Atli Barðason
Mestu framfarir: Sveinn Skúlason
Besta æfingasókn: Haukur Logason
Þjálfari var Ágúst Jensson

8. flokkur '89

Leikmaður ársins:
Haraldur Valdimarsson
Mestu framfarir:
Hjalti Friðriksson
Besta æfingasókn:
Grímur Stígsson
Þjálfari var Ágúst Jensson

9. flokkur '88

Leikmaður ársins:

Hörður Helgi Hreiðarsson

Mestu framfarir: Gylfi Thors og

Hólmgímur Snær Hólmgímsson

Besta æfingasókn:

Björn Ármann Júlíusson

Þjálfarar voru Ágúst S Björgvinsson og Sævaldur Bjarnason

10. flokkur '87

Leikmaður ársins:

Jóhann Guðmundsson

Mestu framfarir: Filipus Th. Ólafsson

Besta æfingasókn: Hörður Ingason

Þjálfarar voru Ágúst S Björgvinsson og Sævaldur Bjarnason

11. flokkur

Leikmaður ársins:

Steingrímur Gauti Ingólfsson

Mestu framfarir: Hafsteinn Rannversson

Besta æfingasókn:

Magnús B. Guðmundsson

Þjálfarar voru Ágúst S Björgvinsson og

Sævaldur Bjarnason

Drengjaflokkur

Leikmaður ársins:

Ernst Fannar Gíslason

Mestu framfarir: Friðrik Lárusson

Besta æfingasókn: Friðrik Lárusson

Þjálfarar voru Ágúst S Björgvinsson og Sævaldur Bjarnason

Meistaraflokkur

Leikmaður ársins: Bjarki Gústafsson

Mestu framfarir: Gylfi Már Geirsson

Þjálfari Ágúst S Björgvinsson

Aðstoðarþjálfari: Sævaldur Bjarnason

Minnibolti

Að lokum er ekki hægt að fjalla um yngri flokka starfið í körfunni án þess að minnst á yngstu iðkendurum okkar sem æfa í minniboltanum. Bergur Már Emilsson hefur þjálfað yngstu strákana undanfarin ár og á hann heiður skilið fyrir hversu vel honum hefur gengið að laða iðkendur að körfuboltanum í Val. Iðkendum hefur

fjölgað jafnt og þétt og voru komnir hátt í 60 vorið 2003 og þar á meðal nokkrar stúlkur sem æfðu með strákunum. Þá er ekki ónýtt fyrir framtíðarkörfuboltamenn í Val að hefja ferilinn undir leiðsögn Bergs, sem verið hefur einn besti leikmaður Vals í meistaraflokki undanfarin áratug.

Valsari ársins

Í annað sinn voru veitt verðlaun sem við nefnum Valsari ársins, en þau eru veitt þeim leikmanni sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum fyrir deildina. Í ár hlaut Víkingur Arnórsson nafnbótina; Valsari ársins.

Einarsbikarinn

Verðlaun sem veitt eru til minningar um Einar Örn Birgis voru gefin í þriðja sinn. Verðlaunin eru veitt þeim leikmanni í yngri flokkum félagsins sem valinn er efnilegastur. Í ár hlaut Alexander Dungal Einarsbikarinn.

Uppskeruhátíð körfuknattleiksdeildar



*Meistaraflokkur.
Leikmaður meistaraflokks
Bjarki Gústafsson.*



*Drengjaflokkur.
Leikmaður drengjaflokks
Ernst Fannar Gíslason.*



*11. flokkur.
Leikmaður 11. flokks
Steingrímur Gauti Ingólfsson.*



*10. flokkur.
Leikmaður 10. flokks
Jóhann Guðmundsson.*



*9. flokkur.
Leikmaður 9. flokks
Hörður Helgi Hreiðarsson.*



*8. flokkur.
Leikmaður 8. flokks
Haraldur Valdimarsson.*



*7. flokkur.
Leikmaður 7. flokks
Atli Barðason.*



*Efnilegasti leikmaður yngri
flokka Vals í körfuknattleik
Alexander Dungal.*

Kröftugt starf í Sumarbúðum í borg



Brugðið á leik í Hljómskálagarðinum. Í Sumarbúðum í borg er margt skemmtilegt í boði fyrir krakkana.

Soffía Ámundadóttir leikskólakennari, nemi í táknafræðum við Háskóla Íslands, leikmaður í knattspyrnu með Val í 20 ár og betur þekkt í Val sem Sossa, var ráðinn skólastjóri Sumarbúða í borg og var hún mjög ánægð með sumarið.

Sossa vill koma eftirfarandi á framfæri um starfið síðastliðið sumar

Síðasta sumar í Sumarbúðum í borg gekk vel í alla staði og var þátttaka framfar vonum. Gengið var um hverfin og auglýst vel hvað væri í boði á Valssvæð-

inu. Undirtektir voru góðar og milli 50 – 70 börn tóku þátt í fjórum tveggja vikna námskeiðum var 50 – 70 sem er mjög gott ef tekið mið af síðustu 3 – 5 árum. Ákveðið var að breyta dagskránni þó nokkuð og ekki var annað að sjá en börnin væru ánægð með þær breytingar.



Skemmtilegir útileikir að Hlíðarenda, undir stjórn hæfra leiðbeinenda, fastur liður í sumarbúðunum.



Krakkarnir gleyma sér í vísindatjaldinu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.



Slappað af í veðurblíðunni í heita pottinum í Nauthólsvík.



Spennandi keilukeppni í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð.

Við vorum meira á ferðinni um borgina og þar sem ég hafði margra ára reynslu af leikjanámskeiðum hjá ÍTR tókum við inn þætti sem voru vinsælir.

Starfsmannahópurinn var uppbyggður af ungum og efnilegum Valsmönnum sem lögðu metnað í starfið og voru Val



Fjör í heimsókn hjá Landhelgisgæslunni. Fræðsla er hluti af Sumarbúðum í borg.



Lokahóf í Sumarbúðum í borg kemur of fljótt að mati krakkanna en allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal og koma svo bara aftur.



Andlitsmálun og fjör. Það er gaman í Sumarbúðum í borg.



Í Árbæjarsafni. Það er vinsælt að kynnst fortíðinni í Árbæjarsafni.



Í fótbolta að Hlíðarenda í blíðviðri.

til sóma í einu og öllu. Við áttum sam-eiginlegt markmið í upphafi sumars að hafa gaman af því sem við vorum að gera með börnin í fyrirrúmi. Þetta gekk allt upp og með reglulegum starfsmannafundum og faglegum vinnubrögðum tókst að halda vel utan um starfsmannahópinn. Hver og einn var metinn

af eigin verðleikum og þannig var einnig hugsað um börnin.

En betur má ef duga skal og næsta sumar er stefnan sett enn hærra. Valur verður að leggja allan sinn metnað í þessa vinnu vegna þess að sumarbuðirnar eru oft byrjunarreitir hjá iðkendum og afreksfólki Vals. Þessi grasrótavinnu

er lykillinn að inngöngu ungra iðkenda sem er það dýrmætasta sem Valur á.

Það var verulega gaman að kynnst þessari hlið af starfi Vals.

Með kveðju frá Sossu.
Áfram Valurmeira fjör!

Munið getraunanúmer Vals – 101

Besti leikmaður í 7. flokki karla hjá Víkingi

Íris Andrésdóttir fyrirliði meistaraflokks kvenna í knattspyrnu hjá Val hefur unnið marga sæta sigra á knattspyrnuvellinum og varð á árinu fastamaður í fræknu landsliði Íslands í kvennknattspyrnu.

Hún er einungis 24 ára gömul en var í sumar elsti leikmaður í ungum og geysifnilegm meistaraflokki kvenna í Val.

„Ég man nú ekki eftir neinum sérstökum erfiðum mótherja, en ég segi að mótherjinn verði aldrei betri en maður leyfir honum að vera. Það er vissulega erfitt að mæta góðum leikmanni eins og Ásthildi Helgadóttur en ef ég ætti að velja erfiðasta mótherjann þá myndi ég velja Laufeyju Ólafsdóttur í *brassabolta* á æfingum hjá Val,“ segir Íris eftir nokkra umhugsun þegar hún er spurð um erfiðasta mótherjann sem hún hafi leikið gegn.

Íris Andrésdóttir er fædd 1979 og ólst upp í Fossvoginum í Víkingshverfinu fyrstu ár æfi sinnar. Pabbi hennar Andrés Andrésson er gamall KR ingur en mamma hennar, Halldóra Bergþórsdóttir gamall Framari. Hún fluttist með fjölskyldu sinni 11 ára gömul í Gravarvoginn og býr í foreldrahúsum. Hún lauk námi á íþróttabraut FB og hefur einnig lagt stund á ensku, íslensku og fjölmiðlafræði í háskóla. Í dag vinnur hún hjá Og Vodafone.



Íris Andrésdóttir fyrirliði bikarmeistara Vals er elsti leikmaður í meistaraflokki kvenna um þessar mundir, einungis 24 ára gömul, mikill Valsari og leiðtogi innan vallar sem utan.



Landsliðsmenn Vals bregða á leik eftir landsleik við Rússa sem fór 1 – 1. Frá vinstri: Laufey Ólafsdóttir, Íris Andrésdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Málfríður Sigurðardóttir og Laufey Jóhannsdóttir.



Valsmenn með landsliðunu í Bandaríkjaferðinni í febrúar 2003. frá vinstri: Helena Ólafsdóttir hjálfari Vals og landsliðsins, Rakel Logadóttir, Málfríður Sigurðardóttir sem lék þarna sinn fyrsta landsleik, Dóra Stefánsdóttir, Laufey Jóhannsdóttir, Íris Andrésdóttir sem var líka að spila sinn fyrsta landsleik, og fyrirliðinn Rósa Júlía Steinþórsdóttir áður en hún lagðist í barneignir. Allar tóku þær þátt í leiknum.

Með strákunum í Víkingi

Íris byrjaði að æfa knattspyrnu í 7. flokki Víkings en þá var ekki nein kvennaknattspyrna í boði fyrir ungar stúlkur hjá félaginu þannig að ekki var um neitt annað að ræða en að æfa og spila með strákunum. Hún var eina stelpa í liðinu og lét það ekki á sig fá „Mér fannst frábært að fá tækifæri að spila með strákunum og ég bjó lengi að því, ég mætti á allar æfingar og fór með þeim á Tommamót í Vestmannaeyjum og það var frábær upplifun. Ég byrjaði að æfa 8 ára og árið eftir var ég valin besti leikmaðurinn í 7. flokki karla hjá Víkingi. Það var ekki

fyrir en ég var 10 ára sem ég byrjaði í kvennaboltanum hjá Val.“

Mikill stuðningur foreldra

Íris segir að foreldrar hennar hafi stutt sig óhemju mikið frá upphafi og sýnt mikinn áhuga á íþróttaiðkun systkinanna. „Foreldrar mínir hafa alla tíð sýnt ótrúlega mikinn áhuga á íþróttaiðkun okkar og þau hafa lifað og hrærst í þessu með okkur og verið virk í starfi flokka-anna og pabbi var um tíma í meistara-flokksráði Vals þannig að þau hafa ekki haft síður gaman af þessu en við. Þau fylgdu okkur á flest mót bæði hér á landi

og erlendis, mæta alltaf á völinn þegar þau geta, ekki síður í dag.“ og finnst Íris slíkur stuðningur foreldra greinilega mikilvægur.

Hvernig var kvennaboltinn hjá Val þegar þú byrjaðir 1989?

„Við vorum ekki mjög margar og yngst var 4. flokkur þannig að aldursbilið var breitt í hópnum. Mér fannst þetta skemmtilegt og ég eignaðist margar góðar vinkonur á þessum árum í Val. Við æfðum yfirleitt bara einu sinni til tvisvar í viku í litla salnum og maður keypti miða á æfingar en engin félagsgjöld voru innheimt. Okkur gekk ekkert sérstaklega vel á mótum til að byrja með en árið 1991 urðum við fyrstu Reykjavíkurmestarasar kvenna utanhúss í 4. flokki og spiluðum til úrslita á þæjumótinu í Vestmannaeyjum. Sama ár urðum við Íslandsmeistarar í 4. fl. kvenna utanhúss og eru það fyrstu Íslandsmeistarar Vals í yngri flokkum kvenna í knattspyrnu. Það var ógleymanlegt. Við kepptum til úrslita á Hlíðarenda við Breiðablik og KR. Við höfðum yfirleitt tapað fyrir Breiðablik en í þetta skiptið unnum við og einnig KR og að taka á móti titlinum við hliðina á styttni af séra Friðrik, það var alveg ólýsanlegt,“ segir hún stolt.

Á Gothia Cup 13 ára

Árið eftir var farið á sterkt knattspyrnu-mót Gothia Cup í Svíþjóð og sú ferð var ákaflega eftirminnileg og segist hún t.d. muna eftir Eiði Smára nokkrum, bólu-gröfnum síðhærdum ÍR gutta og voru stelpurnar að leika fótbolta með honum en þá strax var hann orðinn ótrúlega góður í fótbolta. „Við náðum í 8 liða úrslit á þessu sterka móti og lengi vel var það besti árangur sem íslenskt lið hafði náð. Það var athyglisverður árangur þar sem 3. flokkur spilaði þá hér heima bara 7 manna bolta en úti voru 11 í liði. Þetta var mjög skrytið, við kunnum ekki einu sinni rangstöðuregluna, mig minnst að ég hafi verið rangstæð nánast allt mótið,“ segir hún og kímir.

Æfði með stelpum úr gullaldarliði Vals

Árið 1996 varð Íris bikarmeistari með 2. flokki og var það næsti stóri titill á ferlinum. Nú eru flest allar stelpurnar hætta og er Íris sú eina úr 1979 árgangnum sem enn er að, en í næstu árgöngum á

eftir eru nokkrar t.d. Laufey Ólafsdóttir, Rakel Logadóttir og Erna Erlendsdóttir. Árið 1994, 15 ára gömul, byrjaði hún að æfa með meistaraflokki. „Þá voru gamlar hetjur eins og Ragga Víkings, Bryndís Vals, Stína Arnþórs, Arney og Gunna Sæm allar enn að. Þær voru í gullaldarliði Vals í kvennaknattspyrnu sem vann nánast alla titla sem voru í boði árum saman og voru máttarstólpar í liðinu sem vann síðasta Íslandsmeistaratitil fyrir félagið í knattspyrnu árið 1990. Maður var með stjórnur í augunum á áfingum og varla þorði að snerta boltann þegar þær voru nálægt,“ segir hún hógværdin uppmáluð og greinilega ánægð að hafa náð að æfa með þessum hetjum.

Gengi Vals í sumar

Markið var sett mjög hátt fyrir sumarið og stefnt var að Íslandsmeistaratitli og liðið hafði alla burði til að klára mótið en að sögn Írisar vantaði herslumuninn, eins og gerst hefur nokkur undanfarin ár. „En ef maður horfir yfir árið þá getum við verið stoltar, við urðum bikarmeistarar, Reykjavíkumeistarar, deildarbikarmeistarar og nú síðast Íslandsmeistarar innanhúss. Við unnum alla titla sem voru í boði nema Íslandsmeistaratitilinn utanhúss. Það voru auðvitað ákveðin vonbrigði að ná honum ekki, en það var alveg ólýsanleg tilfinning að hampa bikarnum í sumar. Að taka á móti bikarnum með svona lið að baki sér er draumur sérhvers leikmanns. Ég tel það vera stærstu stund mína í boltanum hingað til að fá bikarinn í hendurnar í sumar. Þótt ekki hafi gengið vel í byrjun í bikarúrslitaleiknum var aldrei spurning, við ætluðum að taka bikarinn heim að Hlíðarenda,“ segir Íris ákveðið.

Hvernig finnst þér þróun kvennaknattspyrnunnar?

„Valur er að vinna mjög öflugt uppeldisstarf sem ég hef trú að eigi enn eftir að eflast með betri aðstöðu að Hlíðarenda á næstu árum. Við þurfum ekki að kvíða framtíðinni. Félög eins og Breiðablik eru með frábært yngri flokka starf, hefðin er sterk hjá KR og í nýju hverfunum á sér stað mikil uppbygging, t.d. hjá Fjölni og Fylki og Þróttur er að eflast. ÍBV hefur verið að styrkjast, m.a. með kaupum á leikmönnum. Ég held að félögum eigi eftir að fjölga sem leggja áherslu á kvennaknattspyrnu, m.a. vegna stefnu

KSÍ og einnig hefur góður árangur kvennalandsliðsins vonandi þau áhrif að áhugi eigi eftir að aukast á kvennaknattspyrnu. Yngri stelpur hafa nú fyrirmyndir sem þær geta litið til.“

Fastamaður í kvennalandsliðinu

Aðspurð um landsliðsferilinn segir hún að fyrst hafi hún leikið U17 landsliðinu 1995 og svo aftur 1996. Árið 1999 lék hún með U21 landsliðinu og 2002 og 2003 lék hún sem eldri leikmaður með U21 landsliðinu. „Síðan lék ég minn fyrsta landsleik nú í febrúar á móti Bandaríkjamönnum, þáverandi heimsmeisturum á heimavelli þeirra. Það var gríðarleg stemning meðal áhorfenda á vellinum og fjölmargir áhorfendur sem örugglega hafa búist við auðveldum sigri heimamanna, í stjórnun prýddu liði, t.d. með Míu Ham fremsta í flokki. En okkur tókst að halda í við þær og leikurinn endaði 1 – 0 fyrir þeim,“ segir Íris stolt yfir kvennalandsliðinu.

Að sögn Írisar á íslenska landsliðið í kvennaknattspyrnu nú mikla möguleika á því að komast í úrslitakeppni næsta Evrópumeistaramóts. „Okkur hefur gengið mjög vel í undankeppninni á þessu ári, unnum Ungverja heima, gerðum jafntefli við Rússa úti í leik sem við áttum að vinna, unnum Pólverja bæði heima og úti og töpuðum úti fyrir gríðarsterku liði Frakka 0 – 2. Ég held að heimaleikurinn við Pólverja hafi verið einn af hápunktum ársins, bæði voru fjölmargir áhorfendur og einnig er ógleymanlegt að vinna leikinn 10 – 0. Ég heyrði að vallaerstjórinn var farinn að hafa áhyggjur þegar staðan var 9 – 0 að skortafan gæti ekki sýnt tveggja stafa tölu, en hann hafði aldrei upplifað knattspyrnuleik á Laugardalsvælinum með tveggja stafa tölu. Stefnan er klárlega sett á það að komast í úrslitakeppnina á næsta Evrópumóti og það yrði í fyrsta skipti sem íslenskt A landslið í knattspyrnu tæki þátt í úrslitakeppni í stórmóti. Samstaðan í liðinu er mikil og Ásthildur Helgadóttir er frábær leiðtogi sem fer fyrir liðinu.“

Góðir þjálfarar

„Margt af því sem ég er í dag á ég Helenu Ólafsdóttur fyrrverandi þjálfara Vals að þakka. Ég átti mjög erfitt uppdráttar í nokkur ár og var úti í Bandaríkjunum þegar Helena var ráðinn þjálfari. Ég ákvað að koma heim og hún færði mig



Íris Andrésdóttir var kjörin besti leikmaður í 4. flokki kvenna hjá Val 1991.

úr sókninni í vörnina, fann fyrir mig nýja stöðu, en ég hafði aldrei áður leikið í vörn. Helena hafði ekki einungis trú á mér sem leikmanni, heldur gaf hún mér loksins nauðsynlegt sjálfstraust en ef þú hefur hefur ekki trú á sjálfum þér sem leikmanni eða því þú ert að gera þá nærðu aldrei langt. Ég á klárlega Helenu að þakka að ég fann mig aftur. Helena er frábær þjálfari og sterkur karakter,“ segir Íris og er greinilega hlýtt til Helenu.

„Ég hef líka mjög mikla trú á því sem Beta er að gera sem þjálfari í meistaraflokki. Beta hefur margsannað sig sem þjálfari með yngri flokka Vals og unnið þar frábært starf. Hún er ótrúlega hæfileikarík, veit hvað hún er að gera, setur hlutina skýrt og markvisst fram. Hún þekkir vel margar stelpur í meistaraflokki enda komnar frá uppeldisstarfi hennar. Hún er einn hæfleikaríkasti þjálfarinn sem við eigum í dag í kvennaboltanum.“

Famtíð Vals

„Valur hefur rosalega hefð og hefur lifað lengi á þessari gömlu frægð. En síðustu ár hefur félagið kannski ekki verið að gera stóra hluti í fótbolta þótt alltaf hafi einhverjir titlar unnist, en gengi félagsins hefur vissulega verið misjafnt. Valur er það stórt félag með efnilegum iðkendum og sönnum Völsurum þannig að það er



Íslandsmeistarar Vals í 4. flokki 1991. Frá vinstri Eva Halldórsdóttir, Tinna Gunnarsdóttir, Benedikta Svavarsdóttir, Guðný Jónsdóttir, Íris Andrásdóttir með bikarinn, Anna Björg Jónsdóttir spilaði í sumar með Þrótti/Haukum, Lovísa Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Anna Brynja.



Íris Andrásdóttir stoltur fyrirliði bikar-meistara Vals með bikarinn.

ekki annað hægt en að hlakka til framtíðarinnar með, sérstaklega þegar litið er til lofandi framtíðaráforma um uppbyggingu að Hlíðarenda og ég næ vonandi einu ári í þessari fínu höll sem á eftir að koma hérna," segir Íris og vonandi á draumur hennar eftir að verða að veruleika áður en langt um líður.

Aldrei að vita hvað gerist í framtíðinni

Leikmannahópurinn í meistaraflokki í dag er að sögn Írisar blanda af eldri og yngri leikmönnum þó að hún vilji nú

ekki kannast við að vera neitt sérstaklega gömul. Síðustu ár hafi verið að koma ótrúlega efnilegir leikmenn úr yngri flokkunum hjá Val, þær þurfi aðlögunartíma eins og aðrir leikmenn. „Í dag eru þær ekki bara efnilegar heldur frábærir knattspyrnumenn. Félagið hefur alla burði til að ná langt á næstu árum. Ég er mikill Valsari og stefni að því að halda áfram með liðinu næstu árin af fullum krafti. Eins og staðan er í dag vil ég vinna marga góða sigra með Valsliðinu, það er aldrei að vita hvað gerist í framtíðinni, ég á nóg eftir.“

Valsmenn bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Bakbrestir og Skemmtun

Eftir Árna Bjarnason og Árna Heiðar Geirsson

Margir leikmenn 3. og 4. flokks karla í knattspyrnu ásamt nokkrum stelpum úr 3. flokki fóru í Knattspyrnskóla Bobby Charlton til Englands sumarið 2003 og var sú ferð ákaflega vel heppnuð.

Árla morguns, þann 31. júlí, mættu leikmenn 3. og 4. flokks karla í knattspyrnu galvaskir niður á miðstöð knattspyrnuíðkunar á Íslandi, sjálfan Hlíðar-enda. Með í för voru einnig nokkrar stelpur úr 3. flokki kvenna hjá Val. Hópurinn var á leiðinni til Bretlands, nánar tiltekið í Knattspyrnskóla Bobby Charlton. Ferðin byrjaði ekki gæfulega þar sem búningar liðsins voru læstir í Valsheimilínu. En áður en langt var um liðið voru strákarnir komnir upp í rútu, með búningana, á leið til Keflavíkur.

Þegar í flugstöðina var komið fengu strákarnir sér eitthvað í svanginn. Flogið var til Glasgow, síðan var stigið upp í rútu og ekið af stað til Fleetwood. Eftir fjögurra tíma akstur og eitt stopp vorum við loksins komnir á leiðarenda. Margir urðu fegnir, sérstaklega í ljósi þess að rútuþjófurinn hafði verið einstaklega pirraður og ekki skilið húmor íslensku víkinganna. Eftir að hafa komið sér fyrir og fengið sér eitthvað í gogginn hófst fyrsti leikurinn. Óhætt er að segja að mótherjarnir hafi verið arfaslakir og unnust auðveldir sigrar á báðum vígstöðum.

Eftir nætursvefn var haldið í morgunverð sem alla dagana samanstóð af bökuðum baunum og einhverju djúpsteiktu. Eftir að hafa sporðrennt eggjum, beikoni og baunum var haldið út á völl þar sem stífar æfingar tóku við tvisvar til þrisvar á dag.

Daginn eftir var haldið á sannkallaðan stórleik, viðureign Preston North End gegn Everton. Fyrir leikinn voru Valsmenn beðnir um að hafa hægt um sig til að verða ekki fyrir barðinu á stuðningsmönnum liðanna. Leiknum lauk með óvæntum sigri Prestonmanna á slöku liði



Davíð Bergmann Davíðsson hjálfi 3. flokks karla í knattspyrnu 2003 og Guðmundur Brynjólfsson hjálfi 4. flokks karla.



Allir þátttakendur í Knattspyrnskóla Bobby Charlton horfðu á æfingaleik á milli Preston North End og Everton sem endaði 1 – 0 fyrir Preston öllum að óvörum. Fjöldi áhorfenda fylgdist með leiknum og mikil stemning var meðal áhorfenda.



Það var ógleymanlegt að fara á Manchester United safnið. Þar kennir margra grasa og hér má sjá búninga ýmissa þekkra leikmanna með United fyrir og síðar.

Everton. Seinna um daginn var æfingum haldið áfram.

Góður mórall í íslenska hópnum

Samskipti milli Valsmanna og annarra Íslendinga voru líka góð og léku þrír aðrir Íslendingar með Valsmönnum. Þetta voru þeir Magnús, Gísli og Haukur. Sá síðastnefndi ætlar að ganga til liðs við Val næsta sumar ásamt þremur öðrum félögum hans. Meðal útlendinganna var einn Frakki sem leit stórt á sig og var með einhverja stæla við Íslendingana. En



Birkir Marinósson leikmaður með 4. flokki Vals í knattspyrnu á Old Trafford, hinum stórglæsilega heimavelli Manchester United, en Birkir á allar myndirnar sem fylgja ferðasögunni.



Nokkrir Valsarar á góðri stundu í ferðinni. Frá vinstri: Valgeir Valgeirsson, Haraldur Björnsson, Helgi H. Guðmundsson og Anton Rúnarsson.

sem betur fer var samstaðan mikil í hópnum og var ákveðið að ef þessi umtalaði Frakki ætlaði að bögga einhvern í hópnum myndi allur hópurinn koma og standa með félagi sínum. En sem betur fer þurfti ekki til þess að koma þar sem Frakkinn bauðst afsökunnar og hafði eftir það hægt um sig.

Ferð til Manchester

Einn af hápunktum ferðarinnar var ferð til Manchester. Þar var Old Trafford skoðaður, bæði völlurinn og safn um sögu Unitedliðsins. Skoðaður var búningasklefi og vakti mikla athygli að þar inni var heitur pottur og sjónvarp. Eftir að hafa skoðað völlinn var haldið í Trafford Centre, sem er stór verlsunarmiðstöð. Ekki var mikill tími til stefnu og vorum við öll beðin um að vera mætt á tilsettum tíma aftur upp í rútu til þess að sleppa við umferðaröngþveiti. Þegar allir voru komnir í rútna uppgötvaðist að tvær af stelpunum höfðu gleymt sér í paradís kaupandans. Þegar þær loksins skiluðu sér hafði mikil umferð myndast og þurftum við að dvelja lengi í rútnni. Hitinn var gífurlegur og brugðu margir á það ráð að fækka fötum.

Æfingaleikir og stanslaust fjör

Síðar um kvöldið var keppt við heimamenn. 4. flokkur sigraði örugglega. Andstæðingar 3. flokks voru engin lömb að leika við, mestu tuddar sem þeir höfðu mætt. Brutu mótherjarnir það gróflaga af sér að Hvergerðingurinn í hópnum handleggibrotnaði og var drifinn á spítala. En

með skipulögðum leik og mikilli festu sigruðu drengirnir okkar 3 – 2 og mikil gleði ríkti í hópnum eftir þetta afrek.

Deginum fyrir brottför munum við seint gleyma. Farið var í tívoli í Blackpool. Sú ferð verður lengi í minnum höfð. Fengu strákarnir nægan tíma til þess að láta adrenalínið streyma í trylltum tækjum og mikil kátína ríkti í hópnum. Um kvöldið var lokahóf þar sem þjálfarar skólans voru kvaddir og viðurkenningar veittar. Síðan var gengið til náða. Eldsnemma morguninn eftir vorum við vakin miskunnarlaust af þjálfurum þeirra og haldið heim á leið þar sem söknuður foreldra var það mikill að þeir gátu ekki afborið lengur að vera án litlu englanna sinna, enda biðu foreldrar með tårin í augnum eftir að við kæmum í fang þeirra.

Mörg gullkorn fuku í ferðinni og ber þar helst að nefna: *Can you please turn off on the radio* og *Where is the selfsellermachine*. Einnig var kostulegt að horfa upp á þegar þjálfarinn, Davíð Bergmann, var á harða spretti eftir knettinum þegar gömul bakmeiðsli gerðu vart við sig og lá hann kylliflatur þó að enginn leikmaður hafi komið þar nærri. Sumir fengu líka ný viðurnefni s.s. *captain caveman*, *sheep* og *tito*.

Þessi ferð var mjög skemmtileg og jókst samheldnin í hópnum. Þjálfararnir í Bobby Charlton skólanum voru fyrsta flokks og kenndu okkur margt varðandi íþróttina. Einnig eiga okkur yndislegu þjálfarar, Davíð Bergmann Davíðsson og Guðmundur Brynjólfsson hrós skilið fyrir að hafa farið með okkur í þessa fráberu ferð.

Lærum af mistökunum



Stefán leikmaður 7. fl. Vals 1988.

Fæðingardagur og ár: 31. mars 1980.

Nám: Er að ljúka hagfræði í HÍ.

Kærasta: Guðbjörg S. Bergsdóttir.

Hvað ætlar þú að verða: Ég ætlaði mér alltaf að verða stór en það gekk ekki svo nú er stefnan sett á að verða hagfræðingur.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Minni.

Stjörnuspá þín fyrir næsta ár: 1. sæti í 1. deild.

Af hverju fótbolti: Skemmtilegasta íþróttin.

Eftirminnilegast úr boltanum: Þegar Bjössí fór á klósettið í miðjum leik.

Ein setning eftir tímabilið: Lærum af mistökunum.

Skemmtilegustu mistök: Þegar ég gekk á ljósastaur á Laugaveginum.

Mesta prakkarastrik: Þegar ég hefndi mín á Kristni félagamínunum. Svakaleg hefnd!

Fyndnasta atvik: Þegar Gummi Brynjólfs handleggsbrotnaði í fót-

Stefán Helgi Jónsson meistaraflokkur karla í knattspyrnu

boltaleik og uppgötvaði það ekki strax, tók því næst innkast og öskraði eins og honum einum er lagið.

Stærsta stundin:

Þegar ég fæddist.

Hvað hlær þig í sturtu:

Bergur Bergsson.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Kristinn Svanur Jónsson.

Hver á ljótasta bílinn: Baldvin, vinnubíllinn hans er rosaleg drusla.

Hvað lýsir þínum húmor best:

Aulahúmor.

Flygustu orð: Láttu aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.

Mottó: Gerðu alltaf þitt besta.

Fyrirmynd í boltanum: Guðni Bergsson og Zinedine Zidane.

Leyndasti draumur: Að verða atvinnumaður í fótbolta.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Þegar Cyberg meðlimir hittast og eiga góða stund saman.

Hvaða setningu notarðu oftast:

Hvað er í gangi!

Skemmtulegustu gallarnir:

Víxla stundum orðum.

Hvað er það fallestasta sem hefur verið sagt við þig: Þú er besti frændi minn.

Fullkomið laugardagskvöld: Ég og Gugga að borða góðan mat og slappa af.

Hvaða flík þykir þér vænst um: Levi's gallabuxurnar mínar.

Besti söngvari: Thom Yorke.

Besta hljómsveit: Radiohead.

Besta bíómynd: Godfather I.

Besta bók: High fidelity.

Besta lag: Scientist með Coldplay.

Uppáhaldsvefsíðan: www.valur.is.

Eftir hverju sérðu mest: Engu.

Ef þú yrðir að vera einhver annar:

Þá myndi ég ekki vilja vera Kr-ingur!

4 orð um Njál þjálfara: Hleypur eins og héri.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Leggja mikla áherslu á yngri flokka starf, því það er jú grundvöllurinn fyrir því að Valur verði aftur stórveldi í íslenski knattspyrnu.



Valsmenn létur í fund og munum orð séra Friðriks „látum aldrei kappið bera fegurðina ofurliði“



Sveinn Stefánsson, framkvæmdastjóri Vals.

Sveinn Stefánsson hefur verið framkvæmdastjóri Vals undanfarin tvö og hálf ár. Hann þekkir vel til félagsins og hefur trú á því að Valur eigi eftir að eflast enn frekar á næstunni. Hann svaraði fúslega nokkrum spurningum Valsblaðsins.

Hvernig gengur rekstur félagsins?

„Hann gengur ágætlega, við erum réttu megin við núllið en það má auðvitað ekki mikið út af bregða, því tekjustofnar félagsins eru ekki margir og hjá deildunum byggist þetta að mestu leyti á auglýsingasölu og aðgangseyri. En því miður hafa Valsmenn ekki verið nógu duglegir að mæta á leikina til að styðja sitt lið og styrkja þannig starfið.“

Er eitthvað verið að gera til að auka aðsókn á leiki Vals?

„Það er auðvitað alltaf verið að gera eitthvað og nú stendur til að stofna stuðn-

ingsmannaklúbb Vals með það að markmiði að auka stemninguna í félaginu innan vallar sem utan og vil ég biðja þá sem vilja koma að stofnun, útfærslu og skipulagningu klúbbsins að hafa samband við mig á skrifstofu Vals: sveinn@valur.is. Einnig bið ég alla Valsmenn að skrá sig á póstlista félagsins því þannig er hægt að koma upplýsingum til þeirra á einfaldan hátt. Hægt er að skrá sig á heimasíðunni www.valur.is, heimasíðan er nú orðin okkar aðalupplýsingamiðill og mikið notuð til auglýsinga á ýmsum viðburðum sem fram fara innan félagsins.“

Hvað ert þú með á borðinu hjá þér þessa dagana?

„Svona fyrir utan hefðbundin daglegan rekstur er ég nú á fullu að ljúka við útgáfu á Valsblaðinu svo við getum sent félagsmönnum okkar það fyrir jól, en Valsblaðið er eitt af flaggskipum félagsins en þetta er 55. árgangur blaðsins. Síðan var ég að ljúka við að skila af mér

íþróttanámskrá Vals, sem verður gefin út í janúar. Í námskránni er fjallað um hlutverk Knattspyrnufélagsins Vals, stefnu þess og markmið, stjórnskipan félagsins, skipulag þjálfunar og áherslur í þjálfun. Starfshættir Vals eru skilgreindir þar með skipulegum hætti og starfsemin gerð skýrari gagnvart iðkendum, þjálfurum, foreldrum og öðrum þeim sem hafa samskipti við félagið eða starfa innan vébanda þess. Þannig nýtist íþróttanámskráin sem stjórnþæki og hvetur um leið til skipulegra vinnubragða og aukinnar fagmennsku í starfi félagsins. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem voru með mér í námskrárnefndinni fyrir vel unnin störf en í henni voru: Janus Guðlaugsson sem var tæknilegur ráðgjafi kostaður af ÍBR, Þórður Jensson íþróttafulltrúi Vals og Guðni Olgeirsson í unglingaráði knattspyrnudeildar og ritstjóri Valsblaðsins þetta árið. Svo er ég ásamt Hans Herbertssyni gjaldkera aðalstjórnar og Brynju Hilmarsdóttur skrifstofustjóra að leggja lokahönd á rekstraráætlun næsta árs.“

Hverjir eru helstu styrkleikar og veikleikar Vals í stuttu máli?

„Styrkleikinn er fyrst og fremst þessi mikla og sterka hefð sem fylgir félaginu og það að vera sigursælasta boltafélag landsins. Einnig sterkur kjarni af góðu starfsfólki og sjálfbodaliðum undanfarin ár. Veikleikinn snýr kannski mest að því að félagið hefur verið sligað af slæmri fjáhagsstöðu síðastliðinn áratug og dapurri markaðsetningu á yngri flokkunum en þetta helst auðvitað í hendur. Svo hefur staðsetningin verið okkur fjötur um fót og aðgengi að Hlíðarenda ekki eins og best verður á kosið en nú er þó útlit fyrir miklar breytingar í þeim efnum og reyndar er staðsetningin nú að snúast upp í styrkleika og vísa ég í því samhengi á ný



Nokkrir dyggir stuðningsmenn Vals í handbolta 2003. Áhugi er á því að stofna stuðningsmannaklúbb hjá Val og fjölga áhorfendum til muna á leiki félagsins.



Stuðningsmenn á leik ÍA og Vals í sumar.

uppbyggingaráform hér á Hlíðarenda-svæðinu og færslu Hringbrautar en yfir hana mun koma göngubú.

Hvernig gerist maður félagi í Val?

„Það er mjög einfalt, þú getur annaðhvort haft samband við okkur á skrifstofunni eða skráð þig beint á heimasíðunni. Það er mjög mikilvægt að félagsmenn séu skráðir í félagið og greiði félagsgjald. Iðkendur greiða 1.000 krónur 1 – 20 ára, fullorðnir 3.600 krónur, ellilífeyrisþegar greiða 1.000 krónur og einnig er boðið upp á fjölskyldugjald sem er 5.000 krónur og gildir fyrir alla fjölskyldumeðlimi með sama heimilisfang.“

Hvað er það helsta sem vantar nú til að gera gott starf enn betra?

„Okkur vantar alltaf gott fólk til starfa innan félagsins, því stór hluti starfseminnar er unninn af sjálfboðaliðum og það eru alltaf not fyrir gott fólk, ég vil endilega hvetja áhugasama aðila til að hafa samband við mig eða stjórnarmenn í deildunum ef þeir telja sig geta lagt hönd á plóginn, en okkur vantar t.d. fólk til að vinna í kringum heimaleiki og einnig vantar aðila til að skrifa fréttir og fróðleik inn á heimasíðuna.“

Einnig vil ég þakka því frábæra fólki sem er að starfa fyrir félagið og það er hreint með ólíkindum hversu duglegir sumir einstaklingar eru fyrir félagið. En það sannar sig þó alltaf hið fornkvæðna að margar hendur vinna létt verk.“

Hvað er þetta skákdæmi sem er verið að auglýsa á heimasíðunni?

„Þetta er skáklúbbur Vals sem var ýtt úr vör af nokkrum góðum Valsmönnum 21. október síðastliðinn og er ætlunin að hittast í Valsheimilinu annan hvern þriðjudag í vetur og tefla. Þetta er gert í


samstarfi við Taflfélag Reykjavíkur sem hefur tekið að sér að vera umsjónaraðili æfinga og móta á vegum klúbbsins. Þetta hefur farið mjög vel af stað og ég vil hvetja alla sem hafa gaman af því að tefla að mæta á næstu æfingu. Í byrjun næsta árs verður síðan keppt um hinn fræga Valshrök.“

Eitthvað sem þú vilt segja að lokum?

„Já ég vil byrja á að þakka styrktaraðilum félagsins sérstaklega fyrir framlag þeirra til félagsins en án styrktaraðila væru engar afreksíþróttir stundaðar innan Vals, við gætum ekki gefið út öflugt Valsblað ef ekki nyti við auglýsinganna sem í því eru o.s.frv.“

En það er auðvitað ekkert einkamál þeirra einstaklinga sem veljast í stjórnir og bjóða sig fram til sjálfboðaliðastarfa fyrir félagið á hverjum tíma að afla fjár til rekstrarins, heldur er það skylda hvers Valsmanns að aðstoða við fjáraflanir og hafa frumkvæði að því. Að lokum vil ég hvetja alla Valsmenn til að kynna sér vel hverjir séu styrktaraðilar félagsins og snúa viðskiptum sínum til þeirra ef nokkur kostur er og tryggja þannig áframhaldi gott samstarf við þá aðila.“

Ég óska öllum Valsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Langar svakalega í atvinnumennsku til Noregs

Þórgunnur Þórðardóttir leikur handbolta með 4. flokki Vals

Þórgunnur er 15 ára og hefur æft handbolta í Val frá því að hún var u.þ.b. 6 – 7 ára.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við handboltaíðkun?**

„Ég hef fengið gríðalega mikla kvatningu og stuðning frá foreldrum mínum og reyndar allri fjölskyldu minni. Mamma kemur á alla leiki og pabbi þegar hann er ekki á sjónum. Stuðningur foreldra skiptir miklu máli að mínu mati, eftir alla leiki þá ræðum við um leikinn um hvað fór vel og hvað mátti betur gera.“

– **Hvernig gengur í vetur?**

„Okkur gekk svona upp og ofan en við fórum til Svíðþjóðar á Partille Cup við unnum okkur upp í A – riðil en svo töpuðum við öllu þar.“

– **Skemmtilegt atvik úr boltanum.**

„Það var nátturlega alveg frábært í Svíðþjóð, og hefur það þá verið skemmtilegasta sem við höfum gert hingað til.“

– **Hvað þarf til að ná langt í handbolta?**

„Það þarf að hafa metnað og vilja og hæfileika og svo skiptir mataræðið miklu máli, en það sem ég þarf helst að bæta er þolið og ég þyrfti líka að hugsa meira um það sem ég læt ofan í mig.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í íþróttum?**

„Fyrirmynd mín í enska fótbolthanum er Ljungberg sem er í Arsenal, en í íslenska boltanum

hef ég alltaf haldið með ÍA enda er ég fædd á Akranesi og fyrirmynd þar var afi Donni sem spilaði með ÍA á gullaldarárunum. Í handbolthanum er það hann Christian Zeitz frá Þýskalandi og Fúsi úr Val.“

– **Hvers vegna handbolti?**

„Þegar ég var yngri þá átti ég tvær vinur konur sem voru í handbolta í Val og þær sögðu mér að koma og prufa handboltann þannig að ég dreif mig á æfingu með þeim og ég man ekki betur en mér hafi bara fundist það mjög gaman, svo var eldri systir mín hún Eva sem æfði bæði með Val og Gróttu. Svo reyni ég að stunda fótboltann á sumrin.“

– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar í handbolta?**

„Mig langar svakalega að fara til Noregs í atvinnumenskuna þegar ég verð eldri en aðrir framtíðardraumar eru óljósir.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Var það ekki Friðrik og árið 1911?“

Munið!

Flugeldasölu Vals
um áramótin

www.valur.is

Freyr handboltakappi á Hlíðarenda

Freyr Brynjarsson margreyndur leikmaður meistaraflokks karla í handbolta býr ásamt unnustu sinni í litla steinhúsinu að Hlíðarenda og er mjög bjartsýnn á gengi liðsins í vetur og vonast til að eiga mörg góð ár eftir í boltanum.

„Ég fékk fyrst tækifæri tímabilið 1996 – 1997 að spila nokkra leiki í meistaraflokki 18 ára gamall en byrjaði af alvöru tímabilið 1997 – 1998. Það tímabil er ógleymanlegt, þá unnum við Reykjavíkurmótið, Íslandsmótið og urðum bikarmeistarar og það eina sem við náðum ekki að vinna það ár var deildin,“ segir Freyr þegar hann er beðinn að rifja upp besta tímabil sem hann man eftir úr handboltanum.

Freyr Brynjarsson fæddist 1977 og bjó til 5 ára aldurs í Njarðvík og fluttist þá í Kópavoginn. Hann æfði handbolta með HK í yngri flokkunum frá 8 ára aldri en byrjaði 1993 í 3. flokki Vals í handbolta. Einnig lék hann fótbolta með Breiðablik alla yngri flokkana en valdi handboltann um tvítugt. Hann er nú 26 ára gamall og elsti leikmaður meistaraflokks Vals og sá leikreyndansti að undanskildum Roland Val Eradze sem leikur ekki með í vetur vegna meiðsla. Freyr hefur leikið um 180 leiki fyrir meistaraflokk Vals á Íslandsmóti eða í bikarkeppni. Faðir hans Brynjar Sigmundsson lék körfuknattleik með Njarðvíkingum og einnig með landsliðinu. Móðir hans Ingunn Ingvarsdóttir lék einnig handbolta á yngri árum. Hann bjó þangað til í fyrra í Kópavogi en flutti þá í litla steinhúsið að Hlíðarenda sem byggt var 1916



Sakleysið uppmálað. Í leik á móti Aftureldingu. Frey Brynjarssyni er vísað út af í tvær mínútur eftir brot á Bjarka Sigurðssyni og skilur ekkert í þeirri ákvörðun dómarans. Freyr segist rétt hafa komið við Bjarka sem lét sig bara detta.



Freyr Brynjarsson býr ásamt unnustu sinni Hrefnu Sigurðardóttur í litlu steinhúsi að Hlíðarenda sem byggt var 1916 og lengi notað undir skrifstofur félagsins. Þau eru einu íbúar með lögheimili að Hlíðarenda þótt margir Valsarar dvelji þar öllum stundum.

og unir hag sínum þar vel ásamt unnustu sinni, Hrefnu Sigurðardóttur frá Grindavík. Hann segir að það henti ágætlega að búa að Hlíðarenda, stutt að fara í Hlíðaskóla þar sem hann er umsjónarkennari í 7. bekk og stutt á æfingar bæði sem leikmaður og þjálfari. Freyr er fullur tilhlökkunar að sjá breytingar á allri aðstöðu á Hlíðarenda í samræmi við þær tillögur sem hafa verið kynntar og hlakkar til þess að spila í nýrri höll sem fyrst.

– Hvernig ætlaðist það að þú byrjaðir í handbolta í Val?

„Við vorum nokkrir sterkir strákar í handbolta, bæði frá HK og Breiðablik, sem komum gagnert í Val vegna þess að Boris Bjarni Akbachev þjálfaði þá 3. flokk Vals, en hann hafði áður verið þjálfari hjá Breiðablik. Hann hafði áður verið þjálfari hjá Val, þjálfað t.d. Geir Sveinsson, Júlíus Jónasson og fleiri hetjur. Við fórum í Val til að fá alvöru þjálfun. Þessi hópur í 3. flokki var mjög skemmtilegur og okkur gekk ágætlega. Hins vegar hefur þessi árgangur ekki skilað sér vel upp í meistara flokk og ég er nú einn eftir hjá Val úr hópnunum. Árið 1994 urðum við bikarmeistarar í 3. flokki og var það stærsti titillinn sé ég fékk í yngri flokkunum, en við vorum alltaf við toppinn í 3. og 2. flokki en náðum ekki að landa Íslandsmeistaratitli.“

Úrslitaleikur bikarkeppninnar 1998 – lengstu þrjár sekúndur lífsins

Freyr minnst þess þegar Valur náði að vinna Fram í úrslitaleik bikarkeppninnar 25 – 24 eftir framlengingu og segist hann aldrei koma til með að gleyma þeim leik. „Ég lék ekki mikið með í upphafi en kom inn á undir lok leiksins. Við vorum fjórum mörkum undir þegar lítið var eftir en náðum að komast inn í leikinn og minnkuðum muninn í eitt mark. Svo fengum við fríkast á miðjum veltinum þegar þrjár sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma. Kári Guðmundsson tók fríkastið og ég stóð fyrir innan punktalínu, sem er í raun ekki leyfilegt en dómaramir gerðu ekki athugasemd við þetta, Framarnir tóku einfaldlega ekki eftir mér, ég fékk boltann beint úr fríkastinu og skoraði jöfnunarmarkið og um leið var leiktíminn búinn. Ég held að þetta hafi verið lengstu þrjár sekúndur í lífi mínu a.m.k. finnst mér þetta hafi verið eilífðartími í minningunni. Í framlengingunni kom aldrei neitt annað til greina en að vinna leikinn og leiknum lauk með því að Júlíus Gunnarsson skoraði sigurmarkið í blálökin í framlengingunni. Stemningin var ólýsanleg og tilfinningin að vinna bikarinn var mjög góð. Framarar kærðu leikinn þar sem þeir töldu að jöfnunarmarkið sem ég skoraði hafi verið ólöglegt þannig að það varð ekki endanlega ljóst fyrir en löngu seinna að okk-

ur var dæmdur réttilega sigurinn,“ segir Freyr og man greinilega þennan atburð eins og gerst hafi í gær.

Gengi meistara flokks karla

Gengi meistara flokks Vals frá 1998 hefur ekki verið verið nægjanlega gott að mati Freys, liðið hefur reyndar misst á undanförunum árum fjölmarga leikmenn, t.d. Fúsa og Snorra Stein en samt virðast alltaf koma maður í manns stað. Liðið hafi að vísu ekki unnið neina stóra titla undanfarin ár nema Reykjavíkurmeistaratitilinn 2001 með Geir Sveinssyni og nú 2003 með Óskari Bjarna Óskarssyni.

„Hópurinn í vetur er sterkur, fullt af ungum og efnilegum strákum. Óskar Bjarni er að gera góða hluti með liðið og vinnur mjög faglega og þekkir auk þess flesta strákana í liðinu þar sem hann þjálfaði þá fyrir nokkrum árum og það þykir mér kostur. Hann þekkir mannskapinn vel og það er góð stemning í hópnunum. Einnig er Geir Sveinsson nokkurs konar ráðgjafi, hann kemur einu sinni í viku á æfingar og er með séræfingar og gefur okkur góð ráð, það er ómetanlegt. Ég er sannfærður um að við eigum eftir að gera góða hluti í vetur. Við ætlum okkur titil í vetur það er ekki spurning og okkur hefur gengið vel í haust og erum þökkalega öruggir að komast í úrslitaleikinn 8 bestu liða landsins og erum komnir í undanúrslit í bikarnum. Við ætl-



Valur tók þátt í æfingamóti í Frakklandi 2001 og spilaði m.a. við Montpellier. Ferðin heppnaðist mjög vel. Í þessari ferð földu tveir strákar ferðatöskurnar fyrir tvo í hópnunum. Þeir sem urðu fyrir þessum hrekk komust að því hverjir höfðu falið töskurnar og þeir hefndu sín rækilega með því að kaupa fisk á fiskmarkaði og koma honum fyrir í ljósi á hótélherberginu þeirra. Smám saman magnaðist upp stæk lykt af fiskinum enda hitaði hann af ljósinu en þeir fundu ekki fiskinn. Þegar lyktin í herberginu var orðin það stæk að menn urðu að halda fyrir nefið þegar gengið var fram hjá herberginu var þeim komið til bjargar en það er ótrúlegt að þeir skyldu geta verið í herberginu, þetta var magnaður hrekkur og rækileg hefnd.

um að gera betur en í fyrra þegar við komumst í undanúrslit, bæði á Íslandsmótinu og í bikar og enduðum í 2. sæti í deildinni, eða fyrir tveimur árum þegar við töpuðum fyrir KA í úrslitaviðureign á Íslandsmótinu eftir 5 æsispennandi leiki.“

– **Hver er galdurinn við að unga út endalaust nýjum og efnilegum leikmönnum?**

„Ég held að ungu strákarnir í Val alist upp við það að hafa sterkar og góðar fyrirmyndir, bæði í meistaraflokki hjá félaginu og ekki síður í sterkum erlendum liðum, það virkar hvetjandi á strákana og þeir leggja gríðarlega mikið á sig til að ná árangri. Því miður fyrir fótboltann hjá Val þá er ekki eins mikið af slíkum fyrirmyndum í seinni tíð, nema í kvennaboltanum, enda koma mjög margar ungar og efnilegar stelpur úr yngri flokkunum í meistaraflokk. Mér finnst gríðarlega mikilvægt að hafa slíkar fyrirmyndir í félaginu. Síðan hefur yfirleitt verið góð þjálfun í yngri flokkunum sem skiptir einnig mjög miklu máli ef árangur á að nást til lengri tíma. Síðan finnst mér mjög mikilvægt að félagið gefur ungum og efnilegum leikmönnum tækifæri að sanna sig í meistaraflokki og þannig hafa þeir öðlast reynslu og sjálfstraust, margir hverjir mjög ungir og stefnan hefur verið að byggja á leikmönnum sem eru aldir upp hjá félaginu með Valshjartað á réttum stað. Mér finnst það vænlegra til árangurs en að kaupa leikmenn í meistaraflokki, þá fá ungu strákarnir ekki tækifæri. Ég held að félögin í landinu séu farin að skilja að það verður að byggja á eigin leikmönnum fyrir framtíðina, ekki er hægt til lengdar að kaupa titla með því að kaupa leikmenn.“

– **Hvernig er stuðningur áhorfenda við handboltann?**

Frey finnst allt of fáir áhorfendur mæta á heimaleiki Vals á Hlíðarenda, það mæta miklu fleiri áhorfendur á fótboltaleiki. Hann vill hvetja stuðningsmenn Vals að mæta betur á völlinn og styðja við bakið á liðinu því stuðningur áhorfenda geti skipt sköpum í leikjum tveggja jafnra liða. Hægt er að kaupa árskort sem gildir á alla heimaleiki í handbolta, bæði karla og kvenna og hvetur Freyr sem flesta að kaupa kort og margir skemmtilegir og mikilvægir leikir séu framundan. „Mér finnst vanta formlegan stuðningsmannaklúbb hjá Val. Ég vil hvetja áhugasama Valsara til að taka af skarið og stofna slíkan klúbb sem hefði það að markmiði að auka stemn-

ingu á heimaleikjum í öllum deildum félagsins. Það eru mjög margir sem halda með Val en eru ekki virkir stuðningsmenn, við viljum auðvitað fá sem flesta á leiki á Hlíðarenda, það gagnast okkur ekki að sitja heima. Stundum yfirgnæfir útiliðið stuðningsmenn Vals á heimaleikjum og það einfaldlega gengur ekki, það er eitthvað sem við verðum að laga. Mér finnst persónulega að stofna ætti einn virkan stuðningsmannaklúbb fyrir Val og þeir sem ganga í hann fái á móti alls konar fríðindi og góðan afslátt á heimaleiki. Það er einfaldlega allt annað að spila fyrir fullu húsi en tómu,“ segir Freyr og talar greinilega af reynslu.

– **Hvernig eru yngri flokkarnir í handbolta?**

„Ég hef verið að þjálfá flesta sömu strákana sem nú eru í 4. flokki frá því þeir voru í 7. flokki, 5 – 6 ár og í hópnunum eru mjög efnilegir strákar sem örugglega eiga eftir að láta að sér kveða í framtíðinni. Ég hef einnig komið að þjálfun margra annarra yngri flokka hjá Val. Ég er mjög ánægður með starfið í yngri flokkunum í handbolta núna, bæði hjá strákum og stelpum. Nú eru t.d. í fyrsta skipti allir yngri flokkarnir í handbolta í eins búningum og það er stíll yfir yngri flokkunum. Mér finnst samt að það mætti leggja enn meiri áherslu á að fjölga iðkendum í handbolta þar sem sumir hóparnir eru ekki nægilega stórir að mínu mati. Handboltinn hefur samt sterka stöðu og efniviðurinn er nægur, þjálfunin er í góðu lagi og öll umgjörð í yngri flokkunum er að batna. Mér finnst vera að koma betri og yngri leikmenn upp í meistaraflokk á undanförunum árum og er það mjög jákvætt. Það þarf að fara reglulega í skólana í hverfinu og hvetja krakkana til að byrja að æfa hjá Val, það skilar sér ef vel er að verki staðið.“

– **Hvaða markmið á félag eins og Valur að setja sér?**

„Valur hefur söguna og hefðina með sér og félagið á alltaf að stefna að því markmiði að vinna titla í öllum deildum. Þetta er toppklúbbur á Íslandi og á að stefna hátt. Mér finnst að Valur eigi alltaf að leggja höfuðáherslu á að vinna öflugt uppbyggingarstarf í yngri flokkunum og byggja meistaraflokkana sem allra mest á heimamönnum. Þannig stefna er að mínu mati heilladrýgst, í stað þess að leggja fjármuni í að kaupa leikmenn í meistaraflokk,“ segir Freyr að lokum af sannfæringu án langrar umhugsunar.



Valsmenn í Frakklandi 2001. Efri röð frá vinstri: Ágúst Jóhannsson aðstoðarþjálfari, Roland Valur Eradze, Dagur Sigursteinsson, Sigfús Sigurðsson, Markús Máni Maute, Einar Gunnarsson, Erlendur Erlendsson, Geir Sveinsson þjálfari og Ómar Ómarsson liðsstjóri. Neðri röð frá vinstri: Bjarki Sigurðsson, Sigurður Eggertsson, Davíð Höskuldsson, Ásbjörn Stefánsson, Snorri Steinn Guðjónsson, Freyr Brynjarsson og Pálmar Pétursson.



Í sigurvímu. Einar Örn Jónsson lyftir Freyr upp í gleði sinni eftir að Valur hafði tryggt sér bikarmeistaratitilinn 1998 á eftirminnilegan hátt eftir framlengingu.

Stuðningur foreldra mikilvægur bæði í námi og íþróttum

Gústaf Gústafsson er leikmaður 10. og 11. flokks í körfubolta

Gústaf er fjórtán ára gamall og hefur æft körfubolta með Val í fimm ár. Hann valdi Vals aðallega af þeirri ástæðu að hann býr í Valshverfinu og einnig að pabbi hans lék með Val á sínum yngri árum.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við körfuboltann?**

„Ég hef fengið ágætan stuðning mest samt frá pabba út af því að hann var sjálfur í íþróttum. Mér finnst stuðningur foreldra mikilvægur hvort sem það er í námi eða íþróttum.“

– **Hvernig gengur ykkur í vetur?**

„Okkur gengur bara vel við erum í A-riðli í 10. og 11. flokki. Í fyrra fórum við í 11. flokki til Svíþjóðar á mót og lentum í 2. sæti í okkar riðli. Hópurinn sem ég æfi með er fínn.“

– **Skemmtileg atvik.**

„Þegar við unnum þrjá leiki í röð á mótinu í Svíþjóð, það var gaman. Og þegar ég, Leifur og Stebbi í 11.

flokki festumst í lyftu á dönsku hóteli eftir mótið í Svíþjóð.“

– **Fyrirmynd í boltanum.**

„Já Shaq sem spilar með Los Angeles Lakers.“

– **Hvað þarf til að ná langt í körfubolta?**

„Það þarf metnað og vilja. Ég þarf að bæta sitt lítið af hverju en samt aðallega fráköstin.“

– **Af hverju körfubolti?**

„Körfubolti er fjölbreytt og skemmtileg íþrótt, ég hef reyndar bara æft körfubolta.“

– **Helstu markmið.**

„Að verða atvinnumaður í körfubolta og ganga vel í lífinu.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Friðrik Friðriksson stofnaði Val 11. maí 1911.“



Munið!
 Flugeldasölu Vals
 um áramótin
www.valur.is

Vinsæll pottur í getraunum 101 er getraunanúmer Vals



Kaffi, kökusneið og getraunaseðill. Ómótstæðilegt og ómissandi á laugardögum.



Helgi Kristjánsson í getraunanevnd Vals aðstoðar Gerði Guðnadóttur fulltrúa ungu kynslóðarinnar að tippa í húspottinum.

Á hverjum laugardegi frá kl. 11.00 – 13.30 er líf og fjör í Valsheimilinu. Þá er húspottur Vals í getraunum í fullum gangi í umsjón getraunanevndar félagsins. Það er fastur punktur í tilverunni hjá mörgum Valsmönnum að tippa og um leið spjalla við félagana yfir kaffibolla.

Þegar Valsblaðið kíkti við á laugardegi seint í nóvember var frekar fátt um manninn þar sem ýmsir harðir Valsarar voru að horfa á Íslandsmót í innanhússknattspyrnu þar sem Valsmenn urðu Íslandsmeistarar í kvennaflokki eftir frækinn 7 – 1 sigur á ÍBV og í 2. sæti í karlaflokki eftir framlengdan úrslitaleik við Völsunga.



Baldur P. Bjarnason fyrrverandi húsvörður lætur sig ekki vanta í húspottinn.

101 er getraunanúmer Vals

Það var létt yfir mannskapnum og mikið spád í hugsanleg úrslit dagsins í ensku knattspyrnunni. Hægt er að taka þátt bæði í enska og ítalska boltanum en að sögn Helga Kristjánssonar sem stóð vaktina fyrir hönd getraunanevndar þennan laugardag þá er enski boltinn alltaf vinsælastur. Helgi sagði að ýmsir hópar tækju þátt í húspotti Vals og fyrir utan þó nokkra vinningsvon þá er þetta mjög góð fjáröflunarleið fyrir félagið. Hann sagði að getraunir hefðu verið drjúg tekjulind fyrir Val árum saman. Hann vildi hvetja alla Valsara að taka þátt í getraunum og muna eftir að merkja getraunaseðilinn með 101, sem er félagsnúmer Vals, hvort sem menn kaupa seðlana í húspottinum eða annars staðar. Auðvitað væri gaman að sjá sem flesta á laugardögum í Valsheimilinu til að spá í leiki dagsins og spjalla um daginn og veginn. Einnig er hægt að horfa á leiki dagsins á stórum sjónvarpsskjá og alltaf er heitt á könnunni. Það er því ekki úr vegi fyrir félagsmenn að líta við á laugardögum og spá í boltann.

Valsblaðið náði tali af fulltrúa fyrir einn stærsta getraunahópinn, Friðjón Guðmundsson var mættur til að tippa þennan laugardag og sagði hann að þeir hefðu

árum saman tekið þátt í getraunum, yfirleitt fyrir nokkra tugi þúsunda kr. í hverri viku. Aðspurður taldi hann að hópurinn hefði ekki tapað á þáttökunni en stóri vinningurinn mætti nú fara að koma. Sagði hann húspottinn vera ómissandi í hverri viku og við það sama var hann farið að spá í leiki dagsins einbeittur á svip.

Í getraunanevnd Vals eru Ragnar Ragnarsson, Helgi Kristjánsson, Árni Gunnar Ragnarsson og Sverrir Guðmundsson og skipta þeir á milli sín vaktinni á laugardögum yfir veturinn.



Friðjón Guðmundsson mættur í húspottinn að vanda, en hann hefur árum saman verið í góðum hópi í getraunum.



Hreinn Snævar Hjartarson

fæddur 20. nóvember 1935 – dáinn 3. janúar 2003

Í byrjun árs lést góður vinur og Valsmaður Hreinn S. Hjartarson eftir stutt en erfið veikindi. Við Hreinn hittumst fyrst ungir drengir hjá Knattspyrnufélaginu Val við æfingar á Egilsgötuvellinum. Þjálfari var Jón Þórarinsson, mikill áhugamaður og góður Valsmaður. Völlurinn var lagður rauðamöl, og fengu margir slæm sár við byltur á vellinum, en gleymdu þeim fljótt í ákafa leiksins. Síðar hófust æfingar á Hlíðarenda og voru aðstæður þar til sóma.

Hreinn var fljótt mjög góður knattspyrnumaður, sterkur og fljótur. Ég var seinni í svifum og það var helst í draumum sem ég bar af öðrum leikmönnum. Við Hreinn fórum með 2. flokki til

Þýskalands 1954 og var sú ferð mjög ánægjuleg og minnisstæð. Hreinn hætti knattspyrnu alltof fljótt, en þjálfaði ungmenni hjá félaginu um tíma, enda sannur Valsmaður. Við Hreinn fórum seinni ár á flesta Valsleiki meistaraflokks og glöddumst innilega yfir sigrum en töpum tókum við illa, kenndum oft um óheppni eða slæmri dómgæslu.

Hreinn starfaði lengst af við logsuðu og járnsmíðar og vann oft langan vinnudag.

Hann giftist Önnu K. Hafsteinsdóttir og eru börn þeirra Arna, Snævar og Vilhjálmur Thomas stjúpsonur. Snævar lék knattspyrnu með Val og náði góðum árangri. Anna lést 1996 eftir erfið veikindi, og varð mikill harmdauði þeim sem

henni kynntust. Síðar kynntist Hreinn Sólbjörtu Kristjánsdóttur, Sólu, og varð þeim báðum mikið gæfuspor.

Sóla reyndist Hreini frábærilega vel í veikindum hans. Árið 1987 hóf Hreinn störf hjá mér í Gúmmíbátáþjónustunni í Reykjavík. Reyndist hann góður starfsmaður. Hans létta lund smitaði frá sér og leið öllum vel í návist hans.

Fallin er frá góður drengur. Nú á kveðjustund þakka ég Hreini fyrir góð störf og vináttu og sendi Sólu, börnum hans og öðrum aðstandendum hlýjar samúðarkveðjur.

Ásgeir Þ. Óskarsson



Þýskalandsfarar Vals í knattspyrnu 1954. Hreinn Snævar er fjórði í efri röð frá vinstri.



Halldór Halldórsson

fæddur 13. apríl 1931 – dáinn 14. nóvember 2003

Árið 1982 vorum við, leikmenn 5. flokks Vals í knattspyrnu, svo heppnir að fá að hefja kynni af Halldóri þjálfara okkar og vini.

Halldór var á sínum yngri árum á meðal bestu knattspyrnumanna landsins, enda lék hann m.a. með íslenska landsliðinu frá 1949 – 1957. Reynslu sinni, þekkingu og færni miðlaði hann rausnarlega og af einlægni til okkar strákanna.

Halldór var fær þjálfari og duglegur. Hann eyddi t.d. dýrmætum tíma sínum í að útvega myndbönd með leikjum frá HM, en árið 1982 krafðist það auðvitað mun meiri fyrirhafnar heldur en í dag, til að við gætum horft á leikina saman og lært af þeim bestu. Stundum bauð hann hópnum heim til sín í veitingar og fótboltaspjall og einnig átti hann það til að hringja heim til leikmanna og ræða við þá og foreldra þeirra. Halldór gekk hart

fram í að verja hagsmuni piltanna sem voru undir hans leiðsögn. Hann sá til þess að við hefðum aðstöðu til að horfa á fyrrnefnd fótboldamyndbönd, kríaði út meiri tíma fyrir okkur til æfinga á grasi heldur en tíðkaðist á þessum árum, þegar yngri flokkar þurftu iðulega að æfa og keppa á malarvöllum enda æfðum við sennilega meira heldur en nokkurt annað lið í þessum aldursflokki. Halldór varð stundum umdeildur á Hlíðarenda vegna vasklegrar framgöngu við að gæta hópsins, en hann naut alltaf virðingar. Árangur af starfinu lét ekki á sér standa, því undir stjórn Halldórs sigraði 5. flokkur Vals á Íslandsmótinu 1982 og aftur 1983.

En umfram dugnaðinn og ofar hinum tæknilega þætti þjálfunarinnar, var hann sérlega ötull við að byggja upp sjálfs-traust okkar og karakter, hrósaði leikmönnum óspart og sú gagnrýni sem frá

honum kom var jákvæð og uppbyggileg. Hann lagði einnig ætíð áherslu á að þótt við værum vissir um eigin getu til að sigra alla okkar mótherja, ættum við alltaf að sýna þeim fyllstu virðingu. Halldór vann þannig í góðu samræmi við fræg einkunnarorð Séra Friðriks Friðrikssonar *Látið kappið aldrei bera fegurðina ofurliði.*

Þjálfun ungs íþróttafólks felur í sér mikla ábyrgð. Halldór hafði jákvæð áhrif á líf okkar. Við litum upp til hans þá og við litum upp til hans nú. Í minningu okkar er Halldór Halldórsson tákn alls hins besta sem einkennt getur íþróttaiðkun og – þjálfun.

*Aðstandendur Halldórs eiga samúð okkar
Lærisveinar Halldórs í Val*



Guðrún Helga Arnardóttir

fædd 15. júlí 1965 – dain 8. maí 2003

Elskuleg vinkona er látin

Það er deginum ljósara að Guðrúnu Helgu var ætlað eitthvað mikið og stórt verkefni fyrir handan, sem kemur okkur ekki á óvart, mestmegnis vegna hæfileika hennar til að miðla til okkar hinna endalausum fróðleiksmolum um lífið og tilveruna. Okkur fannst hún vera okkur fremri, svo þroskuð sál í glæsilegum líkama. Ef eitthvað bjátaði á var hún fyrst á staðinn, „best í áföllum“ enda hafði töluvert gengið á í hennar lífi. Guðrún var óhrædd að grípa inn í aðstæður, beðin

eða óbeðin. Hún var yndislegust og „bestust“ og þannig mun minningin lifa áfram í hugum okkar. Nú þurfum við heldur betur að taka okkur á og munum gera það því það var Guðrún sem kallaði okkur saman, skipulagði og framkvæmdi, hélt okkur saman eins og stórrí fjölskyldu. Það var akkúrat þannig sem hún vildi hafa það, ein stór hamingjusöm fjölskylda.

Það er ljóst að við verðum að sætta okkur við að elskeg vinkona okkar er farin úr þessum heimi en vissulega væri gaman ef við fengjum eina undanþágu

hjá Guði og gætum hringt í hana og sagt henni enn og aftur að okkur þykir vænt um hana fyrir „allan peninginn.“

Við þökkum fyrir öll endalaus boðin, fyrir góðu ráðin, þökkum fyrir stuðninginn, þökkum fyrir allt og allt.

Elsku Geiri, Arnar Sveinn og Ragnheiður Katrín Rós, Guð styrki ykkur í þessum harmi, missir ykkar er mikill, meiri en orð fá lýst. Við erum hér fyrir ykkur, alltaf.

Helga, Júlíus, Kristín og Valdimar

Undirritun framkvæmda- samnings um uppbyggingu



Framkvæmdasamningur um uppbyggingu á íþróttamannvirkjum á Hlíðarenda undirritaður í Valsheimilinu 17. des. 2003. Frá vinstri: Anna Kristinsdóttir formaður ÍTR, Þórólfur Árnason borgarstjóri, Grímur Sæmundsen formaður Vals og Hörður Gunnarsson varaformaður. Borgarráð hafði áður samþykkt samninginn samhljóða á fundi 16. desember. Samningurinn er gríðalega mikilvægur fyrir alla uppbyggingu íþróttasvæðisins á Hlíðarenda.



Kampakátir forystumenn Vals með borgarstjóra að lokinni undirritun framkvæmdasamningsins. Í samningnum er m.a. gert ráð fyrir framkvæmdum við nýtt íþróttahús, búningssklefa, tengibyggingar, knattspyrnuvelli og æfingssvæði. Þá er um það samið að Reykjavíkurborg muni annast gerð gervigrasvallar á félagssvæði Vals og skal þeirri framkvæmd lokið fyrir árslok 2007. Frá vinstri: Hörður Gunnarsson, Þórólfur Árnason, Grímur Sæmundsen og Reynir Vignir fyrrverandi formaður Vals.

VALSSÖNGVAR

Sigurvegarar

Sigurvegarar, sigurvegarar,
við erum sigur..., sigurvegarar
Sigurvegarar, sigurvegarar við erum
sigurvegararnir hér.

Á Íslandsmótinu, á Íslandsmótinu,
á Íslandsmót..., á Íslandsmótinu
Á Íslandsmótinu, á Íslandsmótinu,
í úrslitin við ætlum alla leið.

Í Valstreyjum

Texti: Sæunn Sif Heiðarsdóttir 5. flokki
kvenna í knattspyrnu, við lag úr Litlu haf-
meyjunni. Samið sumarið 2003 í tengslum
við þæjumót á Siglufirði.

Hjá Val er sífelld sæla
ég segi og skrifa það
við skorum svo mörg já mörkin
að það þarf að skrifa á blað
við höldum svo alltaf áfram
og gefumst því aldeil upp.
Ég segi þér Valur rokkar
það þarf ekki að sanna það.

Ó JÁ!

Í Valstreyjum, í Valstreyjum
það er svo gaman – spilum já saman
skorum svo mörk
það vilja allir vera í Val
því að það er svo gaman þar
við erum þar, við verðum þar – alltaf í Val

Það búa litlir dvergar í Sleggjubeinsdal

Það búa litlir dvergar í Sleggjubeinsdal.
Þeir fluttu allir í bæinn sem gengu í Val.
– Þú skalt í Val, þú skalt í Val, þú skalt í
Val, þú skalt í Val.
Og þannig varð hún til þessi risasókn í Val.

Það búa litlir dvergar í Sleggjubeinsdal.
Þeir fluttu allir í bæinn sem gengu í Val.
– Þú skalt í Val, þú skalt í Val, þú skalt í
Val, þú skalt í Val.
Og þannig varð hún til þessi risavörn í Val...

„Þetta vegur þungt“



**ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN**

Nú er það ljóst að Olis nýtur meistar ánægju meðal almennings af stærstu fyrirtækjunum í dagvöruverslun á Íslandi samkvæmt ítarlegri könnun IMG Gallup. Við þökkum viðskiptavinum okkar þetta traust.

Af þeim 25 fyrirtækjum sem mæld voru á Íslensku ánægjuvuginni varð OLÍS í 1. sæti í flokki smásöluvyrirtækja (olíufélög og stórverslanir í dagvöru) fyrir árið 2002. Það eru Stjórnvísir, Samtök iðnaðarins og IMG Gallup sem standa að þessari mælingu.

olis

ÞÚ FINNUR MUNINN



Við erum öðruvísi af því að þið eruð öðruvísi

Við erum hvert með okkar svip. Að baki hverju andliti er saga sem er ólík öðrum. Einmitt þess vegna steypum við ekki alla í sama mótið, heldur röðum saman tryggingum í TM-ÖRYGGI sérstaklega fyrir þig.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar, segðu þeim frá þínu lífi og þeir setja saman með þér TM-ÖRYGGI sem hentar þér.

Boris Bjarni Akbachev

Sjötugur

Þann 12. júlí 2003 átti merkur maður afmæli. Hann heitir Boris Bjarni Akbachev og varð sjötugur ásamt því að eiga 50 ára starfsafmæli. Veisla honum til heiðurs var haldin í hátíðarsal Vals að Hlíðarenda sama dag en Boris er nánast goðsagnarpersóna í handboltaheiminum.

Boris Bjarni Akbachev kom fyrst sem þjálfari til Íslands árið 1980 og tók við liði meistaraflokks Vals í handknattleik og réðst kannski ekki á garðinn þar sem hann var lægstur heldur tók við hinni rómuðu „mulningsvél“ sem kannski var aðeins farin að hiksta, enda margir leikmenn komnir af léttasta skeiði. Það má reyndar segja að þessi tími hjá „kallinum“, eins og hann er oft nefndur, hafi ekki verið neinn dans á rósum, því eftir tæp 3 ár, ákvað hann að breyta til og halda aftur til Rússlands. En Boris hafði samt sem áður ekki setið aðgerðarlaus hér á landi, heldur ákvað hann strax á fyrsta ári að kalla unga piltu upp úr 3. flokki, Geir Sveinsson, Valdimar Grímsson, Júlíus Jónasson og Jakob Sigurðsson svo einhverjir séu nefndir og leyfa þeim að æfa með meistaraflokki sem og þeir gerðu. Þessi ákvörðun Borisar sem og leiðsögn hans hafði mikil áhrif á handboltaferil þeirra.

Boris hefur víða skilið eftir sig spor

Árið 1989 kom svo Boris aftur til Íslands og hefur hann verið hér síðan að þjálfra og leiðbeina yngri flokkum karla og kvenna ásamt meistaraflokkum nokkurra liða, svo sem hjá Breiðablik, ÍBV, Val og nú síðast Haukum, ásamt því að hafa farið út árið 1994 í eitt ár til Ísrael til að taka við einu af bestu liðunum þar, Haboel. Ekki má heldur gleyma því að Boris var ráðinn aðstoðarmaður Þorbjörns Jenssonar hjá landsliði Íslands árið 1995 og tók þátt í því að liðið náði 5. sæti á HM í Kumamoto 1997. Það var



Glæsileg terta! Boris hló mikið þegar hann átti að skera sjálfan sig.

því ekki skýtið að Boris skyldi fá margar þakkarræður frá handknattleiksdeildum félaganna og einstaklingum á afmælisdegi sínum.

Sæmdur gullmerki Vals og silfurmerki HSÍ í fjölmennri afmælisveislu

Það sem stóð upp úr var það að Boris var sæmdur gullmerki Vals og einnig silfurmerki HSÍ fyrir framlag sitt til handboltans hér á landi, sem hann var mjög hræður yfir. Í veislunni var margt um manninn, frá félögum á Íslandi og Rússlandi sem og vinir og vandamenn sem Boris og fjölskylda hefur kynnst hér á landi. Íþróttamaður ársins 2002, Ólafur Stefánsson, lét sjá sig ásamt öðrum landsliðsmönnum, bæði karla og kvenna. Einnig var mikið um unga handboltamenn og konur sem Boris hefur komið nálægt á síðustu árum og margir úr þeim hópi eru þegar farnir að spila með landsliðinu og aðrir farnir að banka á dyrnar. Rússarnir sáu svo um að fjörið héldi eitthvað áfram fram eftir kvöldi eins og þeim einum er lagið.



Boris Bjarni Akbachev á afmælisdaginn.



Haraldur Daði Ragnarsson, formaður hanknattleiksdeildar Vals og Hörður Gunnarsson, varaformaður Vals veita hér Boris Bjarna gullmerki Vals.



Íslensk **AEG** þvottavél og þurrkari, fullkomið par !

AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

Lavamat 74639 ÍSLAND

Íslenskt stjórnborð • Taumagn: 5 kg • Vinduhraði: 1400/1200/900/700/400 snúningar á mín. • Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • "ÓKO-System" sparar allt að 20% sápu • Þvottahæfni: A • Þeytivinduafköst: B • Orkuflokkur: A • Mjög hljóðlát • Jafnar tau í tromlu fyrir vindingu • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • 24 þvottakerfi ásamt sparnaðarkerfi • Ullarkerfi • "Bio-kerfi" • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann.

AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði

Lavatherm 57520 ÍSLAND

Íslenskt stjórnborð • Taumagn: 5 kg • Tvö hitastig • Mjög lágvær • Hægt er að stilla fram í tímann 3, 6 eða 9 klst. • Klukkurofi: 20 eða 40 mínútur • Níu mismunandi þurrkstig • Rakaskynjari sýnir þurrkstigið í tauinu • Krumpuvörn Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun • Ljós í tromlu • Minnir á að þurrkun sé lokið • Hurðarop 36 sm

Notendahandbók á íslensku með þvottavél og þurrkara

VISA-EURO
LÉTTGREIÐSLUR
Í PRJÁ MÁNUÐI
HJÁ ORMSSON

B R Æ Ð U R N I R

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800

Fjöldi annara vörutegunda
á heimsíðunni; www.ormsson.is

Ekkert smá góður hópur í körfunni

Jóhann Birkir Guðmundsson er leikmaður 11. flokks í körfubolta

Jóhann er 16 ára gamall og hefur æft körfubolta með Val síðan í 7. bekk. Hann byrjaði að æfa með Val þar sem styst er að fara á æfingar í körfubolta en hann segist reyndar búa í Framhverfinu.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við körfuboltann?**

„Besti stuðningurinn sem foreldrar manns geta veitt manni er sá að borga æfingagjöldin og vera jákvæð yfir því að maður er í íþróttum og þennan stuðning hef ég akkúrat fengið frá foreldrum mínum.“

– **Hvernig gengur ykkur í vetur?**

„Í vetur hefur okkur gengið bara frekar vel, við erum búnir að keppa í tveimur túrningum. Við töpuðum úrslitaleiknum í þeirri fyrstu á móti ÍA með *buzzer* sem var algjör skandall, en ég ætla ekki nánar út í það atvik. Seinni túrningin gekk bara mjög vel, við unnum alla leikina frekar stórt og komumst því upp í A-liðið þar sem við eigum heima en það kemur bara í ljós hvernig það fer í febrúar, en ég er mjög bjartsýnn. Okkur hefur gengið svona upp og ofan en ég tel að núna sé liðið að taka sem mestum framförum og því verður gaman að sjá hvernig okkur gengur. Hópurinn sem ég æfi með er ekkert smá góður, við erum flestir saman í MH og við að vera svona mikið saman þá batnar liðsandinn mjög mikið.“

– **Skemmtileg atvik.**

„Það eru svo mörg skemmtileg atvik búin að gerast og sum þeirra í búningaklefanum, en það sem gerist þar fer ekki út úr honum.“

– **Hvað þarf til að ná langt í körfubolta?**

„Það er alltaf sama formúlan fyrir því hvernig á að ná langt, bara æfa vel og taka á því! Vera þolinmóður og forgangsraða hlutunum rétt, karfan nr. 1 ásamt skólanum. Það er svo margt sem ég þarf að bæta en það er eitt sem ég get ekkert gert í, það er hversu lítill ég er.“ :)

– **Hvers vegna körfubolti?**

„Ég byrjaði að æfa körfubolta því vinur minn fékk mig til að koma á eina æfingu og þá var hann Gústi að þjálfra og eftir eina æfingu hjá honum þá var bara ekki aftur snúið. Ég reyndi einu sinni fyrir mér í fótbolta með Fram þegar ég var lítill og ég kommt í A-liðið, en það var ekki vegna hæfileika, heldur vegna hversu hratt ég hljóp, annars gat ég ekki neitt!“


– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar körfubolta?**

„Framtíðardraumar mínir sem tengjast körfunni eru þeir að fá að spila í meistaraflokki Vals, en í lífinu er bara að klára skóla og helst að komast í nám til útlanda og bara spila körfu þangað til ég hætti.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Já, þú meinar, stofnandi Vals...“

Það var prestur og hann stofnaði Val áður en ég fæddist, held árið 1911 í maí mánuði, ég ætla að giska á 9. maí.“





ski-doo

ÁRSINS SLEÐAR Í SKANDINAVÍU OG BANDARÍKJUNUM



Ski-doo eru ekki bara mest seldu vélsleðar á Íslandi. Heldur í heiminum öllum. Og fagtmárit keppast við að hlaða Ski-doo sleðana lofi: **SnowGoer** valdi **MX Z** sleða ársins 2004 í Bandaríkjunum og víðlesnasta vélsleðatímari Skandinavíu valdi **Summit** sleða ársins 2004.



Tilviljun? Varla.

GÍSLI JÓNSSON ehf

Bíldshöfða 14 • Sími 587 6644

Flugeldasala Vals að Hlíðarenda!

Að þessu sinni standa allar deildir Vals að flugeldasölu og verður hagnaðurinn notaður til endurnýjunnar á tækjum í tækjasal félagsins, sem mun nýtast öllum iðkendum Vals.

Flugeldasalan er opin frá:

29. desember frá kl. 14.00–22.00

30. desember frá kl. 14.00–22.00

31. desember frá kl. 09.00–16.00

Valsmenn verslum áramótaflugeldana á Hlíðarenda og gerum þannig gott starf en betra.



ÞAÐ HEFUR KOMIÐ Æ BETUR Í LJÓS Á SÍÐUSTU MISSERUM AÐ CARNEGIE-SJÓÐIRNIR ERU AFAR TRAUSTUR FJÁRFESTINGARKOSTUR – JAFNVEL ÞÓTT MARKAÐSADSTÆÐUR SÉU ÓVENJULEGAR OG ERFIÐAR.

CARNEGIE ER EITT AF STÆRSTU VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJUM NORÐURLANDA OG ANNAST FJÁRMÁLAVIÐSKIPTI Á ALPJÓÐAVÍSU. AUK SKRIFSTOFANNA Á NORÐURLÖNDUM REKUR FYRIRTÆKIÐ SKRIFSTOFUR Í LONDON OG NEW YORK ÁSAMT BANKA Í LÚXEMBOURG.

SJÁÐU HAG ÞÍNUM BORGIÐ

KYNNTU ÞÉR KOSTINA – FYRIRFRAM!

Í BOÐI ERU FJÖLMARGIR SJÓÐIR MEÐ MISMUNANDI FJÁRFESTINGARSTEFNUR. HAFÐU SAMBAND VIÐ RÁÐGJAFNA VERÐBRÉFASTOFUNNAR SEM MUNU KYNNA FYRIR ÞÉR ÞÁ KOSTI SEM Í BOÐI ERU.


VERÐBRÉFASTOFAN

Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, sími 570 1200, www.vbs.is



HVÍTA HÚSID / SÍA

Bláa Lónið – verslun í Reykjavík

Fjölbreytt úrval af Blue Lagoon vörum í
nýrri og glæsilegri verslun í Ingólfsnausti
við Aðalstræti 2, Reykjavík.



Falleg gjafakort
einnig fáanleg



lagoon@bluelagoon.is • www.bluelagoon.is • 420 8800

Mér finnst mínir gallar ekki skemmtilegir

Kristín Ýr Bjarnadóttir meistaraflokki kvenna í knattspyrnu

Fæðingardagur og ár: 1. febrúar 1984.

Nám: Er á íþróttabraut í FB.

Kærasti: Neibb.

Hvað ætlar þú að verða: Ég er ekki alveg búin að gera upp hug minn, mig langar að verða lögga, kannski heimsfræg poppstjarna eða fótboldastjarna. Þetta verður bara að koma í ljós með tímanum.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Mér dettur helst í hug starfsmaður í pínu, pínu litlu úrabúðinni í Kringlunni, ská á móti X. Ég held bara að ég hafi aldrei séð neinn versla þar.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Hún segir: Björt framtíð birtist strax hjá ellefta merki dýrahingsins. Kristín Ýr, þú ættir að spila sem framherji á komandi tímabili þar sem að þú átt eftir að setja ófá mörkin í sumar með því að FLIKKA boltanum í markið! Liðið þitt gerir sig mjög líklegt til að klífa tind A ásamt auðvitað tind B. Maður verður bara að lesa þetta með opnu hugafari, það er ekki eins og að ég semji mína eigin stjörnuþá! :)

Af hverju fótbolli: Tjahh, fólk vill nú meina að ég eigi ekki framtíðina fyrir mér í handboltanum, ég er alls ekki sammála því! Ég þyrfti kannski bara að læra reglurnar og þá gætum við farið að tala saman! Svo var bróðir minn líka í fótbolta á sínum yngri árum, hann var þá fyrirmyndin sko... í þá daga.

Skemmtilegustu mistök: Ég var eitt sinn að keppa á Hlíðarenda og völlumurinn var rosalega blautur. Ég hljóp upp vinstri kantinn og allt í einu er kippt undan mér löppunum! Ég varð alveg tjúlluð og sat niðri í svona 60 sek. Loks stóð ég upp og ætlaði sko að sýna þeim leikmanni sem tæklaði mig hvar Davíð keypti ölið! En ég sá ekki leikmann nær en í 15 metra fjarlægð.....hlægjandi ásamt öllum leikmönnum inni á vellinum. Ég komst að því að ég hafði bara flogið á hausinn sjálf. Ég kaupí það reyndar ekki enn!

Stærsta stundin: Hún er ekki enn runnin upp en það er ekki langt í það vona ég.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Laufey Jóhannsdóttir klárlega.

Hún leynir rosalega á sér stelpa, hún kemur manni sífellt skemmtilega á óvart!

Hver á ljótasta bílinn: Pála! Það er eins og að hún og fjölskylda hennar séu bara að safna ljótum bílum! En Rauða Eldingin slær öllu við, það er ekki víst að þið sjáið hana í umferðinni en ef þið sjáið putta út um glugga og einhverja brjálada gellu öskra Halló ég er hérna sko!! Þá eru 99% líkur á að það sé Pála á Rauðu Eldingunni!

Þinn húmor: Dumb and dumber!

Flygustu orð: Hlauptu hlunkur!

Mottó: Það er alltaf hægt að gera betur.

Fyrirmynd í boltanum: Laufey Ólafsdóttir. Og auðvitað Eiður Smári!

Leyndasti draumur: Hann væri nú ekki mjög leyndur ef ég myndi bara uppljóstra honum hér í beinni útsendingu!

Hvernig líður þér best: Þegar ég uppsker árangur þess sem ég sái.

Hvaða setningu notarðu oftast: Afsakið hvað ég kem seint, ég svaf yfir mig.

Skemmtulegustu gallarnir: Mér finnst mínir gallar ekki skemmtilegir.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: Vá hvað þú átt flottan bíl!

Fullkomið laugardagskvöld: Það er þegar bikarúrslitaleikurinn er að deginum til og við verðum bikarmeistarar og Sálín er að spila á Broadway um kvöldið. Þetta er kvöld sem ætti hreinlega ekki að geta klikkað!

Hvaða flík þykir þér vænst um: Níjuna.

Besti söngvari: Ég fæ ekki leið á rödd Stefáns Hilmarrssonar en Lauryn Hill er besti texta- og lagasmiðurinn. Reyndar er Jónsi í hljómsveitinni Í svörtum fötum búinn að vera mikið í eyrum mínum

þessa dagana, hann er snillingur í einu orði sagt!

Besta hljómsveit: Sálín hefur alla tíð átt hjarta mitt í þeim málum en Í Svörtum fötum eru að skora feitt þessa dagana, því er ekki að neita.

Besta lag: Hugsaðu til mín ef þú mátt, ú je hafðu mig í draumum þínum dag sem dimma nátt. (fyrir þá sem ekki vita er þetta lagið *Dag sem dimma nátt* með Í svörtum fötum og textinn eftir Stefán Hilmarrson, ekki við öðru en góðu lagi að búast).

Uppáhaldsvefsíða: www.fb.is að morgni til og það stendur að kennararnir í fyrstu tímunum mínum séu veikir.

Eftir hverju sérðu mest: Ég sé ekki eftir neinu sem ég man eftir, enda á maður ekki að lifa í fortíðinni.

4 orð um Elísabetu Þjálfara: Eitt orð segir allt sem segja þarf: RESPECT.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Ég myndi gera samning við Adidas og reyna að gera mitt besta til að vera félaginu til sóma.



Eitunefni í Sigarettuneyk

Í tóbaksreyk eru meira en 4000 efnasambönd, þar af yfir 40 sem geta valdið krabbameini.



BLÁSÝRA
Banvænt eitur.
Var notað í fanga-
búðum nasista.



KVEIKJARABENSÍN

BRENNISTEINSVETNI
Mjög eitrað við
innöndun.



ROTTUEITUR



PÓLÓNÍUM 210
Mjög geislavirkt
og getur valdið
krabbameini.



ASETON
til að hreinsa
naglalakk.



AMMONÍAK
Mest notað til að
hreinsa klósett.



ELDFLAUGAELDSNEYTI



KOLMÓNOXÍÐ
Eitrað við innöndun.
Hætta á alvarlegu
heilsutjóni við inn-
öndun við langvarandi
notkun. Getur skaðað
barn í móðurkviði.



SKORDÝRAEITUR

NIKÓTÍN
Eitrað við inntöku.
Einn dropi drepur
mús.



Hægt er að nálgast áhugavert efni um tóbak og tóbaksvarnir á heimasíðu
Tóbaksvarnanefndar, www.reyklaus.is – en þar er sömuleiðis að finna slóðir
margra áhugaverðra aðila sem láta sig tóbaksmál varða.

www.reyklaus.is



Valur,
Siemens,
Smith og Norland:
**sterkir
saman!**

Gigaset S100

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

Upplifðu Idol með Coke

Taktu þátt í skemmtilegum SMS leik



Þú gætir unnið 42" Panasonic plasmaskjá og heimabíó með DVD, VIP miða á Idol með máltíð á Friday's og fullt af öðrum glæsilegum vinningum.

Coca-Cola

